

**TÍMAVÉLIN**  
**Byrtaði bróður**  
**sínum rottueitur**  
 ■ Síðasti dauðadómurinn

15. MARS 2019 / 11. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

**MMA-kappi**  
**kinnbeinsbraut**  
**ballgest** ■ Keppir erlendis í apríl

**DNV**



**ÁSTIN Á TÍMUM**  
**KAUPMÁLANNA**

**María Rut og Ingileif**  
**Áföllin,**  
**fordómarnir**  
**og ástin**  
 ■ Kynferðisofbeldi stjúpfoður ■ Greindist með flogaveiki ■ Annað barn á leiðinni

**PATREKUR**  
**STOFNAÐI**  
**FYRIRTÆKI**  
**18 ÁRA**  
 ■ Hálfur milljarður í ársveltu

**Sigurður P. Ragnarsson**  
**389113**  
**YFIRHEYRSLAN**

**ÓTRÚLEGAR UPPÁ-**  
**KOMUR Í ÞINGSAL**

**„Glæpamenn við völd í Venesúela“**  
 ■ Vegabréfið tekið af Carynu ■ Kennir jóga og súmba á Íslandi

**RÁÐGÁTAN UM**  
**DJÚPSTEIKTU**  
**PYLSUNA**

**Margar gerðir af**  
**FARANGURSBOXUM**

**Dráttarbeisli**  
 undir flestar tegundir bíla  
**VÍKURVAGNAR**  
 Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



**Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara**



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



**Webasto**  
 Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



### Síðustu orðin

„Allar eigur mínar fyrir eitt stutt andartak“

– Elísabet I. Englandsdrottning (1533–1603)

### Á þessum degi, 15. mars




**44 f.kr.** – Júlíus Sesar, keisari Rómaveldisins, er stunginn til bana af Marcus Junius Brutus, Gaius Cassius Longinus, Decimus Junius Brutus og nokkrum öðrum meðlimum öldungaráðsins.



**1493** – Kristófer Kólmundur kemur til Spánnar að lokinni fyrstu för sinni til Ameríku.



**1877** – Fyrsti opinberi kriketteikurinn fer fram. Ástralía keppir við England á MCG-leikvanginum í Melbourne í Ástralíu.



**1985** – Fyrsta internetlénið er skráð – symbolics.com.



**1990** – Mikhaíl Gorbachev er kjörinn fyrsti forseti Sovétríkjanna.

# MMA-BARDAGAKAPPI HANDTEKINN VEGNA ALVARLEGRAR LÍKAMSÁRÁSAR

■ Á að baki nokkra áhugamannabardaga erlendis  
■ Stígur aftur í hringinn í apríl

**M**MA-bardagakappi var handtekinn fyrir alvarlega líkamsárás um síðustu helgi. Árásin átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn SPOT í Kópavogi og var árásarmaðurinn handtekinn á vettvangi. Fjöldmörg vitni voru að árásinni og hlaut fórnarlambið margvíslega áverka. Árásarmaðurinn á nokkra bardaga að baki erlendis sem áhugamaður í MMA.

### Fjöldmörg vitni að árásinni

Árásin átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 10. mars síðastliðinn við skemmtistaðinn SPOT í Kópavogi, eins og áður segir. Þá voru gestir að streyma út af fjölmennu balli þar sem landspektir listamenn, eins og Páll Óskar og Jói Pé og Króli tróðu upp. Samkvæmt heimildum DV var árásin tilefnislaus með öllu en árásarmaðurinn réðst til atlögu í reykrými beint fyrir utan skemmtistaðinn. Hann lét högginn dynja á fórnarlambinu og hlaut sá margvíslega áverka, meðal annars kjálka- og kinnbeinsbrot. Fjöldmörg vitni voru að árásinni og var þeim verulega brugðið.



Árásin átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn SPOT í Kópavogi

### Mun berjast á Bretlands-eyjum í apríl

Lögreglan var kölluð á vettvang rétt fyrir fjögur og var bardagakappinn handtekinn á vettvangi. Hann var látinn dúsa í fangageymslu lögreglu þar til daginn eftir og þá var tekin af honum skýrsla. Reiknað er með að hann verði ákærður fyrir alvarlega líkamsárás á næstunni og gæti átt yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsi.

Umræddur bardagakappi á að baki nokkra bardaga í blönduðum bardagaþróttum á erlendri grundu. Árangurinn hans hefur verið með ágætum hingað til og er ráðgert að hann muni aftur stíga í hringinn í Bretlandseyjum um miðjan apríl.

DV hefur þó heimildir því að hann sé ekki vel liðinn innan MMA-samfélagsins á Íslandi og hafi átt þar í ítrekuðum útistöðum við aðra iðkendur. Meðal annars fyrir hrottafengna framgöngu. Þannig æfir umræddur einstaklingur á eigin vegum og er ekki innan vébanda hinna þriggja bardagafélaga á höfuðborgarsvæðinu, Mjöltnis, RVK MMA og VBC MMA íþróttafélags. ■

## 5 sem hefðu getað tekið við sem dómsmálaráðherra

Sigríður Andersen sagði af sér embætti dómsmálaráðherra vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í vikunni. Dómar Landsréttar eru í uppnámi og málið hefur valdið Íslendingum niðurlægingu á alþjóðavísu. Við embættinu tók Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavíkur sem nú þegar gegnir glás af ráðherraembættum. Hér eru fimm einstaklingar sem hefðu getað tekið við lyklunum að dómsmálaráðuneytinu.

### Brynjar Níelsson

Brynjar hefur langað í ráðherraembætti lengi og dómsmálaráðuneytið myndi henta honum vel. Reyndar var Arnfríður Einarsdóttir, eiginkona hans, einn af þeim dómurum sem Sigríður skipaði í Landsrétt. En hei, þetta er Ísland.



### Birgir Ármannsson

Birgir hefur setið á Alþingi síðan árið 2003. Sama ár og Iraksstríðið hófst, Finding Nemo var frumsýnd og mannkynið lærði að temja eldinn. Aldrei hefur hann komið til greina í ráðherrastól sem er vandræðalegt fyrir bæði hann og flokkinn. Nú hefði verið lag að leiðrétta það.



### Jón Gunnarsson

Jón fór í rokna fýlu þegar samgönguráðuneytið var tekið af honum. Brást hann við með því að ögra eftirmanni sínum, Sigurði Inga, með veg-tollahugmynd sinni. Hægt hefði verið að fríða Jón með dómsmálaráðuneytinu.

### Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Vilhjálmur var maðurinn sem fór með Landsréttarmálið til Mannréttindadómstólsins og kom þar með upp um ráðherra. Ef ríkisstjórnin hefði það í sér að sýna iðrun væri tilvalin og tákna-ræn yfirbót að bjóða Vilhjálmur sjálfum að taka að sér embættið sem utanþingsráðherra.





Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og Helgi Már Valdimarsson rafiðnfræðingur að störfum.

# **RAFMENNT** er máttur

**RAFMENNT** - fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistarskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

**RAFMENNT** varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

**Rafiðnaðarsamband Íslands** og **Samtök rafverktaka** eiga og reka **RAFMENNT** í sameiningu.



**RAFMENNT**  
fræðslusetur rafiðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160

## Hver er hann?



■ Sonur Stefáns Jónssonar, þingmanns og rithöfundar.

■ Var prófessor við Harvard-háskóla árin 1993 til 1997.

■ Ræktar hross.

■ Er taugalæknir.

■ Forstjóri fyrirtækis í heilbrigðisgeiranum.

SVAR: KARI STEFÁNSSON

## Það er staðreynd að...



Eini sjáanlegi vöðvi líkamans er tungan.



Coulrophobia er fræðiheitið yfir ofsahræðslu við trúða.



Svin geta ekki horft upp til himins.



Árið 1985 var algengasti giftingaraldur Íslendinga 20–24 ára, nú er hann 30–34 ára.



Réttur Cachupa á Grænhöfðaeyjum minnir mjög á kjötsúpu og framburðurinn svipaður.

# YFIRHEYRSLAN

**Sigurður** var einn ástsælasti veðurfréttamaður landsins og gengur gjarnan undir viðurnefninu Siggí stormur. Á síðasta ári söðlaði hann um og komst í bæjarstjórn Hafnarfjarðar fyrir Miðflokkinn. DV tók Sigurð í yfirheyrslu.

### Hjúskaparstaða og börn?

Eingiftur og við hjónin eigum þrjá stráka. Ég kann ekki að búa til stelpur.

### Fyrsta atvinnan?

Það var verkamannavinna hjá Álverinu í Straumsvík. Ég var þar nokkur sumur.

### Hefur þú æft einhverja íþrótt?

Ég er sérstakur áhugamaður um gamla bíla. Er það ekki bifreiðaiþrótt? Hef skotið handbolta, fyrir svona 35 árum eða svo, en hitti ekki á markid.

### Uppáhaldshljómseit?

Brimkló, Ríó Trío, Spilverk þjóðanna, Savannatríóid og fleira í þeim dúr.

### Hvort er skemmtilegra, veðurfræði eða pólitík?

Ég var svo heppinn að hafa í háskólanámi mínu blandað saman jarðvísindum og veðurfræði og hef því mjög næringarríka sýn á náttúruna hvar sem ég er og það ótrúlega skemmtilegt, eiginlega ólýsanlega skemmtilegt. Pólitíkin er líka skemmtileg. Gaman að geta haft bein áhrif á hvernig samfélagið sem maður býr í þróast áfram. Pólitíkin er samt heldur þyngri, svona almennt séð.

### Uppáhalds-sjónvarps-efni?

Þættir sem sýna náttúru Íslands samtvinnaða við lífið í landinu. Náttúruvísindabættir af ýmsum toga. Þar á eftir kemur fréttatengt efni.

### Trúir þú á guð?

Ég gerði það afdráttarlaust sem krakki, en með árunum hefur sú trú dvínað allsvakalega. Ég þarf greinilega að fá einhverja vitjun svo snúa megli þessu við.

### Hvort heldur þú með Tomma eða Jenna?

Kettir geta verið yndislegir. Mýs síður. Þannig að ég segi Tommi.

### Mannkostir þínir?

Ég er mikill fjölskyldumaður og vil helst að fjölskyldan sé sem mest saman. Held að það megi flokka það sem mannkosti.

### En lestir?

Ég get orðið fjárir reidur ef mér misbýður. Það gerist sjaldan sem betur fer.

### Klukkan hvað vaknar þú á morgnana?

Það er mjög misjafnt. Virka daga um klukkan 7.30 til 9.00. Um helgar sef ég lengur. Var A-maður framan af ævi en myndi flokkast B-maður í dag.

### Besta ráð sem þú hefur fengið?

Það var ráð frá föður mínum að byrja aldrei að reykja. Ég er ævinlega þakklátur fyrir það. Mörg ráð sem hann hefur gefið mér hafa reynst heilladrjúg. Svo er konan mín enn að ala mig upp og gefa mér góð ráð. Til dæmis að þvo buxur á röngunni. Þúinn að

ná því. Þvo það karíð eftir notkun. Þúinn að ná því.

### Fyrsta utanlandsferðin?

Til Noregs með Sígga afa og Borgu ömmu. Afi var skipstjóri á milliandaskipum og ég þjakkurinn fékk að fara með. Það var Bodø í Noregi sjö ára gamall.

### Hvort kanntu betur við þig í hæð eða lægð?

Þetta tengi ég nú við veðurfræðina frekar en geðslag. Hæðin er miklu miklu betri. Miklu betra veður, sólríkara og þurrara. Ég vil fleiri hæðir í mitt líf.

### Fyrsti bíllinn?

Ford Cortina, árgerð 1976, kremgul. Verst þegar ég lenti í því að halda á gírstönginni í höndinni á ljósastrýðum gatnamótum í töluverðri umferð. Neyðarlegt. Gott að vera ekki Siggí stormur þá.

### Hvaða leikari mundi leika þig í kvikmynd?

Það er einsýnt. Danny DeVito. Hann hefur allavega hæðina og þyngdina í hlutverkið en kannski aðeins of gamall ... eða Dustin Hoffman að leika veðurfræðing. Hoffmann hefur líka hæðina til að bera og getur verið alvarlegur sem þarf þegar maður er að búa til veðurspár í aðdraganda storms.

### Fyrsti stjórnvalda-flokkurinn sem þú kaust?

Sjálfstæðisflokkurinn. Ég var mjög virkur þar.

### Eitthvað að lokum?

Núna þegar ég er orðinn 52 ára er að brjótast fram í mér ógurlegur áhugi á ættfræði. Ég átti afa sem hvarf af skipi sínu Belgaum við Grimsby á Englandi 1929 og fannst aldrei svo vitað sé. Mig langar mikið að komast að því hvort hann hafi einhvern tímann fundist. En veit ekkert hvernig ég á að snúa mér í því! Er ekki allt hægt í dag??

Jú, svo elska ég konuna mína, Hólmfríði Þórisdóttur, óstjórnlega.

# Sadistar hjá Skattinum



## Svarthöfði

Svarthöfði er skattgreiðandi líkt og aðrir fullveðja Íslendingar. Tekur þátt í samneyslunni og leggur lóð sitt á vogarskálarnar. Svarthöfði kveinkar sér ekki yfir sköttum þótt þeir séu að sjálfsögðu allt of háir.

En Svarthöfði getur ekki varist þeirri hugsun að hjá Ríkisskattstjóra starfi fólk sem sé haldið sadisma. Að það hafi gaman af því að pína venjulega smælingja eins og Svarthöfða. Þessi hugsun kemur ávallt upp um þetta leyti árs þegar almenningur er neyddur til þess að setjast við heimilistölvuna og skila skattskýrslunni.

Þegar skattframtalið er opnað blasir við galli á menntakerfinu okkar. Á Íslandi er skólaskylda og allir landsmenn neyðast til þess að læra náttúrufræði, dönsku og hannyrðir. Aldrei er börnum kennt neitt um skatta eða skattskil. Skattframtalið er því ekkert annað en gildra sem ríkisvaldið leggur fyrir þegnana.

Íslendingar eru frestunargjörn þjóð og þetta veit ríkisskattstjóri, eða ríkisskattstjóri eins og hann ætti að vera kallaður. Flestir bíða með þetta kvíðavaldandi verkefni fram á síðustu stundu, jafnvel rétt fyrir miðnætti áður en bjallan glymur. Fólk veit að það verður að skila þessu. Annars fær það „áætlun.“ Áætlun er það versta sem til er í augum Íslendinga. Þá tæm-ir ríkisskattstjóri alla bankareikninga og tekur bíllinn, sjónvarpið og heimilisköttinn í leiðinni.

Nötrandi á beinunum reynir fólk að plægja sig í gegnum framtalið á meðan klukkan tifar. „Reiknað endurgjald“, „Frádráttur frá tekjum“, „Staðgreiðsla af launum“, „Starfstengdar greiðslur“, „Önnur hlunnindi.“ Hvað í andskotanum þýðir þetta allt saman? Síðan er ýtt á „senda“ en þá kemur iðulega upp villa. Villa er eins og kaldur og blautur löðr-ungur. Þá er aðeins tvennt í stöðunni.

1. Grátbiðja um nokkurra daga frest. Borga svo rándýrum endur-



skoðanda fyrir að redda málunum.

2. Reyna að krasfa sig fram úr villunni upp á von og óvon um að það sem maður sé að senda sé ekki rugl. Þetta er valkosturinn sem flestir taka.

Þegar framtalið fer loksins í gegn hjá Svarthöfða fyllist hann skömm og ótta. Skömm yfir því að vera svo heimskur að kunna þetta ekki og ótta við að skatturinn hirði aleiguna. Þetta er sjálfsagt sama

tilfinning og fórnarlömb Nígeríu-svindlara upplifa þegar þau gera sér grein fyrir að allt var í plati.

Við tekur mest stressandi partur af framtalinu. Að sjá hvort Svarthöfði skuldar skattinum eða öfugt. Þessi stund er eins og að taka þátt í rúllettu, jafn vel rússneskri. Og það er ekki laust við að illkvittnishlátur skattstjórans heyrir í hátölurum heimilistölvunnar. ■

**FRAMTÍÐIN ER**

**RAFMÖGNUM**

**SKRÁÐU ÞIG Í NÁM  
Í RAFIÐN**

**[WWW.STRAUMLINA.IS](http://WWW.STRAUMLINA.IS)**



**RAFMAÐARSAMBAND  
ÍSLANDS**

# Nærmmynd: Sigríður Á. Andersen

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Éfst á baugi í liðinni viku var vafalaust ákvörðun Sigríðar Á. Andersen um að segja af sér sem dómsmálaráðherra vegna Landsréttarmálsins. Sigríður hefur glímt við ýmis hitamál á þeim stutta tíma sem hún hefur stýrt dómsmálaráðuneytinu frá árinu 2016. DV bregður hér upp nærmmynd af umdeildum ráðherra sem ávallt er kölluð Sigga, ætlaði upphaflega að verða lækni, gekk í Buffaló-skóm sem unglingur og talar reiprennandi spænsku.

## Hélt pólitískar ræður í barnaskóla

Sigríður Ásthildur Andersen er fædd í Reykjavík þann 21. nóvember 1971, dóttir Geirs R. Andersen, fyrrverandi blaðamanns og Brynhildar K. Andersen, sem starfaði í aldarfjórðung á skrifstofu hjúkrunarheimilisins Grundar. Brynhildur lést síðastliðinn mánudag, 13. mars, en hún var á sínum tíma virkur félagi í Sjálfstæðisflokknum, gegndi til að mynda stöðu formanns í Félagi sjálfstæðismanna í vestur- og miðbæ Reykjavíkur og sat í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna.

Bræður Sigríðar eru Ívar Andersen verslunarmaður og Kristinn Andersen, prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðideild HÍ og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, en rétt eins og systir hans hefur Kristinn tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin. Sjálf gekk Sigríður í Heimdall um leið og hún náði tilskildum aldri.

Í viðtali við Fréttablaðið í mars á seinasta ári sagðist Sigríður koma af „frjálslýndu, borgaralega þenkjandi Sjálfstæðisfólki.“ Hún heillaðist mjög snemma af pólitískri umræðu.

„Ég man eftir mér í barnaskóla að fara með innblásnar ræður um stöðu þjóðmálanna og skráði mig svo í Heimdall um leið og ég hafði aldur til.“

Sigríður ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og gekk í Haga-

Æskan Ólst upp í Vesturbænum.



skóla. Þaðan lá leiðin í MR þar sem hún útskrifaðist sem stúdent úr eðlisfræðideild árið 1991, en samnemendur hennar í Lærða skólanum voru meðal annars Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Magnús Geir Eyjólfsson útvarpsstjóri. Samhliða grunnskóla og menntaskólanámi starfaði Sigríður á vinnustað móður sinnar, hjúkrunarheimilinu Grund, og einnig á auglýsingadeild DV.

## Kasólétt í prófkjöri

Sigríður söðlaði um að loknu stúdentsprófi. Hún stofnaði ásamt fleirum þjóðmálafélagið Andríki og var í ritstjórn frjálshygguvefmiðilsins Vefþjóðviljans. Hún skráði sig upphaflega í nám við læknadeild Háskóla Íslands en komst fljótlega að því að hún var ekki á réttri hillu. Hún skipti því

um fag og hófnám við lagadeildina haustið 1996, en hún lagði einnig stund á nám í spænsku samhliða lögfræðinni.

Sigríður var á þessum tíma virk í starfi Heimdallar og var það innan hreyfingarinnar sem leiðir hennar og tilvonandi eiginmanns hennar, Glúms Björnssonar, lágu saman. Sátu þau um tíma bæði í stjórn félagsins og átti Sigríður meðal annars þátt í að koma á fót hinum árlega Skattadegi, en með honum vildu Heimdellingar hvetja til andófs gegn skattheimtu með táknrænum hætti.

Árið eftir, veturinn 1997 til 1998, dvaldi Sigríður veturlangt í Madrid í skiptinámi á vegum Erasmus. Hún starfaði sem blaðamaður á DV samhliða lagánáminu en hún lauk embættisprófi frá HÍ árið 1999 og útskrifaðist með hdl-

Dómsmálaráðherra Sagði af sér eftir dóm Mannréttindadómstólsins.



réttindi tveimur árum síðar.

Hún starfaði sem lögfræðingur Verslunarráðs Íslands til ársins 2005 og síðan sem lögfræðingur hjá LEX lögmannsstofu frá 2007 til 2015, en í millitíðinni eignaðist hún eldri dóttur sína. Skömmu eftir að fæðingarorlofinu lauk gaf Sigríður kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Á þessum árum var hún enn starfandi fyrir Vefþjóðviljann og Andríki. Hún lét að sér kveða í þjóðfélagsumræðunni með pistlaskrifum í hina ýmsu fjölmiðla, og voru margir þeirra umdeildir. Hún kom síðan nokkrum sinnum inn sem varaþingmaður Reykjavíkurborgardæmis á tímabilinu 2008 til 2015. Þegar hún tók þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í ársbyrjun 2009 vakti það athygli að hún var kasólétt, en hún var þá gengin tæpar 40 vikur

með yngri dóttur sína. Í samtali við Fréttablaðið sagði hún það ekki hafa komið til greina að sleppa því að taka þátt í prófkjörinu.

„Ég á eina stúlku fyrir, þriggja ára. Sú fæðing og meðganga gekk mjög vel og meðgangan núna hefur sömuleiðis gengið vel. Ég á líka mjög góða fjölskyldu og góða stuðningsmenn að, það fer náttúrulega enginn einn í gegnum prófkjörsbaráttu.“

## Heldur með KR og drekkur ekki kaffi

Sem fyrr segir er Sigríður gift Glúmi Björnssyni efnafræðingi og búa hjónin ásamt dætrum sínum tveimur í Vesturbænum, í næstu götu við æskuheimili Sigríðar. Í viðtali við Ísland í dag á seinasta ári kom fram að Sigríður er með mikla ástríðu fyrir þrifum og ►



LOKAÐIR STURTUKLEFAR  
MEÐ TOPPI, SPORNA  
GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á [sturta.is](http://sturta.is) og  
skoðaðu úrvalið  
S. 856 5566





# KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn  
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós



er hún meðlimur í leynilegum hópi á Facebook fyrir fólk með sama áhugamál. Sagðist hún vel geta hugsað sér að starfa sem heimavinnandi húsmóðir enda hefur hún gaman af heimilisstörfum.

Þá kom einnig fram að fráfarandi dómismálaráðherra Íslands drekkur ekki kaffi. Á vef Sjálfstæðisflokksins kemur fram að hún „fylgi trú liðum sínum í fótbolta og hefur alla tíð haldið með KR, Uruguay eða Íslandi.“

### Hardlega gagnrýnd

Sigríður var dómismálaráðherra í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar sem mynduð var af Sjálfstæðisflokki, Viðreisn og Bjartri framtíð. Sú ríkisstjórn sprakk aðeins átta mánuðum eftir að hún var mynduð. Fallið má rekja til þess þegar Hjalti Sigurjónsson fékk uppreist æru. Þá komu í ljós tengsl við fjölskyldu Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra en Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna, gaf Hjalta meðmæli. Þá kom í ljós að Sigríður upplýsti Bjarna, um sumarið 2017, en ekki aðra í ríkisstjórninni um að faðir hans hefði gefið Hjalta meðmæli.

Í kjölfarið sleit Björt framtíð stjórnarsamstarfinu. Þann 11. september kom í ljós að Sigríður hafði gengið lengra í upplýsingaleynd um annan barnaníðing, Róbert Downey, en upplýsingalög heimila. Var hún hardlega gagnrýnd fyrir að neita bæði þolendum og fjölmiðlum um gögn er vörðuðu uppreista æru hans. Þá sagði Sigríður að hún vildi skoða hvernig væri staðið að því að veita mönnum uppreisn æru og þá hvort allir ættu að eiga rétt á slíku. Sagðist hún einnig vilja breyta lögum um uppreisn æru þannig að ekki yrði hægt að sækja um slíka meðferð.

Um svipað leyti var gerð könnun sem framkvæmd var af Maskínu og

Stundinni. Þar kom í ljós að 72,5 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vildu að hún segði af sér.

### Sagði af sér

Leið Sigríðar átti síðan eftir að liggja aftur í dómismálaráðuneytið. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn mynduðu ríkisstjórn eftir kosningar 28. október 2018 settist Sigríður á ný í sinn gamla stól. Helsta mál sem hún hefur haft aðkomu að er ný persónuverndarreglugerð sem kveður á um aukid hlutverk eftirlitsstofnana og á að styrkja grundvallarréttindi einstaklinga í stafrænum heimi og með því tryggja rétt þeirra til að gleymast.

Sigríður sagði síðan af sér embætti þann 13. mars síðastliðinn. Afsögnina má rekja til þess að árið 2017 skipaði Sigríður 15 dómara við hinn nýja Landsrétt. Fjórir dómara sem metnir voru hæfir af hæfnisnefnd voru ekki skipaðir af Sigríði, og leituðu þeir allir réttar síns og unnu mál sitt.

Þegar Landsréttur tók til starfa lagði lögmaðurinn Vilhjálmur H. Vilhjálmsson fram þá kröfu fyrir hönd síns skjólstæðings, að einn



Unglingsárin Sigríður tók Buffaló-tískunni vel.

dómari, Arnfríður Einarsdóttur, sem skipuð var af dómismálaráðherra í stað eins umræddra fjórmenninga, yrði dæmd vanhæf vegna skipunarinnar.

Þeirri kröfu var hafnað og var sú ákvörðun kærð til Hæstaréttar, sem staðfesti dóm Landsréttar. Sigríður var hardlega gagnrýnd í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar og þess krafist að hún segði af sér embætti vegna málsins, en stjórnarandstaðan lagði fram vantrauststillögu gegn henni, sem var felld.

Því leitaði Vilhjálmur til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem hefur nú staðfest að dómarskipan Sigríðar var ekki réttmæt. Með því að skipta

fjórum umsækjendum af lista út fyrir fjóra sem metnir höfðu verið minna hæfir sagði Mannréttindadómstóllinn að Sigríður Andersen hefði með öllu sniðgengið gildandi lög, og þar með varð skipunarferlið sjálft í andstöðu við þá grundvallarreglu réttarríkisins að dómstólar skuli skipaðir með lögum.

Fyrst eftir að fregnir bárust af niðurstöðunni var Sigríður Andersen brött. Þann 12. mars kvaðst hún ekki ætla að segja af sér.

„Ég mun ekki gera það. Ég hef ekki ástæðu til þess,“ sagði Sigríður í samtali við RÚV og bætti við að dómurinn hefði komið henni á óvart.

Daginn eftir var komið annað hljóð í strokkinn. Þá boðaði Sig-

ríður til blaðamannafundar og tilkynnti að hún myndi segja af sér. Sjálf orðaði hún það á þann hátt að hún væri að stíga til hliðar. Þingmenn geta stígið til hliðar og þá varaþingmenn tekið sæti þeirra en sama gildir ekki um ráðherra. Sigríður sagði því einfaldlega af sér sem dómismálaráðherra.

Sigríður sagði á þeim fundi að Katrínú Jakobsdóttur væri ekki kunnugt um ákvörðun hennar. Hún myndi væntanlega lesa um hana í blöðunum.

Þegar Katrín var spurð hvort Sigríður ætti afturkvæmt í embættið var svarið einfaldlega: „Það er ekki tímabært að segja til um það.“ ■



## Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





# STJÖRNUM PRÝDDAR

Áhrifamikil saga um horfinn veruleika, hugdirfsku og fagra en óblíða náttúru

Tilnefnd til alþjóðlegu Man Booker-verðlaunanna 2017



„... hittir svo sannarlega í mark.“

SG / MBL

6.-12. mars  
**2.**

Metsölulisti  
Eymundsson  
Heildarlisti



6.-12. mars  
**3.**

Metsölulisti  
Eymundsson  
Heildarlisti



„... fagurbókmenntir af allra besta tagi.“

AFTENPOSTEN



Margföld metsölubók byggð á magnaðri sannri sögu

Hjartnæm frásögn full af hryllingi en einnig óbilandi ást og von



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# ALLT GETUR GERS

Beinar útsendingar frá Alþingi eru kannski ekki vinsælasta sjónvarpsefnið. En í þingsalnum getur ýmislegt átt sér stað, ekki síst þegar umdeild mál eru á dagskrá og ræðumönnum hitnar í hamsi. Vanhugsuð orð eru látin falla, tilfinningar bera fólk ofurlíði og sumir feta ótroðnar slóðir til fá athygli og stuðning annarra þingmanna. DV tók saman nokkrar eftirminnilegar uppákomur sem hafa átt sér stað innan veggja Alþingishússins.

Audur Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjar- og menntamálanefndar, braut blað í þingsöggunni þann 16. október 2016. Þann dag mætti hún með rúmlega mánaðargamla dóttur sína í ræðustól Alþingis og gaf henni brjóst á sama tíma og hún kvaddi sér hljóðs í atkvæðagreiðslu um útlendingalögin.

Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, hafði boðist til að gæta stúlkunnar á meðan Unnur flutti ræðuna en sú litla mun hafa tekið því illa og því varð úr að hún fylgdi móður sinni í ræðustólinn.

Atvikið vakti heilmikla lukku líkt og sjá mátti á ummælum sem birtust á samfélagsmiðlum og í athugasemdakerfum fréttamiðla. Þingmenn og starfsfólk þingsins kippti sér að vísu lítið upp við atburðinn, þótt óvenjulegur hafi verið.

## AFTURENDASPARK Eyrnafikjur á Alþingi

### ÁRNA JOHNSEN

Dag einn í nóvember 1995 hélt Össur Skarphéðinsson, þáverandi þingmaður Alþýðuflokksins, ræðu á þinginu sem var öðrum þingmanni, Árna Johnsen, ekki að skapi. Össur hafði orð á því í lokin að hann teldi sig heyra háttvirtan þingmann Árna Johnsen hrísta höfuðið yfir því sem fram fór.

Árni brást illa við þessum ummælum Össurar og elti hann fram á gang þinghússins þar sem hann greip í eyra hans og heimtaði að tala við hann. Þegar Össur ætlaði að ganga í burtu tók Árni sig til og sparkaði hressilega í afturendann á honum þannig að Össur féll niður stiga og hlaut minniháttar áverka.

Össur var síðar meir spurður hvort hann ætlaði að bregðast við þessari framkomu Árna en svaraði þá að hann „vildi ekki elta ólar við mann með greindarvísitölu á við íslenska sauðkind.“

Á seinasta ári ritaði Össur pistil og rifjaði upp þetta atvik.

„Sjálfur fór ég eitt sinn yfir æskileg mörk kaldhæðninnar í vondri ræðu. Á eftir var mér sparkað í bókstaflegri merkingu niður stigann í Alþingishúsinu. Í minningu þessa atburðar, sem líklega voru síðustu blóðugu átökin á Alþingi, gáfu Vestmannaeyingar mér síðar risastórar nærbuxur með tröllstóru fótspori. Ég lifði þetta af, og einhvers staðar á ég nærbuxurnar góðu.“



Jón Kristjánsson alþingismaður orti eftirfarandi vísu:

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi  
Það fékk að reyna um helgina Össur minn.  
Fallinn er hann með fótspor Árna á rassi  
Og fardann af Jóhönnu rauðan á hægri kinn.



## GUNGA OG DRUSLA

„Ég hlýt að líta svo á og það skal þá standa að Davíð Oddsson sé slík gunga og drusla að hann þori ekki að koma hér og eiga orðastað við mig.“

Þessi orð lét Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, falla á Alþingi í maí 2014, þegar fram fóru umræður um hið umdeilda fjölmiðlafrumvarp.

Ástæðan fyrir þessum ummælum var sú að Steingrími gramdist að þáverandi forsætis-

ráðherra, Davíð Oddsson, skyldi ekki vera viðstaddur umræðuna. Steingrímur hafði ítrekað óskað eftir því við forseta Alþingis að

Davíð kæmi í þingsalinn og svaraði spurningum sem tengdust fjölmiðlafrumvarpinu. Á öðrum stað í ræðunni sagðist Steingrímur hafa séð Davíð „bráðfrískan á vappi í kringum salinn áðan“ og bætti við: „Hann getur ekki haft nein lögmæt forföll.“



## BJÖRT OG KJÓLINN

Það olli töluverðu fjadrafoki sumarið 2017 þegar Björt Ólafsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, sat fyrir á ljósmynd sem tekin var í þingsal Alþingis og síðan notuð í auglýsingaskyni fyrir breska tískumerkið Galvan London. Sólveig Káradóttir, listrænn stjórnandi Galvan, og Björt eru vinkonur til margra ára, og sátu fleiri vinkonur Sólveigar fyrir á auglýsingamyndum sem teknar voru á Íslandi fyrir umrætt tískumerki.

Samkvæmt reglum Alþingis er óheimilt að taka myndir til einkanota inni í þingsalnum. Björt sagðist í fyrstu ekki hafa brotið neinar reglur Alþingis með myndatökunni þar sem að myndavélinni hefði eingöngu verið beint inn í þingsalinn og ljósmyndarinn staðið fyrir utan.



Hún baðst síðar afsökunar á þessu tiltæki og sagðist hafa sýnt dómgreindarleysi með því að „flöggra um þingsalinn“.

## FÉKK AÐSVIF Í MIÐRI RÆÐU

Það brá mörgum þegar Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra fékk aðsvif í ræðustól Alþingis í mars 2007. Magnús var að mæla fyrir þingsályktunartillögu um jafnréttismál en þurfti að gera hlé á máli sínu og fara úr ræðustólnum.

Hann var studdur inn í hliðarherbergi og síðan fluttur á sjúkrahús til skoðunar. Talið var að hann hefði fengið blóðsykursfall. Síðar um daginn barst tilkynning frá ráðuneytinu þar sem fram kom að þarna hefði verið á ferð samspil flensu og langvarandi álags hjá Magnúsi.

sass & belle

Hreidur.is • Auðbrekka 6 • Sími 822 7242

HREIDUR.IS

# STÍÞINGSGSALNUM

## ÁSTA RAGNHEIÐUR OG RAGNHEIÐUR ÁSTA

Fyrirverandi forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, varð vandræðalega á í messunni í utandagskrárumræðum á þinginu í nóvember 1997. Halldór beindi orðum sínum úr ræðustól til Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, en mundi ekki nafn hennar og kallaði hana ítrekað Ragnheiði Ástu Stefánsdóttur. Uppskar hann við það mikil hlátrasköll en þegar honum var bent á rétt nafn Ástu Ragnheiðar svaraði hann því til að honum þætti þessi útgáfa nafnsins fallegri. Halldór tókst síðan



að mismæla sig í enn eitt skiptið eftir þetta þegar hann sagði „Ásta Ragnheiður Pétursdóttir.“

Í samtali við DV daginn eftir sagði Halldór að nafnavíxlunin hefði ekki verið af ráðnum hug. Þetta hefði verið mismæli en ekki dónaskapur af hans hálfu. „Ég get ekki gefið neina skýringu á þessu aðra en þá að það eru tvær þjóðkunnar konur sem bera þessi nöfn, og hin er Ragnheiður Ásta Pétursdóttir,“ sagði Halldór og átti þar við útvarpsþuluna landspekktu.

## „ÞÁ ER ÉG BARA AÐ ÞJÓFSTARTA HÉRNA“

Dag einn byrjun nóvember 2014 steig Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í ræðustól Alþingis og vakti máls á lagafrumvarpi um visthönnun vöru sem notar orku. Allt annað mál var hins vegar til umræðu þá stundina.

Forseta Alþingis, Einari K. Guðfinnssyni, var fljótlega ljóst að Þorsteinn væri að ræða um rangt mál. Hann rauk því á fætur, barði ítrekað í bjölluna og reyndi að koma Þorsteini í skilning um að umrætt lagafrumvarp væri ekki á dagskrá.

Það breytti þó litlu þar sem að Þorsteinn hélt ótrauður áfram að tala um frumvarpið. Á meðan stóð Einar fyrir aftan, barði á bjölluna í sífellu og reyndi að ná til Þorsteins með því að kalla: „Háttvirtur þingmaður! Háttvirtur þingmaður! Háttvirtur þingmaður!“

Hlátrasköll þingmanna bárust úr salnum og loks kallaði Einar: „Við erum hér að taka afstöðu til beiðni um skýrslu um útflytning á orku um sæstreng!“

Svaraði þá Þorsteinn: „Af-sakið. Þá er ég bara að þjófstarta hérna.“



## GENGU FRAMHJÁ MEÐ SPJÖLD

Þann 29. nóvember árið 2012 varð sérkennileg uppákoma í þingsal Alþingis. Fram fóru umræður um fjárlög og var Illugi Gunnarsson þriðji ræðumaður fundarins. Á meðan Illugi hélt ræðu sína gengu tveir þingmenn, þeir Björn Valur Gíslason og Lúðvík Geirsson, framhjá honum og héldu á spjöldum með áletruninni „Málþóf.“

Illugi gerði hlé á ræðu sinni og spurði forseta Alþingis, Árna Þór Sigurðsson, hvort hann ætlaði að láta óátalda þessa framkomu og hegðan þingmanna? Kom þá í ljós að Árne Þór hafði ekki orðið var við þennan gjörning Björn Vals og Lúðvíks. „Forseti er ekki alveg með það á hreinu hvað háttvirtur þingmaður á við,“ var svar



hans til Illuga. Brást Illugi við með því að halda ræðu sinni áfram en sagði þingmennina báða hafa orðið sér til minnkunar „þó svo að hann ætti svosem von á svona framkomu frá öðrum þeirra.“

Hlé var gert á þingfundinum og síðan stigu Björn Valur og Lúðvík í ræðustól og báðust afsökunar á þessari framkomu. Var það skoðun þeirra að minnihlutinn hefði rofið samkomulag um stuttan umræðutíma um fjárlögin í annarri umræðu.

## BRAST Í SÖNG Í MIÐRI RÆÐU

Í apríl 2009 hélt Árni Johnsen, þáverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ræðu á Alþingi um íslenska kvikmyndagerð en tilefnið var frumvarp um breytingar á lögum varðandi tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar.



„Hugsum okkur til að mynda Skagafjörðinn með kvöldsettu sólsetri. Þar sem í Drangey blundar fugl við brún og blóðrauð sólin tinar og kvikmynd um þetta dýrlega svæði gæti byrjað með þessu erindi hérna,“ sagði Árni meðal annars.

Hann bætti síðan við: „Með leyfi, forseti“ og brast því næst í söng. Tók hann fyrsta erindið í Laugardagskvöld við texta Magnúsar Ásgeirssonar.

*Það var kátt hérna' um laugardagskvöldið á Gili það kvað við öll sveitin af dansi og spili það var hó! það var hopp! það var hæ! Hann Hofs-Láki, æringi austan af landi*

*þar úti í túnfæti dragspilið þandi hæ, dúdel! dúdel! dæ!*

Það fer ekki mörgum sögum af viðbrögðum annarra þingmanna en þegar Árni hafði lokið flutningum bætti hann við: „Þetta yrði ekki leiðinleg kvikmynd, sem hæfist á þessu erindi.“

Í samtali við DV daginn eftir sagði Árni að þetta væri í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins sem alþingismaður tæki lagið í ræðustól. Þegar hann var spurður um viðbrögð annarra þingmanna svaraði hann:

„Ég held að þeir hafi haft gaman af þessu og það voru áhorfendur sem hringdu inn og grétu af gleði.“



## STILLTU SÉR UPP MEÐ HÚFUR

Í febrúar síðastliðnum varð sérstæð uppákoma á Alþingi þegar Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, hélt ræðu í tengslum við umræðu um fimm ára samgönguáætlun.

Tveir þingmenn Pírata, þau Björn Leví Gunnarsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, gengu að ræðustólnum á meðan Bergþór talaði, stilltu sér upp við hlið hans í stutta stund og gengu síðan burt. Bæði voru með húfu á höfði sem merktar voru „Fokk ofbeldi“ – átaki sem gengur út á að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og stúlkum víða um heim.

Bergþór hélt ræðu sinni áfram þrátt fyrir þennan gjörning en Bergþór er einn þeirra þingmanna sem voru hvað mest áberandi í Klaustursupptökunum frágu. Var hann á þessum tíma nýkominn aftur til starfa eftir að hafa verið í leyfi vegna málsins. Vakti það óánægju margra þegar Bergþór og flokksbróðir hans Gunnar Bragi Sveinsson sneru aftur til starfa, og enn fremur voru margir ósáttir við að Bergþór væri áfram formaður samgöngunefndar Alþingis.

Í samtali við Vísi.is sagði Þórhildur að um hefði verið að ræða þögn mótæmi.

### VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

### FEGURÐ ENDING MÝKT

**ÁLTAK**

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

# RISA ÚTSALA!

**20-70% Afsláttur af öllum vörum til 31. janúar 2019**



**30% afsláttur**  
af FootJoy golfskóm



**25% afsláttur**  
af öllum fatnaði.  
Sama verð og í USA



**30% afsláttur**  
af Ecco sandöllum,  
götuskóm og barnskóm

**BROOKS**



Allir Brooks skór á 14.000 kr.

Ghost er söluhæsti einstaki skórin í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenaline söluhæsti stöðugi skórin 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!



**Hypervolt**

Einstök vibrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðuráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma voðva. Frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.

Hyperice vörur eru á 20% afslætti

**Feetures**



Feetures sokkar á 25% afslætti

**Feetures sokkar**

- Feetures eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA.
- Feetures eru með „heel lock“ og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

# OOFOS®



**Ný Sending  
komin í hús!  
6.490 kr.**

Í OOFOS® heilsusandalanum er höfundarréttarvarið OOfoam efni sem er **37%** meira höggdempandi en í hefbundnum skóm.

**Höfum opnað glæsilega sölusíðu**

**[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)**

**Allar vörur eru með sama afslætti á heimasíðu**



Einstök fótlaga hönnun gefur frábæran stuðning og mikla mýkt, það hefur mjög góð áhrif á hælspora og iljarfellsbólgu og getur minnkað verki í fótum, ökklum, hnjám, mjóðmum og baki. Þess vegna mæla fótaaðgerðafræðingar og sjúkraþjálfarar með OOFOS®.

Sandalarnir eru hannaðir til að hvíla fótinn og henta því bæði sem inniskór, í vinnu, eftir íþróttir og sem sundskór. Þeir þola bleytu og fljóta í vatni, einnig má þvo þá í þvottavél á lágum hita.

Frauðefnið er lokað svo að það dragi ekki í sig raka, bakteríur og þar af leiðandi táfýlu.

Mýktin og dempunin frá OOfoam endist vel og er ekki plastefni eins og þekkest í svipað útlitandi sandólum.

Þó það sé ekki hælband á OOFOS® gerir einstakt lagið á fótbeðinu það að verkum að skórnir sitja fastir á fætinum.

Einfaldlega ótrúlega þægilegir heilsusandalar á sambærilegu verði og fæst í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



**EINS OG FÆTUR TOGA**

[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



# Caryna er frá Venesúela: Ríkisstjórnin hatar fólkið í landinu

Af tvennu illu myndi fólk frekar velja erlend afskipti en að þessi ríkisstjórn sé áfram við völd. Það kann að hljóma brjálæðislega, en flestir myndu fagna því ef Bandaríkjaher myndi ráðast inn í landið á morgun. Fólk hugsar með sér að þeir gætu aldrei verið verri en núverandi valdhafar,“ segir **Caryna Gladys Bolívar Serge** sem er frá Venesúela. Caryna hefur búið á Íslandi frá árinu 2002 en hluti af fjölskyldu hennar býr enn í föðurlandinu. Að sögn Carynu er ástandið skelfilegt í Venesúela og fer dagversnandi.

Ágúst Borgþór Sverrisson  
agustb@dv.is



Venesúela er staðsett í norðurluta Suður-Ameríku og liggja landamærin meðal annars að Brasilíu og Kólumbíu. Landið var áður nýlenda Spánverja en öðlaðist sjálfstæði á 19. öld. Venesúela býr yfir stærstu þekktu olíulindum heims. Landið hefur verið mikið í fréttum undanfarin misseri vegna frásagna af hungursneyð, mannréttindabrotum og landflóttu. Árið 1998 komst sósíalísti Hugo Chavez til valda eftir friðsamlegar og óumdeildar kosningar en hann naut mikilla vinsælda almennings. Vinsæld-

irnar dvínuðu er leið á valdatím-ann vegna ákafrar þjóðnýtingarstefnu stjórnvalda, óðaverðbólgu og vaxandi fátæktar. Chavez lést árið 2013 en við embætti forseta tók þáverandi ráðherra í ríkisstjórn hans, Nicolas Maduro. Ástandið í landinu er talið hafa versnað enn frekar undir stjórn hans og er Maduro talinn mjög valtur í sessi. Stjórnarandstæðingurinn Juan Guaido hefur lýst sig opinberlega forseta landsins en hann nýtur stuðnings Bandaríkjamanna og fleiri andstæðinga stjórnvalda í Venesúela.

**Hafði alltaf illan bifur á Chavez** Caryna Gladys Bolívar Serge fluttist til Íslands árið 2002 en þá var ástandið ekkert í líkingu við það sem það er núna. Caryna kennir jóga og súmba, starfar sem einkapjálfi hjá Reebok Fitness og kennir leikfimi hjá Félagsmiðstöð eldri borgara. Hún er gift íslenskum manni og á með honum dóttur. Hluti af fjölskyldu Carynu býr í föðurlandinu við þröngan kost.

„Þegar Hugo Chavez komst til valda var hann mjög vinsæll. En mér leist alltaf illa á hann. Mér fannst hann kynda undir hatri og sundrung, var með popúlískan málflutning. Hann skipti öllum í „við“ sem voru öreigarnir og „þeir“ sem voru hinir ríku,“ segir Caryna en hún telur að ástandið hafi versnað mikið síðan Chavez féll frá. Stefnan var þó frá honum komin og fór harðnandi:

„Þeir fóru að þjóðnýta allt og eyðilögðu einkageirann með undirboðum á vöru, til dæmis opnaði ríkið matvöruverslanir þar sem verðlag var langt undir því sem tíðkaðist í einkaverslunum. Enginn gat keppt við þessi verð og ef einhverjir héldu velli þá

Þessir menn fela sig mikið á bak við merkimiðann sósíalismi til að koma sér í mjúkinn hjá sósíalískum ríkjum en í raun eru þetta fyrst og fremst glæpamenn

voru þeir bara teknir úr umferð. Þeir náðu líka tökum á öllum fjölmiðlum. Þeir lokuðu ekki fjölmiðlum en þeir fjölmiðlar sem töluðu gegn stjórnvöldum misstu einfaldlega útsendingarleyfi.“

## Sýndarkosningar – námsmenn pyntaðir og myrtir

Caryna segir að reglulega séu haldnar kosningar í Venesúela en ekkert sé að marka þær. „Því er haldið fram að kosningarnar séu leynilegar en þú þarft að gefa upp kennitöluna þína og svo þegar það gerist að til dæmis opinberir starfsmenn greiði atkvæði gegn stjórnvöldum þá eru þeir reknir fyrirvaralaust.“

Caryna segir að stjórnvöld beiti ýmsum fantabrögðum gegn friðsamlegum mótmælum sem færast mjög í vöxt í landinu. „Námsmenn hafa verið í fararbroddi í mótmælum en þeir hafa margir verið fangelsaðir, pyntaðir og myrtir. Herinn sprautar oft táragsi á mótmælendur og svo hafa stjórnvöld tíðkað að hleypra föngum úr fangelsi, vopna þá og segja þeim að skjóta á mótmælendur. Þá lítur þetta út í fréttum eins og almennir borgarar séu að berjast sín á milli þegar í raun það eru vopnaðir útsendarar stjórnvalda sem eru að myrða vopnlaus mótmælendur.“

## Getur ekki farið til landsins aftur

„Ég varð að fljúga til Venesúela árið 2016 því faðir minn var mjög veikur. Lyfjasendingar frá ættingjum í útlöndum héldu í honum lífinu en hann fékk mjög takmarkaða lækisþjónustu. Þau lög eru í gildi að allir sem ferðast til Venesúela eða úr landinu verði að vera með venesúelskt vegabréf. Ég átti slíkt vegabréf sem var í gildi, en þegar ég ætlaði að fara aftur burtu sagði öryggisvörður mér að ég gæti ekki farið vegna þess að það væri úrelt form á passanum. Ég ræddi við annan öryggisvörð og grátbað hann um að hleypra mér burtu því ég ætti ekki heima þarna og ætti fjölskyldu á Íslandi. Ég fékk á endanum að fara en vegabréfinu var haldið eftir og ég get því ekki farið þangað aftur því enginn getur ferðast til landsins án venesú-

elsks vegabréfs.“

Caryna segir að faðir hennar hafi nær eingöngu fengið þau lyf sem ættingjar erlendis útveguðu honum en hann lést í fyrri. Caryna gat ekki verið við jarðarförina hans þar sem hún hefur ekki vegabréf lengur til að ferðast til landsins. Hún segir að margar hryllingsögur séu til af fólki sem dáið hafi í Venesúela vegna þess að það fékk ekki lækisþjónustu.

Í landinu býr móðir hennar og systir, en önnur systir hennar flúði ástandið til Spánar; einnig margt frændfólk. Hún segir að þetta fólk tóri vegna peningagjafa frá henni og öðrum ættingjum erlendis. Aðrir séu mun verr staddir og sveltir heilu hungri enda sé tvöfalt hagkerfi í landinu, annars vegar dollarakerfi og hins vegar gjaldmiðill landsins. Þeir sem eigi ekki erlendan gjaldmiðil séu illa staddir enda verðbólga um 1000 prósent.

## Glæpamenn og eiturfjaskalar við stjórn

„Þessir menn fela sig mikið á bak við merkimiðann sósíalismi til að koma sér í mjúkinn hjá sósíalískum ríkjum en í raun eru þetta fyrst og fremst glæpamenn. Margir þeirra eru viðriðnir eiturfjaskarar suður á bóginn. Þeir koma fram við varnarlausan almenning af illmennsku og í rauninni hata þeir þjóðina því allur almenningur er á móti þeim,“ segir Caryna.

Hún segir að viðskiptaþvinganir og önnur afskipti erlendra ríkja hafi ekkert að gera með ástandið enda séu viðskiptaþvinganir nýtilkomnar og feli meðal annars í sér frýstingu á eignum valdhafa. Vandinn sé að öllu leyti heimatilbúinn.

Aðspurð um stjórn mála skoðanir sínar segir Caryna: „Ég þoli ekki orðið sósíalisma vegna ástandsins þarna. En Íslendingar þurfa samt að gera sér grein fyrir því að það sem er í gangi í Venesúela er eitthvað sem er órafjarri hugmyndum Íslendinga um sósíalisma.“

Caryna unnið hag sínum á Íslandi mjög vel og segir að Íslendingar hafi tekið henni opnum örmum frá fyrstu stundu. ■

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM  
BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS



# OFURTILBOÐ

## ISABELLA HEILSURÚM

160X200CM

HEILSURÚM MEÐ SVÆÐASKIPTU GORMAKERFI  
OG EINSTAKRI AÐLÖGUN OG ÞYNGDARDREYFINGU.

TILBOÐ

**82.340 KR.**

DÝNA, BOTN OG FÆTUR  
FULLT VERÐ. 118.340 KR.

AÐEINS  
12 STK.

**30%**  
AFSLÁTTUR

STÖK  
DÝNA

160X200CM

**43.920 KR.**

rekkjan

HEILSURÚM

# Hverjir eiga djúpsteiktu pylsuna?

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Djúpsteikta pylsan er bæði elskuð og alræmd. Hún þykir einstakt lostæti, stökk og langtum bragðmeiri en hin soðna systir hennar. Fyrir þá sem koma algerlega af fjöllum þá er um að ræða hefðbundna vínarpylsu sem dýft er í djúpsteikingarpott. Hefðbundnar sósur eru settar á og svo auðvitað laukur. En hefð hefur skapast fyrir að setja annaðhvort bakaðar baunir eða rauðkál undir einnig. Ofan á þetta er sett kóróna af bræddum osti og kryddi. Kransæðarnar þrengjast við það eitt að finna lyktina af djúpsteiktri pylsu. Þetta er hinn fullkomni þynnukumat, strangheiðarlegur og meinóhollur.

## Velgengni í Hafnarfirði

Í dag er hægt að finna djúpsteiktur pylsur í næstum hvaða vegasjoppu sem er. Fínir veitingastaðir eru meira að segja farnir að bjóða upp á djúpsteiktur pylsur, en þá vitaskuld með útfærslu sem ekki sést í sjoppunum. Þetta var hins vegar ekki alltaf raunin.

Í kvartöld var erfitt fyrir höfuðborgarbúa að komast í djúpsteiktur pylsur. Það var talinn norðlenskur síður, eða jafnvel ósíður, að borða djúpsteikta pylsu. Einn staður varð hins vegar þekktur fyrir að selja djúpsteiktur pylsur, Pylsubarinn í Hafnarfirði.

Pylsubarinn var opnaður við Fjarðargötu fyrir um kvartöld og hefur allan tímann selt þetta gúmmelaði.

Pylsubarinn var hins vegar ekki fyrsti veitingastaðurinn á höfuðborgarsvæðinu til að selja djúpsteiktur pylsur. Árið 1992 bryddaði Sjóúbúðin á Grandagarði upp á þessari nýjung á matseðli sínum. Þá var ekki aðeins osti og kryddi bætt við þetta hefðbundna, heldur einnig salatblaði, tómati og gúrku.

## Grobbnir Akureyringar

Saga djúpsteiktu pylsunar er mjög á huldu en óhætt er að fullyrða að þessi uppfinning sé komin að norðan. Einn þjóðfélagshópur vill eigna sér djúpsteiktu pylsuna öðrum fremur, Akureyringar. Akureyringar eru um margt sérstakir þegar kemur að mat, sérstaklega skyndibita. Þeir setja kokteilsósu á allar pylsur og jóðla bearnaise á flest sem á vegi þeirra verður. Þá setja þeir gjarnan franskar kartöflur undir pylsur eða inn í hamburgara og kalla það Akureyring. Auðmýktin er ekki meiri. Auk þess hafa myndast sértrúarsöfnuðir í kringum staði eins og Bautann, Greifann og Brynju ís.

Þá djúpsteiktu vilja Akureyringar einnig eigna sér. Setja jafnvel undir hana franskar kartöflur eða rauðkál. Í auglýsingu fyrir verslunarmannarhelgarhátíðina Halló Akureyri var djúpsteikt pylsa með öllu sagður „sérrettur Akureyringa.“ Einn heitasti staðurinn á Akureyri var hin eina og sanna Essosjoppa við Leiruveg, sem í dag heitir Leirunesti undir merkjum N1.



Húsavík Dagur-Tíminn 22. nóvember 1996.



Sú sjoppa stendur við eystri leiðina bænum, í átt að Þingeyjarsýslum. Ekki er hægt að verjast þeirri hugsun um að þetta líti út eins og ákveðin ögrun við Húsvíkinga sem einnig hafa eigna sér réttinn.

## Bitirir Húsvíkingar

Víkur sögunni til Húsavíkur, eitt kalt nóvemberkvöld árið 1996. Bládamenn Dags-Tímans áttu leið um bæinn og komu við í sjoppunni Nesti í bilinn, hluta af fjölskyldufyrirtæki sem sá um alhliða þjónustu við bíla. Leigu og sölu einnig.

Bládamennirnir ráku augun í auglýsingu þar sem stóð „djúpsteiktur pylsur.“ Þeir höfðu aldrei heyrt um þetta áður sem sýnir glögg hversu lítil útbreiðsla var á þessum tíma. Afgreiðslustúlkan Erla skellti pylsu í djúpsteikingarfeitina og færði þeim til að smakka.

Jafnframt sagði hún þeim að rétturinn hefði verið fundinn upp á Húsavík. Þaðan hefði hann ratað til Akureyrar þar sem hann „dafnaði út um lúgur.“ Ekki var laust við að biturðar gætti í garð Akureyringa fyrir að hafa „stolið“ réttinum.

Minna þekkt fyrirbæri sem sannarlega er hægt að rekja til Húsavíkur er hið svokallað „svoleiðis.“ Það var skinka, salatblað og gúrka, borið fram í pylsubrauði

með bræddum osti og kryddi. Var þetta selt í bensínstöðvum bæjarins um tíma í kringum aldamótin síðustu. En Húsvíkingar pössuðu sig á að auglýsa það ekki og taka fljótt úr sölu, þrátt fyrir vinsældir, til þess að Akureyringar stælu því ekki líka.

## Hógværir Siglufirðingar

Þegar grafið er dýpra og flett aftur í söguna kemur hins vegar svolítið óvænt í ljós. Það er að árið 1990 voru djúpsteiktur pylsur seldar á enn öðrum stað á Norðurlandi, Siglufirði. Þetta ku vera elsta ritaða heimild um djúpsteiktur pylsur sem DV er kunnugt um. Ekki hafa Siglufirðingar samt hátt um þetta.

Á Siglufirði var snókerstaður sem bar nafnið Knattborðsstofan þar sem einnig voru seldar heitar veitingar. Í jólablaði Neista frá 1990 eru djúpsteiktur pylsur auglýstar þar en ekki eins og einhver nýjung. Má því ætla að rétturinn hafi verið þekktur í bænum fyrir. Rétturinn var ennþá á boðstólum eftir að stofan breytti um nafn og varð að Billanum tveimur árum síðar.

## Komin til að vera

Ekki skal hér slegið niður hamri

Svona gengur það fyrir sig:



1. Pylsa í ollubaði...



2. ...sett á remúlaðihraukinn.



3. Ostur steiktur.



4. Kryddað...

og úrskurðað um hver fann upp djúpsteiktu pylsuna. Að öllum líkindum var hún ekki fundin upp í Pylsubarnum í Hafnarfirði eða Leirunesti á Akureyri, höfuðvígjunum tveimur.

Sjálfsagt veit enginn hvaðan hún kom þótt freistandi sé að ætla að annaðhvort Húsavík eða Siglufjörður séu fæðingarstaðurinn. En eitt er ljóst, djúpsteikta pylsan kom til að vera. Það sem áður þótti subulegur þynnukumat, þykir í dag boðlegt á finustu veitingahúsum miðbæjarins. ■

# 20% afsláttur! af flokkunarílátum



ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ



Flokkaðu HÉR [www.igf.is](http://www.igf.is)



ht.is

VIÐ KYNNUM  
**STÓRAUKIÐ**  
**VÖRUÚRVAL!**

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



SIEMENS Whirlpool SAMSUNG Husqvarna Electrolux LG BOSCH Miele  
witt ELVITA beko GRUNDIG VESTFRÖST scan domestic INDESIT SEVERIN FISHER & PAYKEL



**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES



GHETT IMAGES

# Svindla hinir sterkefnuðu?

■ Grunur leikur á að svindlað sé í fótboltanum ■ Farið á svig við reglurnar

Hörður Snævar Jónsson  
hodd@433.is



Það eru ekki allir ánægðir með það hvaða leið knattspyrnan í heiminum hefur farið á síðustu árum og áratugum, peningar ráða öllu, félögin mörg hver eiga digra sjóði og leikmenn þéna ótrúlegar upphæðir í viku hverri. Á árum áður var knattspyrnan leikur verkamannsins en það hefur breyst, margt hefur orðið betra en annað ekki. Eitt af því sem vekur hvað mesta furðu og reiði, er oft á tíðum eignarhald félaga. Tvö stór félög í hinum stóra heimi eru hvað

umdeildust, eigendur þeirra hafa dælt fjármunum í félagið, því er haldið fram að þar hafi ekki verið farið eftir öllum reglum. Um er að ræða Manchester City á Englandi og Paris Saint-Germain í Frakklandi.

#### Farið í kringum reglur FIFA:

Ekki eru mörg ár síðan FIFA, alþjóða knattspyrnusambandið, setti upp reglur sem félög verða að fara eftir. Samkvæmt þeim má ekki reka félag með tapi yfir nokkurra ára tímabil, þetta var gert til að koma í veg fyrir skuldasöfnun félaga. Astandið var orðið slæmt og er enn í dag, félög höfðu

skuldsett sig upp í topp, í von um að ná árangri, stundum heppnaðist það en oft gekk það ekki upp. Rannsókn er nú í gangi á bókhaldi Manchester City, þar sem félagið þarf að svara hvort félagið hafi brotið þessar reglur. PSG á í vandræðum með að standast þær og þarf að grípa til aðgerða í sumar.

#### Rannsókn hjá City

Manchester City er nú rannsakað í bak og fyrir en FIFA hefur grun um að félagið hafi farið á svig við reglurnar um fjármál félaga. Sheikh Mansour, eigandi félagsins, er frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Hann hefur

dælt peningum inn í félagið og gert það sigursælt, ekki er víst að hann og starfsmenn hans hafi farið eftir öllum reglum. Þannig er talið að félagið hafi farið í kringum reglur með því að borga hluta af greiðslum til leikmanna í gegnum annað félag og gefi ekki upp alla samninga, og að Mansour hafi í gegnum fyrirtæki í heimalandi sínu gert samninga við Manchester City. Þannig hafi hann komið háum fjárhæðum inn í reksturinn úr eigin vasa, í gegnum félög annarra. FIFA skoðar nú allt bókhald félagsins og búast má við niðurstöðu á næstu mánuðum. Farið allt á versta veg kynni City að

verða bannað að taka þátt í Meistaradeild Evrópu.

#### PSG þarf að búa til fjármagn

Rekstur PSG hefur verið til rannsóknar og til að komast í gegnum reglur FIFA þarf félagið að búa til fjármagn í sumar. Þannig hefur félagið keypt dýrustu leikmenn heims án þess að hafa tekjur til að komast í gegnum reglur FIFA. Búist er við að félagið þurfi að selja nokkra leikmenn í sumar og ná sér þannig í um 15 milljarða íslenskra króna til að komast í gegnum regluverkið. Annars kynni félaginu að verða refsað. ■

## GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR  
ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM  
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA  
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

## Dómarinn:

### Harmleikur Hamren á enda?

**Erik Hamren** er á leið í sitt stærsta próf sem landsliðsþjálfari Íslands, prófið gæti einnig orðið það síðast ef illa fer. Undankeppni Evrópumótsins hefst á föstudag í næstu viku og fer Ísland í heimsókn til Andorra og Frakklands þremur dögum síðar. Tap gegn Andorra myndi setja mikla pressu á Hamren í starfi og Guðni Bergsson, formaður KSÍ, yrði að íhuga stöðu hans. Hamren hefur ekki unnið leik í starfi; átta leikir og ekki einn sigur. Ísland hefur annars mætt Andorra fimm sinnum og unnið alla leikina.

**Svíinn** valdi hóp sinn fyrir verkefnið í gær (fimmtudag), það kom fátt á óvart í vali Hamren, nema sú staðreynd að hann velur aðeins tvo hreinræktaða framherja. Jón Daði Böðvarsson er meiddur og Viðar Örn Kjartansson gefur ekki kost á sér. Skilaboðin sem aðrir framherjar, sem höfðu vonast eftir því að verða valdir, fá, eru fremur einföld frá Hamren, þeir eru ekki nógu góðir að hans mati.

**Kjartan** Henry Finnbogason, Hólmbert Aron Friðjónsson og Andri Rúnar Bjarnason eru menn sem koma upp í hugann, þeir eru ekki nógu góðir að mati Hamren til að geta nýst íslenska landsliðinu, þegar meidsli herja á aðra framherja.

**Andorra** leikur heimaleiki sína á gervi-grasi sem veldur talsverðum áhyggjum enda hafa lykilmenn verið að glíma við meidsli. Alfreð

Finnbogason er einn þeirra og Aron Einar Gunnarsson hefur ekki farið í felur með að líkama hans hefur ekki verið alveg heill, þótt hann spili flesta leiki með Cardiff. Það gæti því gerst og er ansi líklegt að Aron verði ekki í byrjunarliðinu í Andorra, heilsunnar vegna.



# Kúnstin að tapa með reisn

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is

Ég hef teft skák frá því að ég var á barnsaldri. Ég segi ekki að þeim tíma sem ég hef eytt í íþróttina hafi alltaf verið vel varið en við skákborðið lærði ég þó mikilvægar lexíur. Að tapa. Og ekki síður að horfast í augu við mistök mín.

Það skal enginn halda að það sé auðvelt að tapa í skák, sérstaklega hefðbundnum kappskákum sem taka oft fimm til sex klukkustundir. Maður mætir til leiks með heilann að vopni og byrjar að hreyfa mennina samkvæmt öllum kúnstarinnar reglum. Á móti manni situr andstæðingur, sem getur verið á hvaða aldri sem er, og gerir slíkt hið sama. Skyndilega gerir maður mistök sem kosta mann skákina. Stundum er maður mátaður strax en ég hef líka lent í því að vera þrjár klukkustundir að berjast í verri stöðu gegn náunga sem smjattaði alltaf á munnvatni allan tímann og var með ógeðslegt skítalott á vörunum. Ég náði ekki að bjarga mér og varð að gefast upp. Niðurlægingin var algjör og ég hef upplifað fleiri slíkar en ég kæri mig um að rifja upp. Töp sem voru tilkomin vegna minna eigin



mistaka. Það er erfitt að horfast í augu við eigin breyskleika.

Eins og frægt er komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að Sigríður Á. Andersen, dómismálaráðherra landsins, hafi gert alvarleg mistök. Mistök sem gerðu það að verkum að dómkerfi okkar Íslendinga er í uppnámi. Fyrstu viðbrögð dómismálaráðherrans öllu miklum vonbrigðum. Hún mætti niðurstöðunni af hroka og gerði lítið úr vægi dómstólsins. Þá benti hún á að dómurinn hefði klofnað í afstöðu sinni til málsins, sem ég vona að verði

ekki réttlætning sakamanna í dómismálum framtíðarinnar.

Degi síðar var komið annað hljóð í strokkinn og það skal enginn segja mér að Sigríður hafi sjálf komist að þeirri niðurstöðu. Sennilega hefur hún ofmetið stuðning við sig og séð þann kost vænstan að stíga til hliðar (lesist: segja af sér). Ég efa það ekki að Sigríður hafi upplifað mikla persónulega niðurlægingu vegna málsins. Það er erfitt að vera dreginn til ábyrgðar vegna mistaka sinna, sérstaklega ef maður vill ekki horfast í augu við þau. Ég held að flestir Íslendingar beri

meira traust til Mannréttindadómstóls Evrópu en íslenskra dómstóla eða stjórnvalda. Þess vegna er beinlínis hrollvekjandi að heyra málsvara flokksins gefa það til kynna að lítið sem ekkert sé að marka þessa niðurstöðu. Ég tel að það sé ekki til of mikils mælt að íslenskir ráðherrar kunni að standa og falla með sínum gjörðum, horfast í augu við mistök sín og tapa með reisn. Það er fátt sem bendir til þess að Sigríður Á. Andersen hafi lært þá lexíu og því á hún ekkert erindi aftur í ráðherrastól. ■



## Orðið á götunni:

# Ráðherrastóll er 25 prósent vinna

Orðið á götunni er að nú sé lag að stórfækka ráðherraembættum.

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavíkur tók í vikunni við embætti dómismálaráðherra, sem áður hét dóms- og kirkjumálaráðherra. Fyrir gegnir hún stöðu iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamálaráðherra.

Auðsýnt er að ráðherraembætti er ekki full vinna. Ætla má að hver ráðherrastóll sé um það bil 25 prósent vinna. Hægt sé að klára öll mánaðarverkefni á einni viku og skella sér síðan í golf eða til Tene og hafa það gott fram að útborgunardegi. Þó að verkefni séu fá þá er vitaskuld greitt upp í topp fyrir vinnuna.

Glögg má sjá að Þórdís Kolbrún er duglegri og metnaðarfullri en flestir kollegar hennar, því hún reynir að fylla upp í mánuðinn. Sumir þeirra vinna hálfu vinnu eins og Lilja Dögg sem er mennta- og menningarmálaráðherra. Sigurður Ingi er samgöngu- og sveitar-

stjórnarmálaráðherra. Ásmundur Einar félagsmálaráðherra sá að sér og bætti barnamálaráðherra-stólnum við. Meðal lettingja má nefna Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. Þau hljóta að vera í Candy Crush þrjár vikur í mánuði.

Miðað við vinnugetu heilbrigðs starfsmanns ætti að vera hægt að fækka ráðherra niður í þrjá og hlaða á þá eins og gert er við Þórdísi nú. Fram til ársins 1938 voru aðeins þrjú ráðherrar á Íslandi, forsætis, fjármála og atvinnu- og vinna. Það gekk fínt.

## Sandkorn



### Katrín hnyklar vöðvana

Augljóst var að **Katrín Jakobsdóttir** beitti Sjálfstæðismenn miklum þrýstingi til þess að koma **Sigríði Á. Andersen** úr sæti dómismálaráðherra. Á þriðjudag var ekkert fararsnið á Sigríði og hún hefur talið stöðu sína trausta. En annað kom á daginn eftir að Katrín sneri heim frá New York.

Þegar Sigríður boðaði til blaðamannafundar sagðist hún ætla að lesa upp stutta yfirlýsingu. Við tók hins vegar nærri hálf tíma ræða þar sem Sigríður reifaði enn á ný allar afsakanir sínar. Þegar hún loks kom sér að því að segja blaðamönnum frá afsögninni gerði hún það þannig að enginn skildi nákvæmlega hvað hún var að gera. Erfitt var að kyngja stoltinu.

Út á við stendur Katrín sterkt eftir þessa upptöku, en spurningin sem eftir situr er hvort hún hafi lofað einhverju á móti.

### Hvað fær Sigríður?


Eftir atburði liðinnar viku situr **Sigríður Á. Andersen**

eftir með pólitískt svöðusár. Sigríður hefur lengi verið umdeild en staða hennar innan Sjálfstæðisflokksins hefur verið sterk enda er hún góð vinkona vina sinna. Sjálfstæðismenn sem falla af stalli fá gjarnan góðar stöður í kjölfarið, annaðhvort á vegum hins opinbera eða í einkageiranum. **Geir H. Haarde** var gerður að sendiherra í Washington, **David Oddsson** að ritstjóra Morgunblaðsins og Hanna birna að formanni utanríkisráðgjafar og starfar hún nú sem sérstakur ráðgjafi UN Women. Ætla má að Sigríður fái einnig góða stöðu, annaðhvort í þinginu eða annars staðar.



## Spurning vikunnar

### Hvert er leiðinlegasta húsverkið?



# GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)

MYNDIR: HANNA ANDRÉSDÓTTIR/DV



# Hjónin Ingileif og María í einlægðu viðtali um lífið, áföllin, fordómama og ástina

Hjónin **Ingileif Friðriksdóttir** og **María Rut Kristinsdóttir** eru mörgum Íslendingum kunn. Báðar hafa þær verið ötulir talsmenn fyrir baráttu hinsegin fólks hérlandis, verið áberandi í fjölmiðlum sem og samfélagsmiðlum í gegnum störf sín og aktívisma ásamt því að taka að sér hlutverk talskonu verðugra málefna.

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



**B**laðakona kíkta í heimsókn til fjölskyldunnar á björtum laugardegi, fékk að knúsa nýjasta fjölskyldumeðliminn, hundinn Míló, og ræddi við þær um lífið og tilveruna. Til að grennslast örlítið nánar um hverjar þær eru það blaðakona hjónin að lýsa hvor annarri.

*Ingileif:* „María er að verða þrítug á árinu, hún er á miklu brekkunni eins og hún segir sjálf. Hún er algjör hugsjóna- og baráttukona sem hefur starfað við ýmislegt sem tengist málefnum sem hún brennur fyrir. Var formaður stúdentaráðs í háskólanum, talskona druslugöngunnar og starfaði hjá

innanríkisráðuneytinu. Hún þarf alltaf að vera með mikinn metnað fyrir því sem hún er að gera. Hún fór út í pólitík, sem kom engum á óvart, og starfar í dag sem aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar, formanns Viðreisnar. Hún er algjör neglukona, frábær mamma og eiginkona.“

*María:* „Ingileif er að verða 26 ára og ég myndi segja að hún sé svona „alt muligt“-manneskja; fjölmiðlakona, söngkona, þáttastjórnandi og aktívisti. Hún hefur sjálf verið mikið í alls konar baráttu og hefur verið virk í hinsegin fræðslu. Stofnaði Hinseginleikann og er að mínu mati frábær fyrirmynd fyrir allt ungt fólk og hinsegin fólk. Frábær mamma, geggjúð hundamma og fyrst og

fremst rosalega góð manneskja sem má aldrei neitt aumt sjá.“

## Ást við fyrstu sýn

María og Ingileif kynntust fyrir tilstilli sameiginlegrar vinkonu og má segja að þær hafi orðnar ástfangnar við fyrstu sýn.

*Ingileif:* „Við hittumst fyrst 30. ágúst árið 2013, við vorum búnar að vera í hvor í sínu partíinu og ég var að fara með sameiginlegri vinkonu okkar niður í bæ. Hún ákvað að koma við í partíinu sem María var í og kippa henni með okkur niður í bæ. Þannig að við hittumst í fyrsta skiptið í leigubíl. Við áttum svo eitthvert augnablik í leigubílnum.“

*María:* „Ég var á þessum tíma algjörlega búin að gefast upp á þessu stefnumótalífi og nennti engan veginn að opna hjarta mitt fyrir einum eða neinum.“

*Ingileif:* „Svo kem ég og skemmi allt!“

Fljótlega eftir komuna niður í bæ urðu þær viðskila en hittust svo í lok kvölds aftur heima hjá umræddri sameiginlegri vinkonu.

*María:* „Við fórum bara að spjalla og enduðum í sleik. Mjög beisik. Eldhússleikur heima hjá vinkonu okkar. Ég vissi ekkert

hvort hún var lesbía eða ekki.“ María ræður ekki við hláturinn þegar hún rifjar þetta upp.

## Sambandið var aldrei spurning

Á þessum tíma var Ingileif ekki komin út úr skápnum en hafði yfir sumarið verið að fikra sig nær því. Hún segir að þegar María kom inn í líf hennar hafi hlutirnir smolið saman og að samband þeirra hafi aldrei verið nein spurning í hennar huga. María sem þá átti fimm ára gamlan son reyndi að telja Ingileif á að njóta lífsins, en ekki festa sig í sambandi með einstæðri móður.

*Ingileif:* „María var alltaf að segja hvað hún væri mikill pakki, hún ætlaði bara að hrekja mig í burtu. En henni tókst það ekkert sérstaklega vel.“

*María:* „Nei, sem betur fer ekki. Ég er náttúrulega fjórum árum eldri og var búin að vera út úr skápnum í alveg þrjú ár þegar við kynntumst. Ég ætlaði að hafa eitthvert vit fyrir Ingileif; að ég væri svo gömul og ætti barn og að hún þyrfti nú að lifa lífinu. Ég skildi ekki af hverju þessi tvítuga stelpa myndi vilja verða stjúpmamma og taka ábyrgðina á því. En hún bað mig bara vinsamlegast að virða að

hún gæti ákveðið þetta sjálf. Svo þetta gekk bara ótrúlega vel, engar flækjur og aldrei nein spurning. Það var í raun Ingileif sem róaði mig svo niður en ekki öfugt.“

## Börn fæðast fordómalaus

Þorgeir, sonur Maríu, úr fyrra sambandi hefur frá þriggja ára aldri þekkt þekkt móður sína sem lesbíu. Þær segja hann aldrei hafa þælt neitt í því enda fæðist börn fordómalaus.

*María:* „Börn fæðast ekki með fordóma og ef maður kynnir fjölbreytilekann fyrir þeim þá kippa þau sér minnst upp við þetta. Svo finnst honum líka stórfurðuleg tilhugsun að ég hafi einhvern tímann verið með karlmanni. Það finnst honum óeðlilegt.“

*Ingileif:* „Eins og með Þorgeiri, mamma hans hafði átt kærustu þegar hann var þínu lítill og svo eignast hún aftur kærustu og honum fannst ekkert óeðlilegt við það. Þegar þau alast upp við eitthvað þá skiptir það þau engu máli. En svo var fjöldi krakka, þegar hann byrjaði í skóla, sem að voru ekki alveg að skilja þetta. Hann hefur sem betur fer alltaf svarað því mjög vel og okkur finnst okkar fjölskylda alveg jafn eðlileg og allra

„Þrátt fyrir að við séum samkynhneigt þar þá þýðir það ekki að við séum slæmir foreldrar.“

Hamingjusöm fjölskylda



annarra, enda er hún það. Hann hefur líka alltaf verið stoltur af því sem hann á.“

**María:** „Ingileif kenndi mér líka að verða betri mamma. Ég var bara átján ára þegar ég átti hann og var alls ekki tilbúin. Var gengin næstum því átján vikur þegar ég komst að því að ég var ólétt og þetta kom upp á mjög erfiðu tímabili í mínu lífi.“

**Ingileif:** „Hún var að ganga í gegnum málaferli við stjúpabba sinn.“

**María:** „Já, og þetta gerðist allt saman á sama árinu. Ég sagði frá kynferðisofbeldinu í janúar og komst að því að ég var ólétt í júní. Þetta var stórt og erfitt ár. Ég var með áfallastreituröskun á háu stigi og var rosalega veik. Ég faldi það vel, mætti alltaf í skólann og kláraði stúdentsprófið á réttum tíma. Var alltaf fullkomin út á við en var algjörlega dofin og dáin að innan. Þá er maður auðvitað ekki í besta forminu til þess að sinna barni líka. Ég veit ekkert hvernig ég hefði orðið ef ég hefði ekki haft hann. Ég þurfti að standa mig og vildi standa mig fyrir hann. Gefa honum gott líf. Þess vegna kláraði ég skólann og fór í háskólann. Ég veit ekki hvort ég hefði endilega

komist alla leið þangað ef ég hefði ekki haft hann, af því að ég var það veik. Langaði oft ekki til þess að lifa. Þetta var svona tímabil sem ég sé bara í móðu í dag, en var mjög mikilvægt og lærdómsríkt.“

#### Fékk flogakast eftir mikið álag

Talið berst að núverandi meðgöngu þeirra hjóna, en Ingileif gengur nú með þeirra annað barn. Á síðasta ári greindist Ingileif með flogaveiki sem hefur haft mikil áhrif á líf þeirra. Hún þarf því að hugsa vel um sig á meðgöngunni og varast að ofgera sér svo flogin haldist niðri.

**Ingileif:** „Það er auðvitað alls konar sem að María upplifði í gegnum sitt fyrra ferli, sem við þurftum að fara yfir áður en að við fórum út í þetta. Við líka róðum líf okkar niður í fyrra af því að ég greindist með flogaveiki, svo ég var svolítið þvinguð til þess að taka lífið á annað tempó. Þrátt fyrir að ég hafi aldrei verið mikill djammari þá hef ég samt alltaf sökkt mér aðeins of mikið í vinnu og skóla og haft mikinn metnað fyrir því. Ég ofkeyrði mig á síðasta ári og þá neyddumst við til þess að róa okkur niður. Við hættem báðar að drekka og höfum verið rosalega



## María hélt að ég væri að deyja

rólegar síðustu mánuði. Þetta gerir það líka að verkum að við erum með allar kjöraðstæður fyrir lítið kríli sem er á leiðinni og við erum alveg tilbúnar í það.“

**María:** „Já, mann langar líka bara að vera til taks ef eitthvað kemur upp á. Hún má til dæmis ekki keyra svo það var ekki mikil praktík í því að ég væri að drekka. Við erum líka að passa upp á rútínuna okkar. Í rauninni þvingaði þetta okkur í heilbrigðan lífsstíl sem er ekki svo slæmt. Var bara fínt spark í rassinn. Ef að þetta allt er í lagi og hún tekur lyfin sín þá á þetta ekkert að gerast, en auðvitað ef þú ferð eitthvað að „djögla“ þá ertu bara að taka áhættu og það er undir manni sjálfum komið.“

**Ingileif:** „Einmitt í þessi tvö skipti sem ég hef fengið flog þá hefur það verið þannig. Fyrsta flogið fékk ég fyrir ári. Þá vorum við bara sofandi heima og María vaknaði upp við það að ég var eins og atriði úr The Exorcist. Þetta var náttúrulega mjög hræðilegt og María hélt að ég væri að deyja. Ég man ekki eftir neinu af því að ég var bara í einhverju meðvitundarleysi á meðan þetta átti sér stað. Þarna var ég búin að vera að „djögla“ of mörgum boltum. Var bæði að skrifa BA-ritgerð og að klára nám, var að gera þætti og gefa út lag. Það var allt of mikið að gera og ég svaf hvorki né borðaði. Það gerði það að verkum að ég náði einhverjum þröskuldi.“

**María:** „Við erum öll með flogaþröskuld, ef þú svæfir ekki í viku þá fengir þú líklega flog. Hann er mishár hjá fólki og um leið og þú ert búinn að fá eitt flog þá lækkar hann. Í brúðkaupsferðinni okkar í Mexíkó fékk Ingileif svo seinna flogið. Við vorum í tíu klukkustunda dagsferð í rútu og það voru tvær klukkustundir búnar af ferðinni. Það var ekki hægt að snúa við og lá hún á lærunum á mér alla ferðina. Við fórum á spítalann í Mexíkó og fengum lyf og þá áttuðum við okkur á því að þetta væri sjúkdómur. Ég man að ég var alveg þínu pirruð. Fannst líf okkar svo gott og skildi ekki af hverju þetta þurfti að koma fyrir okkur. Ég fékk smá áfallastreitu og þurfti að tækla hana núna í haust. Ég átti erfitt með að sofa og var ótrúlega hrædd um að þetta myndi gerast aftur. Ég var alltaf viðbúin.“

#### Áhugavert að vera „pabba megin“ við línuna

Við tók hræðsluástand þar sem Ingileif gekkst undir rannsóknir og grunur um heilaaexli fór vaxandi hjá þeim hjónum.

**María:** „Fyrst náttúrulega vissi ég ekkert hvað var að gerast og það var spurning hvort hún væri með heilaaexli. Í annað skiptið var ég rólegri. Ég er með mjög lágan óvissuþröskuld og fyrir mér er óvissa það versta sem er til. Sem er ekki mjög gott af því að lífið er ein stór óvissa. En ég er alltaf

að þjálfra mig í því, þetta er bara partur af minni áfallasögu vegna slæmra uppeldisskilyrða. Það að þetta geti gerst hvenær sem er, er það sem er erfiðast fyrir mig og sérstaklega núna á meðgöngunni og þegar hún verður með lítið barn.“

Til þess að verða barnshafandi leituðu hjónin til frjósemisstofunnar Livio þar sem tekin var ákvörðun um sæðisgjafa og í kjölfarið fór Ingileif í uppsetningu.

**María:** „Við fórum í tækni-sæðingu en ekki glasafrjövgun. Það er svona fyrsta skrefið, þá er í raun bara sprautað inn þessu stöffi. Eitthvað sem við hefðum þess vegna getað gert heima, en það var fínt að gera þetta svona.“ María hlær við tilhugsunina.

Ingileif tekur undir hláturinn og segir: „Já, þetta var mjög rómantísk stund. Ég lá þarna á þessum bekk og María spurði mig hvort ég vildi að hún héldi í höndina á mér. Við vorum alveg ótrúlega heppnar.“

**María:** „Það er líka svolítið áhugavert að vera þeim megin sem ég er núna, hafandi gengið sjálf með barn áður. Nú er ég á þessari „pabbahlíð“ og ég held að margir karlmenn upplifi sig svolítið utangátta í þessu ferli. Ég hef alveg tekið eftir því að það er mjög oft sem fólk óskar bara Ingileif til hamingju þrátt fyrir að ég standi við hliðina á henni. Ég held að þetta sé alveg ótrúlega ▶

náttúrulegt, en ég held að afar fáar konur upplifi þetta sjónarhorn.“

**Fær ekki að vera móðir barnsins**  
Segist María ekki tengja við föðurhlutverkið þrátt fyrir að standa þeim megin við línuna.

**María:** „Þegar ég les um hluti sem beint er til fedra þá tengi ég ekki, því ég er ekki að verða pabbi. Ég er að verða mamma. En munurinn er að daginn eftir að barnið fæðist þá þarf ég að fara og fá vottorð til staðfestingar á því að ég sé foreldri þess og senda á fæðingarorlofsjóð. Ef að gagnkynhneigt par væri í sömu stöðu og við, væri að eignast barn saman í gegnum tæknisæðingu, þá þyrfti karlmaðurinn ekki að fara og gera þetta. Ef fólk er í hjónabandi þá verður hann sjálfkrafa faðir barnsins í öllum skráum. Jafnvel þótt þau hafi keypt sæði eða hún hafi haldið framhjá. Ég þarf hins vegar að sækja sérstaklega um það.“

**Ingileif:** „Svo verð ég skráð móðir barnsins en hún verður skráð foreldri þess, hún fær ekki að vera móðir líka. Það eru alls konar svona litlir hlutir sem eru alltaf að minna mann á að það er ennþá mismunur í kerfinu.“

Það segist ekki útiloka þann möguleika að ættleiða barn í framtíðinni en að staðan sé nú þannig að samkynhneigðum þörum héraðs sé nánast ómögulegt að fá barn.

**María:** „Ísland heimilar ættleiðingar samkynhneigðra eða hinsegin fólks en flest öll lönd úti í heimi heimila ekki ættleiðingar til samkynhneigðra á móti. Þannig að þetta er bara „dead end“ einmitt núna. Svo er ættleiðing yfirhöfuð líka erfið fyrir gagnkynhneigt fólk. Þetta tekur rosalega langan tíma og tekur mikið á fólk. Við útilokum ekkert en þetta er bara hægara sagt en gert af því að við erum tvær konur.“

**Ingileif:** „Það er alveg ótrúlega sturlað af því að ég er alveg örugg með að við eigum alla ást í heiminum. Við eigum gott heimili og allar aðstæður okkar eru upp á tíu. Það er fjöldi fólks sem á börn sem er í slæmum aðstæðum. Þrátt fyrir að við séum samkynhneigt par þá þýðir það ekki að við séum slæmir foreldrar.“

**María:** „Það er löngu búíð að ákveða að normið sé karl og kona, vissulega, og við erum undantekningin. En mælikvarðinn á það að vera gott foreldri eða geta veitt gott heimili snýst ekki um það hvort að það séu karl og kona á heimilinu. Það snýst um það hvort þú gefir góðan ramma, ást, umhyggju og skýra leiðsögn. Það hefur ekkert með kynið að gera. Það eru til frá-

„Ætli við séum ekki bara að fara að gleypa heiminn í litlum bitum. Ekki í einum bita.“



## Okkur finnst okkar fjölskylda alveg jafn eðlileg og allra annarra

bærir pabbar og frábærar mömmur, það eru líka til ömurlegar mömmur og ömurlegir pabbar.“

### Vilja að fólk gefi skít í normið og fagni fjölbreytileikanum

Þegar Ingileif og María tilkynntu fólki að von væri á viðbót við fjölskylduna fengu þær strax skilaboð frá óviðkomandi einstaklingum um hvernig þær yrðu að ala barnið upp.

**Ingileif:** „Við fengum strax skilaboð þess efnis að ef þetta yrði strákur að þá yrðum við að hafa einhverja mjög sterka karlkynsmynd í lífi barnsins sem fengi að hitta barnið reglulega. Þetta fannst okkur skringilegt. Við þekkjum auðvitað fjölda frábærra manna sem munu koma til með að vera inni í lífi þessa barns, en ef það á að vera einhverj fókuspunktur þá getur það líka haft skringileg áhrif. Ég held einmitt að af því að strákurinn okkar hefur svona mikið af kvenkynsfyrirmyndum í sínu lífi

að það hafi gert það að verkum að hann er mikið í tengslum við sínar tilfinningar. Við eigum bara að gefa skít í þetta norm og viðurkenna að við erum öll mismunandi og það er frábært. Við eigum að fagna því að eiga alls konar fyrirmyndir sem eru svo ólíkar. Það er það sem gerir okkur, að okkur. Það væri heldur ekkert skemmtilegt ef að við værum öll eins og að enginn mætti vera neitt öðruvísi.“

Síðasta sumar giftu María og Ingileif sig við hátíðlega athöfn á Flateyri. Þar slógu þær til þriggja daga veislu og fjöldinn í bænum jókst um helming. Fyrir veisluna höfðu þær farið til sýslumanns sem gaf þær saman og þær kalla brúðkaup sitt ástarveislu.

**María:** „Það eru ekkert margir sem sjá hinsegin brúðkaup og við gerðum líka í því að brjóta allar hefðir. Við gengum saman inn að altari með mæðrum okkar og rugluðum í öllu svoleiðis. Af því að maður má það. Þetta var bara gott

partí, ástarveisla.“

**Ingileif:** „Það var líka svo ótrúlega gaman að í kjölfar þess að við sýndum frá brúðkaupinu þá var svo margt fólk sem sendi okkur skilaboð og þakkaði okkur fyrir. Sagði okkur að þetta hefði sýnt þeim að þau geti líka á einhverjum tímupunkti gift manneskjunnar sem þau elska. Öll þessi skilaboð eru okkur svo mikils virði og fær okkur til þess að halda áfram, af því að við þekkjum það að vera í þessum sporum.“

### Leyndarmál velgenginnar er einlægni og hreinskilni

Bæði Ingileif og María eru metnaðarfullar í því sem þær taka sér fyrir hendur og þær hafa báðar náð langt í því sem þær hafa tekið sér fyrir hendur. Blaðakona forvitnaðist um velgengni þeirra og velti því fyrir sér hvert leyndarmálið væri.

**María:** „Einlægni og hreinskilni. Aldrei þykjast vera eitthvað annað en þú ert og að gera hlutina frá hjartanu. Þetta hljómar rosalega klisjukennt en fólk sér í gegnum það um leið og þú ert farinn að gera eitthvað sem er ekki einlægt.“

**Ingileif:** „Já, ég tek undir það og líka bara að gera hluti sem maður trúir á sjálfur. Ef þú ert að gera hluti sem þú brennur fyrir þá leiðir það þig á staði þar sem þú nærð

að blómstra.“

Hvað framtíðarhorfur varðar segjast þær bíða spennar eftir því að verða vísitölufjölskylda í ágúst. Þær muni halda áfram að rækta sig og vefja sig ást og fjölskyldu.

**María:** „Það er ekkert sjálfgefið að vera við góða líkamlega heilsu eða geðheilsu og lykillinn er svolítið þetta zen sem við erum að læra á. Þessi nýi lífsstíll sem við erum að fíkra okkur áfram í og er bara fjandi góður.“

**Ingileif:** „Okkar ráðleggingar til ungra kvenna er líka það að slaka á og varast að ofkeyra sig. Maður vill oft sigra heiminn og gleypa hann í einum bita, en maður verður líka að kunna að meta rólegheitin inni á milli og vera þakklátur fyrir þau. Það var auðvitað ákveðið áfall að greinast með þennan sjúkdóm, en ég er samt mjög þakklát fyrir það. Það dró okkur niður á jörðina og fékk mig til þess að velta því fyrir mér hvort ég væri að gera hluti fyrir sjálfa mig eða aðra.“

**María:** „Ætli við séum ekki bara að fara að gleypa heiminn í litlum bitum. Ekki í einum bita.“ ■

Viðtalið við Maríu og Ingileif verður hægt að lesa í heild sinni á [du.is](#).

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA



BREKKUGATA, 210 GARÐABÆR  
84.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	217 M <sup>2</sup>
Herbergi	6



SUNNUBRAUT 30, 200 KÓPAVOGUR  
65.000.000 kr.

Tegund	Einbýli
Stærð	272 M <sup>2</sup>
Herbergi	7



LANGALÍNA 13, 210 GARÐABÆR  
59.500.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	128 M <sup>2</sup>
Herbergi	4



# Stóra bílablaðið

15. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN:



## Alls konar bílar til sölu

**H**öfðahöllin er rótgróin bílasala, staðsett að Funahöfða 1, í hjarta gamla bílasöluverfisins á Höfðanum. „Við erum mitt á milli Bílanausts og AB varahluta, en hér hafa verið bílasölur í hátt í 40 ár,“ segir eigandi bílasöluvarinn, Indriði Jónsson.

### Alveg ólæknandi ástand

„Sjálfur hef ég verið í þessu í um tíu ár og rekið bílasölu frá 2009. Áður var ég að vinna í 27 ár í banka en ég færði mig yfir í bílabransann því ég fékk það uppáskriftað að ég væri með ólæknandi bíladellu. Vegna þessa ástands míns hef ég óðlast haldgóða þekkingu á þeim bílum sem ég tek að mér að selja,“ segir Indriði.

### Skjalafrágangur gegn lágrí þóknun

Höfðahöllin býður upp á hentugan kost fyrir þá

sem eru að kaupa og selja bíla. „Við tökum að okkur skjalafrágang á öllum bíla- viðskiptum gegn lágrí þóknun, séu aðilar búnir að koma sér saman um viðskipti. Við útvegum kaupendum einnig ýmiss konar fjármögnun vegna bílakaupanna. Við erum að ganga frá sams konar skjölum og sölu- pappírnum á hverjum degi og ættum því að kunna þetta.“

### Innflutningur og sala á notuðum á bílum

„Við seljum notaða bíla fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki, hvort heldur er fyrir bílaumboð eins og Suzuki og Brimborg eða bílaleigur.“ Höfðahöllin hefur einnig flutt inn nýlega bíla með góðum árangri í nokkur ár og oft boðið upp á spennandi bíla á frábærum verðum.

„Það er unun að koma til okkar að skoða bílana sem við erum að selja hverju sinni.

Við bjóðum upp á glæsilegan, bjartan innisal fyrir um 14–15 bíla og gott og vel hirt úti- svæði. Það er því auðvelt að skoða bíla hjá okkur, jafnvel þrátt fyrir snjóhökur.“

### Komdu í bíló!

„Við bjóðum alla velkomna til okkar að skoða úrvalið en bílana má einnig skoða á heimasíðu okkar BIL0.is en við leggjum mikið upp úr góðri myndatöku á bílum sem eru til sölumeðferðar hjá okkur. Við förum ýmsar leiðir til að kynna úrvalið, t.d. erum við mjög virkir á Facebook: Bílasalan Höfðahöllin, þar sem við eigum metfjöldaðá- dáenda,“ segir Indriði.

Bílasalan Höfðahöllin, Funahöfða 1.

Nánari upplýsingar á [bilo.is](http://bilo.is) eða í síma 567-4840.



Skoðaðu úrvalið!

## HÖFÐAHÖLLIN



### BMW 225XE iPERFORMANCE

nýskr. 02/2017, ekinn 12 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn (X-drive).  
**Tilboðsverð 3.990.000 kr.** Raðnúmer 259005



### VW GOLF GTE DSG

nýskr. 05/2017, ekinn 10 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Sportsæti, snertiskjór, panorama o.fl.  
**Verð 4.650.000 kr.** Raðnúmer 259068



### RENAULT GRAND SCENIC BOSE EDITION

nýskr. 11/2018, ekinn 8 þ.km, dísel, sjálfskiptur, 7 manna, Hlaðinn aukabúnaður  
**TILBOÐ 4.690.000 kr.** Raðnúmer 259171



### PORSCHE CAYENNE DIESEL

nýskr. 05/2014, ekinn 82 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Flott eintak!  
**Verð 7.390.000.** Raðnúmer 258002



### M. BENZ GLS 350 D 4MATIC AMG

nýskr. 05/2017, ekinn 25 þ.km, dísel, sjálfskiptur, Hlaðinn aukabúnaði!  
**Verð 15.555.000 kr.** Raðnúmer 259205



# Startar öllu í gang

## RAFSTILLING:

**R**afstilling ehf. er gamalgróið verkstæði sem sérhæfir sig í alternatora- og startara- viðgerðum. „Við flytjum inn og seljum nýja startara og alternatora, ásamt því að gera við og skipta um þá fyrir viðskiptavinum okkar. Einnig erum við með alla iðluti svo sem kapla og aðra fylgihluti með störturum. Við þjónustum alls staðar á landinu þar sem hægt er að starta einhverju í gang eða hlaða. Viðskiptavinir okkar eru hvort tveggja fyrirtæki og einstaklingar. Þá þjónustum við mest verktaka, bændur og búalið eða aðila sem tengdir eru sjávarútvegnum,“ segir Sigurjón Jónsson, eigandi fyrirtækisins.

### Reynsluboltar

Verkstæðið er með öll nauðsynleg tæki og tól til viðgerða og ísetninga á störturum og alternatorum. Allir viðgerðir hlutir eru prófaðir í prufubekk til að tryggja að allt sé í lagi. Þeim er einnig skilað hreinum og máluðum. „Við höfum áratuga

reynslu í viðgerðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki enda er fyrirtækið búið að vera starfandi í meira en tuttugu ár. Starfsmennirnir hér eru að sama skapi flestir búnir að vera hér í um 10–15 ár og með gífurlega reynslu.“

Einnig flytur verkstæðið inn og selur sólarcellur í miklu úrvali fyrir húsbíla og hjólhýsi.

### Hraði og góð þjónusta

„Við leggjum áherslu á hraða og góða þjónustu og flytjum inn ýmis vörumerki sem tengjast okkar þjónustu. Við erum bæði með vörur frá original framleiðendum og öðrum til þess að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á fyrsta flokks þjónustu.“

### Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Rafstillingar, rafstilling.is

Dugguvogi 23, 104 Reykjavík  
Sími: 581-4991 eða 663-4942  
Netpóstur: rafstilling@rafstilling.is  
Facebook: Rafstilling





BÍLAKLÆÐNINGAR RAGNARS VALSSONAR:

# Fjölskyldufyrirtæki í 50 ár!

**B**ílaklæðningar Ragnar Vals-sonar er sannkallað fjölskyldu-fyrirtæki sem hefur verið starfandi í hálfra öld, en fyrirtækið stofnaði Ragnar Valsson árið 1968. „Ég rek fyrirtækið með honum föður mínum í dag og hef gert í um 25 ár. Hann er orðinn 75 ára gamall og er hvergi nærri hættur,“ segir Sveinn Ragnarsson.

Bílaklæðningar sjá um alls kyns breytingar og viðbætur sem tengjast yfirbyggingu, klæðningu og breytingum á bílum. Hjá fyrirtækinu starfa um 10 manns, allir með mikla reynslu í faginu. „Við erum mikið til að þjónusta fyrirtæki með fyrirtækjafirreiðar og vinnubíla, en einnig einstaklinga. Við erum bæði með staðlaðar lausnir og vinnum að séróskum viðskiptavina okkar, allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Flestir okkar viðskiptavina eru fastakúnnar sem koma til okkar þegar þarf að innrétta nýja bíla eða breyta eldri bílum,“ segir Sveinn.

## Sérhæfðar breytingar

Ásamt því að smíða hestakerrur, húsbíla og ýmislegt fleira þá sjá Bílaklæðningar meðal annars um viðgerðir og ísetningu á sætum fyrir ýmiss konar sérhæfðar vinnubifreiðar. Þar á meðal má nefna hjólastólafirreiðar.

Þá hafa þeir verið að klæða og einangra bíla sem ætlaðir eru til kæliflutninga á matvörum. Að auki hafa þeir gert breytingar á bifreiðum fyrir iðnaðarmenn og sett upp innréttingar þannig að bílarnir verða þá eins og verkstæði á hjólum.

„Nú nýverið vorum við að breyta nýjustu Volkswagen Transporter-lögglubílunum. Þá smíðuðum við allar innréttingarnar og sáum um ísetningu og frágang á þeim.“

## Gert til að endast

Bílaklæðningar bjóða einnig upp á heitklæðningu á pöllum á öllum gerðum pallbílum og hestakerrum ásamt sendibílum og farþegabílum. „Heitklæðningin er gúmmikennnd húð sem sprautað er heitri á fleti og hefur gríðarlega viðloðun og styrkleika. Þetta efni er gríðarsterkt og endingargott og lengir líftíma á þeim flötum sem húðin er sett á svo um munar.“

Nánari upplýsingar má nálgast á [bkl.is](http://bkl.is)

Kársnesbraut 100, 200 Kópavogi.

Sími: 554-0040 og 554-6144

Netpóstur: [bkl@bkl.is](mailto:bkl@bkl.is)



Sérsmíðuð hestakerra smíðuð frá grunni. Byrjuðum að smíða hestakerrur árið 2001.



Verkstæði á hjólum.



Ferðapjónustubíll.



Sérsmíðaðir pallar á pickup. Lokaður pallur. Hægt að opna allar hlíðar. Tókum original pallinn og settum nýjan í staðinn.



Húsbíll. Settum upp innréttingar og sæti.



SKORRI EHF. SELUR TUDOR-RAFGEYMA:

# Traust fagmennska í yfir 40 ár

**S**érstaða Skorra felst í því að við höfum haldið okkur við það að selja sænsku Tudor-rafgeymana í um 40 ár. Það hefur verið okkur og bileigendum til gæfu að við höfum haldið okkur við þetta sérsvið og ræktað það," segir Lárus Björnsson, rekstrarstjóri hjá fyrirtækinu Skorra ehf. sem var stofnað árið 1978.

Tudor-rafgeymar eru rómaðir fyrir gæði og passa í allar gerðir bíla, en einnig í vinnuvélar, mótorkjól, skip og öll fristundatæki sem notuð eru á sumrin. Skorri sinnir öllum slíkum þörfum.

„Flestir nýir bílar, sem ekki eru rafbílar eða hybrid, eru með svokallað stopp-start kerfi þar sem billinn drepur á sér þegar hann er stöðvaður og ræsir aftur þegar stigið er á bensingjöfina, en þetta bæði sparar

eldsneyti og er umhverfisvænt. Það þarf sérstaka rafgeyma í þessa bíla, sem Tudor-framleiðir," og eru viðurkenndir af öllum bílafmleiðendum segir Lárus.

## Hraðþjónusta með endurgjaldslausri bilanagreiningu

Að sögn Lárúsar endist rafgeymir í venjulegum fjölskyldubíl í fjögur til sex ár. „Við rekum hraðþjónustu hér þannig að þú getur mætt með bílinn án þess að panta tíma og látið okkur mæla endurgjaldslaus. Við höfum mjög góð tæki til bilanagreininga og ef eitthvað annað amar að en rafgeymirinn getum við vísað á verkstæði sem við erum í samstarfi við.“

## Farartækin sem eingöngu eru notuð á sumrin

„Nú þegar liður að vori er mikilvægt

huga að farartækjum sem ekki eru notuð á veturna og hafa ekki verið hreyfð síðan í haust. Það eru t.d. mótorkjól, húsbílar, hjólhýsi og fleiri afþreyingartæki sem eingöngu eru notuð á sumrin. Mjög mikilvægt er að hlaða rafgeymana í þessum tækjum af og til yfir veturinn, því annars verða þeir fyrir óafturkræfum skemmdum," segir Lárus. „Best er að hafa þá í stöðugu sambandi við vaktara/hleðslutæki sem Skorri selur margar stærðir af. Allir geta komið í Skorra og látið mæla og athuga ástand rafgeymisins eftir vetrardavalann.“

Það eru eingöngu þjálfaðir fagmenn sem vinna hjá Skorra og þeir tryggja að bileigendur geti ávallt treyst á þjónustu þeirra þegar kemur að rafgeymum. Sem betur fer er þetta ekki dýr fjárfesting. Rafgeymir í venjulegan fjölskyldubíl kostar á bilinu

13 til 20 þúsund krónur og í flestum tilvikum er ísetningin ódýr því hún tekur stuttan tíma.

Skorri er með yfir 190 stærðir af rafgeymum á lager til að tryggja að ávallt sé til rafgeymir í það tæki sem um ræðir hverju sinni. Kappkostað er að hafa ávallt ferska og góða rafgeyma á lager því hillulíf þeirra er takmarkað. Þess vegna eru pantaðir rafgeymar til landsins tvisvar í mánuði.

„Einnig seljum við hleðslutæki sem líka eru vaktarar og mega vera stöðugt í sambandi yfir hinn langa vetur á Íslandi, en það getur reynst vel fyrir bíla og tæki sem ekki eru í notkun á veturna.“

Skorri er til húsa að Bildshöfða 12 og símanúmer er 577-1515. Allar nánari upplýsingar eru á nýrri og endurbættri vefsíðu, skorri.is.





VAKA:

## Þjónusta númer eitt, tvö og þrjú

**Þ**jónusta er lykilorðið hér og ég sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins legg áherslu á 100% þjónustu," segir Daníel Már Einarsson, framkvæmdastjóri Vöku. Fyrirtækið verður sjötugt í ár og er eitt elsta fyrirtæki landsins á sviði þjónustu við bíleigendur.

Vaka veitir mjög fjölpætta þjónustu á sviði bíla og starfsmenn eru um 30 talsins. Dekkjáþjónusta er veigamikill þáttur í starfseminni. „Við seljum bæði notuð dekk og ný en erum að minnka við okkur í notuðu dekkjunum enda er verðmunurinn á notuðum dekkjum og nýjum orðinn frekar lítill. Í nýjum dekkjum erum við mest í merkinu Sailun, en þau þykja mjög vönduð, ekki sist miðað við hvað þau eru ódýr," segir Daníel.

Vaka veitir fulla þjónustu á vel búnu dekkjaverkstæðinu og er bæði hægt að panta tíma í síma 567-6700 eða koma á staðinn og þá hugsanlega bíða dálitla stund. Að sjálfsögðu eru dekkjaskipti og umfelgun í boði og er lögð mikil áhersla á góða þjónustu í dekkjaskiptunum.

Vaka rekur einnig dekkjahótel þar sem bíleigendur geta geymt vetrardekkinn sín yfir sumarið eða

sumardekkinn sín yfir haustið. „Þetta er afskaplega ódýr kostur til að losna við þau óþægindi að troða dekkjunum inn í bílinn og geyma þau," segir Daníel.

### Vöku uppboðið slær í gegn


Uppboðsvefurinn vakauppbod.is var settur í gang fyrir um tveimur mánuðum og hefur slegið í gegn. Þar er afar margt í boði, flest bílatengt en þó ekki allt. Þarna er gott úrval af notuðum bílum, dekkjum og varahlutum, en líka alls konar aðrir hlutir, til dæmis kaffivélar gámar, kranar o.fl.

„Í uppboðinu leggjum við einnig mikla áherslu á góða þjónustu. Ef þú til dæmis kemur hingað með bíl til sölu þá þarftu ekki að spá í pappírsvinnu eða að sýna bílinn, við sjáum um þetta allt saman," segir Daníel.

Sem fyrr segir er vefurinn afar vinsæll og allt virðist seljast þar. Bæði er það vegna þess að þarna getur fólk gert hagstæð kaup en ekki síður vegna þess að mörgum þykir mjög gaman að vera á uppboði og skoða það sem í boði er.

Vefur vöku: vaka.is

Uppboðsvefurinn: vakauppbod.is





BÍLJÖFUR – BIFREIÐAVERKSTÆÐI:

# Er bíllinn þinn yfirfarinn?

**B**ifreiðaverkstæðið Biljöfur er eitt það þekktasta á höfuðborgarsvæðinu og hefur frá stofnun sérhæft sig í viðgerðum og viðhaldi á Chrysler, Dodge og Jeep.

Einnig sjáum við um allar almennar viðgerðir á öllum bíltegundum. Þú færð allt á einum stað fyrir bílinn hvort sem það er að lagfæra bremsur, stýrisgang, vélarupptekningar eða upptekningu á sjálfskiptingu.

Hjá verkstæðinu starfa þaulreyndir

bifvélavirkjar með áralanga reynslu að baki. Þetta eru sannkallaðir reynsluboltar í faginu og eru jafnvígir á gamla sem nýja bíla. Biljöfur hefur þá yfir að búa nýjustu tölvutækni og fullkomnum tölvubúnaði til þess að bilanagreina allar tegundir bíla.

## Mikilvægi þess að yfirfara reglulega

Biljöfur er alhliða bifreiðaverkstæði með BGS gæðavottun frá Bilgreina-sambandinu. Vel yfirfarinn bíll tryggir

öruggi ökumanns og farþega og því er gott að yfirfara bílinn reglulega. Að mörgu þarf að huga þegar kemur að reglulegu viðhaldi á bifreiðum og meðal þess sem þarf að skoða reglulega er staðan á oliu á vél, girkassann, drifið, loftsiuna, sjálfskiptinguna, rúðuvökva, kælivökva og margt fleira. Við sjáum um að yfirfara bílinn fyrir þig og fyllum á, gerum við og skiptum út því sem þarf.

Þar sem Biljöfur er í góðu samstarfi við Biljöfur – varahluti ehf., er verk-

stæðið með aðgang að fjölbreyttu úrvali varahluta, öllu sem þarf til að viðhalda bílnum á sem bestan og ódýrasta hátt sem völ er á. Ef hluturinn er ekki til á lager þá pöntum við hann með stuttum fyrirvara.

Smíðjuvegi 34 (gul gata), 200 Kópavogi  
Sími: 544-5151  
biljofur@biljofur.is



# Úrval varahluta í ameríska bíla!

**B**iljöfur – varahlutir ehf. býður aðeins hágæða varahluti til viðhalds og viðgerða á amerískum bifreiðum.

**Traustir og viðurkenndir aðilar**  
Þegar kemur að því að skipta út varahlutum og gera við í bílum þá er mikilvægt að nota varahluti frá traustum og viðurkenndum aðilum. Við gerum sömu kröfur um gæði og endingu við val á varahlutum og eru gerðar hjá framleiðanda bílsins. Því getum við tryggt hámarks öryggi fyrir þig og bílinn.


## Úrval varahluta

Við bjóðum upp á úrval varahluta í

ameríska fólksbíla sem og jeppa og sendibíla. Sé varahluturinn ekki til á lager þá sérpöntum við hann frá viðurkenndum aðila, hvort sem það er original varahlutur frá Mopar, Ford, GM eða af eftirmarkaði frá t.d. Moog, Sachs, Gates, Timken, Centric eða öðrum viðurkenndum aðilum. Við erum með varahluti á lager í Chrysler, Jeep, Dodge og Ram, t.d. bremsudiska og bremsuklossa, höggdeyfa, hjólabúnað, vatnsdælur, reimar, siur og perur.

Smíðjuvegi 72, 200 Kópavogi  
Sími 555-4151  
varahlutir@biljofur.is






# Bilageirinn

BÍLAÞJÓNUSTA

Viðurkennt CABAS-verkstæði • BGS - gæðavottun • 5 stjörnu verkstæði

## ALLT Á EINUM STAÐ FYRIR BÍLINN ÞINN

- BÍLASPRAUTUN
- RÉTTINGAR
- BIFREIÐAVERKSTÆÐI
- SMURSTÖÐ
- HJÓLASTILLING
- BREMSUPRÓFUN



Grófin 14a, 230 Reykjanesbæ  
Sími 421 6901  
[www.bilageirinn.is](http://www.bilageirinn.is)  
[bilageirinn@bilageirinn.is](mailto:bilageirinn@bilageirinn.is)



**TOYOTA**



**KIA MOTORS**

Viðurkennt þjónustuverkstæði



- Hellulagnir
- Drenlagnir
- Lóðavinna

# Heildarlausn á viðhaldi bílastæða

**B**S Verktakar hafa árum saman sérhæft sig í bílastæðamálun, vélsópun, malbikun, malbiksviðgerðum og ýmsu viðhaldi umhverfis fjölbýlishús, fyrirtæki og stofnanir, þar á meðal viðhaldi bílastæða. Fyrirtækið býr yfir öflugum tækjakosti á þessum sviðum ásamt mikilli reynslu og verkþekkingu sem tryggja vönduð vinnubrögð í hvívetna. BS Verktakar eru fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem býður heildarlausn á viðhaldi bílastæða.

## Bílastæðamálun

Í meira en þrjú áratugi hafa BS Verktakar boðið fyrirtækjum, bæjarfélögum, húsfélögum og fleiri aðilum upp á málun bílastæða og aðrar skyldar merkingar, t.d. stæði fatlaðra, örvamerkingar, gangbrautamerkingar og bannsvæðamerkingar o.fl. Fyrirtækið býr yfir fullkomnum tækjakosti fyrir þessi verkefni sem ásamt hárréttum efnum tryggja hámarks endingu merkinganna.

Þess má geta að mjög stuttur afgreiðslutími er á öllum bílastæðaskiltum en þau er hægt að velja í netverslun Verktaks á verktak.is. Allar uppsetningarlausnir eru í boði.

## Malbikun og malbiksviðgerðir

Malbiksskemmdir breiða fljótt úr sér og við það eykst viðgerðarkostnaður. Þess vegna er afar mikilvægt að gert sé við hið fyrsta ef malbikið er farið að skemmast. Göt og holur í malbiki geta einnig valdið tjóni á bílum. Þess vegna er mikilvægt að gera við skemmdir í malbiki áður en stærri holur myndast. BS Verktakar bjóða upp á alhliða malbiksviðgerðir,

malbikssögun og lagningu nýs malbiks.

BS Verktakar hafa jafnframt tekið í notkun búnað til viðgerða með geislahitun en í sumum tilfellum er sú tækni jafnvel betri en sú hefðbundna. Fulltrúi fyrirtækisins ráðleggur verkkaupa um rétt val á aðferð hverju sinni.

Hægt er að óska eftir tilboðum án skuldbindinga og endurgjalds-laust í sínum 551-4000, 690-800, í gegnum netfangið verktak@verktak.is eða á verktak.is/fyrirspurn

## Vélsópun og lóðaumsjón


BS Verktakar bjóða vélsópun á bílplönnum. Boðið er upp á háþrýsti-þvott fyrir bílplön en það er oft nauðsynlegt, sérstaklega þegar plön hafa verið sandborin að vetri.

BS Verktakar sérhæfa sig jafnframt í þrifum og viðhaldi á aðkomu-svæðum fyrirtækja og fjölbýlishúsa, t.d. tyggjöhreinsun, veggjakrots-hreinsun, þvotti á fasteignum, gluggum og bilageymslum; fjarlægja einnig bílastæðamerkingar og drasl af lóðum.

Í boði eru þjónustusamningar og reglulegt viðhald þar sem hentar.

Ýmiss konar önnur þjónusta er í boði, t.d. kantsteinaviðgerðir og önnur vinna í tengslum við kantsteina, sem og ýmiss konar jarðvinna og garðvinna. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu fyrirtækisins, verktak.is.

BS Verktakar eru til húsa að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Símanúmer er 551-4000 og netfang er verktak@verktak.is.



- Málun bílastæða
- Malbiksviðgerðir
- Vélsópun



Bílastæðaskilti og öll almenn skiltagerð



- Vélsópun
- Veggjakrots og tyggjó hreinsun





BETRI BÍLKAUP:

# Láttu okkur flytja inn bílinn þinn fyrir þig!

**B**etri bílakaup er fyrirtæki sem þjónustar almenning við kaup á bílum að utan og við flutning til landsins. Með slíkum hætti fást bílarnir á mun lægra verði en í gegnum bílaumboð. Á undanförunum tæpum tveimur árum hefur Betri bílakaup flutt inn með þessum hætti á annað þúsund gæðabíla fyrir áncægða kaupendur.

Í þessum hópi eru meðal annars hátt í 500 bílar af gerðinni Mitsubishi Outlander PHEV og fjölmargir af

tegundinni Volvo, ýmist í forpöntunum á nýjum bílum eða innflutningi á lítið keyrðum nýlegum bílum.

„Við sjáum um allt fyrir kaupandann, frá a til ö. Kaupsamningurinn við erlenda bílasölu er á nafni kaupandans en við sjáum um alla þappírsvinnu og innflutninginn. Eimskip flytur bílinn og hann er tryggður alla leið. Þessi aðferð við bílakaup tryggir kaupendum hagstæðara verð en áður hefur þekkt. Einnig erum við með [www.betribilasaln.is](http://www.betribilasaln.is)

sem er netbílalán og getum við selt fyrir þig gamla bílinn meðan sá ný er á leiðinni,” segir Brynjar Valdimarsson hjá Betri bílakaupum.

Fyrirtækið er til húsa að Ármúla 4–6. Að sögn Brynjars er allt kaupferlið hjá Betri bílakaupum mjög gegnsætt og þægilegt:

„Segjum að þú sért væntanlegur kaupandi, þú ert að leita að bíl. Þú segir okkur hvernig bíl þú vilt eignast og við finnum hann fyrir

þig. Við tökum fasta þóknun fyrir okkar þjónustu, 249.900 kr. með vsk. Við semjum um verðið fyrir þig við erlendu bílasöluna og þú greiðir bílinn beint til þeirra. Við erum með samning við Eimskip sem nýtist þér. Þegar þú ert búinn að greiða bílinn þá sjáum við um allt fyrir þig: flutninginn, skráningu bílsins, tollafgreiðsluna og afhendum þér svo bílinn hjá okkur í Ármúla 4.“



## Mitsubishi Outlander PHEV

Gott úrval, sérstaklega hagstætt verð og mikil gæði eru það sem viðskiptavinir Betri bílakaupa uppskera. Mikil áhersla er lögð á svokallaða græna bíla og segir Brynjar þá vera um 90% af þeim bílum sem viðskiptavinir kaupa í gegnum fyrirtækið. Er þá ýmist um að ræða raf- eða blendingsbíla (hybrid bensín+-rafmagn).

„Við bjóðum upp á hinn glænýja og frábæra Mitsubishi Outlander PHEV, en hann hentar einstaklega

vel íslenskum aðstæðum. Þessir bílar hafa verið gríðarlega vinsælir á Íslandi enda mjög ríkulega útbúnir og með langa ábyrgð. Það er 5 ára almenn verksmiðjuábyrgð og 8 ára rafhlöðuábyrgð. Framleiðsluárið 2019 fékk ýmsar stórgóðar viðbætur. Sem dæmi má nefna lengri drægni á rafmagn, hljóðlátari bensínmotor, meira akstursöryggi auk þess sem bíllinn er sparneytnari og kraftmeiri.

Verð frá 4.250.000 kr. miðað við gengi 135 kr. á EUR.



## Nýr Volvo 2019

„Einnig getum við pantað 2019 Volvo þar sem þú færð að setja bílinn þinn saman eins og þú vilt hafa hann. Í grunninn koma þeir með talsvert meiri búnaði, með lengri ábyrgð, 4 ára almenn verksmiðjuábyrgð, 8 ár á rafhlöðum, og langt undir því verði sem þekktist hér heima. Virkilega öflugir og frábærir lúxusbílar.“

Dæmi um verð á Volvo XC60 T8 R-Design frá 8.165.000 kr.\* og Volvo XC90 T8 Momentum 8.915.000 kr.\*

Með aukahlutapakka upp á meira en 1.200.000 kr.

Nánari upplýsingar eru á vefnum [betribilakaup.is](http://betribilakaup.is). Fyrirspurnum er einnig svarað í síma 511-2777.

# ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á [www.igf.is](http://www.igf.is) og komdu  
flokkunarmálunum í lag

Í nýrri netverslun Íslenska gámafélagsins [www.igf.is](http://www.igf.is) færðu allt sem þú þarft fyrir flokkunina



Þriggja flokka stálílát  
60 L



Stálílát með rauf og  
pedal 90 LTR



Matussi minimax  
35-50 L



Ruslatína



Flokkunartunna með  
pedal til í mörgum litum



Stálílát með 2 hólfum  
og pedal 30 L



Moltugerðartunna  
310 L



Umhverfisvænir  
ruslapokar



Troðslugrind á  
hjólum



Græna tunnan



## BÍLALÖKKUN KÓPSSON EHF:



# Gott orðspor er besta auglýsing sem völ er á

**R**éttingaverkstæðið og bíl-  
málunarþjónustan Bilalökkun  
Kópsson þjónustar flestöllum  
tryggingafélögum landsins með bíla  
sem hafa lent í tjóni eða óhöppum.  
„Auðvitað bjóðum við líka upp á  
þjónustu okkar fyrir almenna við-  
skiptavinum og fyrirtæki. Þá bjóðum við  
upp á réttingar, bílamálun, rúðskipti,  
rúðuviðgerðir og sérsmiði. Þar fyrir  
utan þjónustum við mikið til bílaleig-  
ur og bílaumboðin, þar með taldar  
umboðsbifreiðar Brimborgar. Einnig  
höfum við þjónustað TESLA bifreiðar í  
tjónaviðgerðum og almennum CLAIM  
viðgerðum með leyfi TESLA fram-  
leiðandans síðan 2013,“ segir Brynjar  
Smári Þorgeirsson.

### Gott orðspor og afspurn

„Það hefur alltaf verið mjög mikið  
að gera hjá okkur nánast frá upphafi  
og engin lognmolla. Fyrirtækið var  
stofnað í ársbyrjun 1973 og hefur  
ætið verið í Kópavogi. Það segir líka  
sitt að fyrirtækið er enn rekið á sömu  
kennitölu og í upphafi. Fastakúnna-  
hópurinn er orðinn gríðarlega stór  
og tryggur enda leggjum við ávallt  
upp með að gera viðskiptavininn  
ánægðan, sama hversu smátt eða  
stórt verkið er. Gott orðspor og  
afspurn er jú besta auglýsingin sem  
völ er á,“ segir Brynjar.

### Allt sem þér gæti dottið í hug!

„Við bjóðum upp á sérsmiði eða  
„custom“ vinnu fyrir fólk hvað varðar  
breytingar á bifreiðum og tækjum.  
Þá bjóðum við upp á lökkun til að  
breyta lit, almennar breytingar á útliti  
bíla, erum með spoiler kit, dekk og  
felgur. Þá erum við með gott úrval af  
hvers kyns bílatengdum vörum sem  
og varahlutum. Allt sem þér gæti  
dottið í hug, það framkvæmum við!“  
Bilalökkun Kópsson er með bílaleigu  
fyrir viðskiptavinum á staðnum ef þörf er  
á slíku meðan á viðgerð og breyting-  
um stendur. Einnig er fyrirtækið með  
fritt tjónamat fyrir viðskiptavinum.

### Einn nýjasti réttingarþekkur landsins

„Fyrir réttingar þá höfum við yfir  
að búa einum nýjasta tölvustýrða  
Car-O-Liner réttingarþekki landsins,  
sem gerir alla vinnu öruggari og  
þægilegri. Þá leggjum við mikla  
áherslu á gæði varahluta sem eru  
nánast undantekningarlaust keypt-  
ir upprunalegir frá framleiðanda  
hverrar bifreiðar fyrir sig. Við vinnum  
þá eftir skilvirku gæðakerfi og fyrir-  
mælum framleiðanda hverju sinni.“

### Smá ást eftir veturinn

Nú er veturinn að verða búinn og  
vorið farið að láta kræla á sér og þá  
er mikilvægt að skoða ástand lakkisins  
á bifreiðinni, enda má ætla að frost,  
salt, tjara, ryk og sandkast hafi haft  
miður góð áhrif á lakkið yfir veturinn.

„Við bjóðum upp á mössun og  
lakkhreinsun bifreiða, ásamt hinum  
ýmsu lakkvörnum og höfum gert slíkt  
í áratugi. Gott almennt viðhald er  
auðvitað besta verðmætavarslan  
fyrir fólk sem annt er um bifreið sína.  
En stundum þarf billinn smá aukaást  
og þá er tilvalið að koma t.d. með  
hann í mössun til okkar. Það skerpir á  
litnum og gefur flottan glans. Einnig  
bjóðum við upp á mótörpott og  
erum við sérstaklega útbúnir til slíks  
gufupvotts,“ segir Brynjar.

Bilalökkun Kópsson er staðsett  
að Smiðjuvegi 68, Gul gata, 200  
Kópavogi.

### Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook:

Bilalökkun Kópsson ehf  
Sími: 586-8484

Netpóstur:  
bilalokkun@bilalokkun.is  
Instagram: Kópsson





# Traust þjónusta við bíleigendur í 44 ár

**F**yrtækið Vélastilling hefur verið starfandi frá árinu 1975 og er enn rekið á upphaflegu kennitölunni. Sigurður Ingiberg Ólafsson stofnaði fyrirtækið en sonur hans, Ólafur Kr. Sigurðsson, sem ungur lærði bifvélavirkjun og fór að vinna á verkstæði föður síns, tók við rekstrinum fyrir nokkrum árum.

Nafn fyrirtækisins ber vitni um gamla tíma: „Það er ekkert til lengur sem heitir vélastilling en við erum í almennum bílavíðgerðum og hjólastillingum. Hér áður fyrr voru bílar með platinur og blöndunga og þess háttar, það var því um eiginlega vélastillingu að ræða en núna eru

það bara tölvustýrðar stillingar, bílanagreining og þess háttar,“ segir Ólafur.

„Þetta er fyrirtæki sem hvílir á gömlum og traustum grunni en kennitalan er síðan 1975 og bankareikningurinn okkar er enn númer 16. Fólk hvár þegar það heyrir slíkt.“

Að sögn Ólafs útvegar Vélastilling alla varahluti sem þarf til viðgerða og gerir við flestallar bílategundir. „Þetta eru alls konar viðgerðir en kannski eru bremsubílanir algengustu vandamálin, það þarf að skipta um bremsuklossa og -diska, til dæmis.“

Fimm starfsmenn eru hjá

Vélastillingu, fjórir sinna viðgerðum í fullri vinnu en fimmti starfsmaðurinn er í almennum skrifstofustörfum og útréttingum. Það er mikið að gera allt árið en þó aukast annir mjög mikið á vorin og oftast er rólegt í kringum jólin.


„Oft er mikið að gera í byrjun árs þegar viðskiptavinir leita til okkar fyrir bifreiðaskoðun. Við yfirförum þá allan bílinn og lögum það sem laga þarf.“

Vélastilling sinnir líka tjónamálum, einkum hjólatjónum: „Við erum með samninga við mörg réttingarverkstæði sem vottuð eru af tryggingafélagunum. Við erum sérfræðingar í hjólastillingum og komum

því að málum þar sem hjólatjón hefur átt sér stað.“

Vélastilling er til húsa að Auðbrekku 19, Dalbrekkumegin. Ef þú þarft að fara með bílinn í viðgerð hringir þú fyrst í síma 554-3140 og pantar tíma. Eftir það er billinn þinn í traustum höndum fagmanna sem starfa á grunni sem lagður var árið 1975.

„Við erum duglegir að skutla fólk á meðan billinn er í viðgerð og sjáum til þess að fólk komist á milli staða,“ segir Ólafur.





# Kistufell, bifreiða- verkstæði með sögu

**K**istufell er gamalgróid fyrirtæki sem var stofnað fyrir hartnær sjötiú árum af bræðrunum Jónasi og Guðmundi Jónassonum sem fæddust einmitt á bæ undir Kistufelli í Esjunni. „Það er náttúrlega heilmikil saga sem fylgir fyrirtækinu sem hefur starfað linnulaust frá því 1952. Ég er til dæmis þriðji ættliðurinn til þess að sjá um rekstur á Bifreiðaverkstæðinu Kistufelli,“ segir Guðmundur Ingi Skúlason, barnabarn Guðmundar.

Á tiunda áratugnum skiptist fyrirtækið upp í tvö fyrirtæki. Annars vegar varahlutaverslun og hins vegar vélaverkstæði sem er sá hluti fyrirtækisins sem Guðmundur sér um í dag. Heitir fyrirtækið nú Bifreiðaverkstæðið Kistufell og sérhæfir það sig í bílum og viðgerðum á þeim, ásamt vélavinnu. Það er staðsett að Tangarhöfða 13.

„Áður vorum við meira í að gera upp vélar og sinna þeim hluta bílsins, en í dag hefur reksturinn meira þróast í bæði vélavinnu og almennar bifreiðaviðgerðir. Eins vorum við meira í að þjónusta önnur verkstæði og sinna bílaumboðum. Nú höfum við fært reksturinn meira yfir í einkabílinn þó svo við séum enn að sinna stærri kúnnum sem eru stór hluti af okkar viðskiptavinum,“ segir Guðmundur.

**Bæði með varahluti og viðgerðir**  
Bifreiðaverkstæðið Kistufell veitir hagkvæma og samkeppnishæfa þjónustu í bilaviðgerðum en sérhæfir sig jafnframt í innflutningi á varahlutum frá viðurkenndum aðilum sem framleiða parta í allar tegundir véla. „Við erum með túrbínur og spíssa í dísilvélar, stimpla, legur og pakkingar. Á verkstæðinu erum við með fimm lyftur þar sem við gerum við allar tegundir bifreiða, smábíla, jeppa, rútur, vörubíla og fleira. Við sinn-

um öllum bilaviðgerðum almennum sem sértækum. Þá skiptum við um tímareimar, hjólalegur, spyrnur, bremsur, headpakkningar og raunar allt sem viðkemur bifreiðum og viðhaldi á þeim,“ segir Guðmundur.

## Endurvinnslan fyrir umhverfið og veskið

Í raun má segja að Bifreiðaverkstæðið Kistufell sé gamalgróid endurvinnslufyrirtæki þar sem þeir eru einnig í því að endurbyggja vélar. „Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þessa þjónustu fyrir þá sem vilja endurnýta hlutina í stað þess að kaupa alltaf nýtt. Oft á tíðum eru menn að fjárfesta í nýjum tækjum í stað þess að fara með í viðgerð, þrátt fyrir að það sé í raun hagstæðara að gera við. Okkar mottó er að gera við, endurnýta og endurvinna það sem hægt er þangað til það þarf að skipta út. Það er bæði betra fyrir umhverfið og seðlaveskið,“ segir Guðmundur.


**Alltaf dýrast að trassa viðhaldið**  
Guðmundur bendir á að bilaviðgerðir séu og verði alltaf dýrar. „Það er þó alltaf dýrara að sinna ekki viðhaldi á bifreiðinni. Ódýrasta tryggingin til þess að þurfa ekki að lenda á bifreiðaverkstæðinu hjá mér er að smyrja bílinn reglulega. Og ef menn hugsa skynsamlega um tækin sín þá endist þetta auðvitað töluvert lengur. Þetta vita allir en stundum þarf að impra á þessu,“ segir Guðmundur.

## Nánari upplýsingar má nálgast á [www.kistufell.com](http://www.kistufell.com)

Tangarhöfði 13, 110 Reykjavík  
Sími: 577-1313  
Opíð er á verkstæðinu alla virka daga frá 08-17



Guðmundur Ingi Skúlason





ET VERSLUN:

# Vinnuljós og öll ljós á bíla

**E**T Verslun, Klettagördum 11, er á meðal leiðandi aðila í sölu á ljósabúnaði fyrir ökutækni og vinnuvélar, þar á meðal eru ljóskastarar, vinnuljós og afturljós. Eigendur breyttra jeppa, vinnuvéla og vörubíla eru á meðal helstu viðskiptavinna verslunarinnar sem sér þeim fyrir öllum þeim ljósum sem þá vanhagar um og kappkostar að selja gæðaljós undir þekktum merkjum á sanngjörnu verði.

ET Verslun selur framljós, afturljós, hliðarljós, vinnuljós og ljóskastara. Meðal merkja eru bandarísku Rigid-ljósín sem slegið hafa í gegn á Íslandi fyrir frábæra endingu. Einnig má nefna sænska merkið LEDSON sem sérhæfir sig í framleiðslu á díóðuljósum, meðal annars díóðuljóskösturum, vinnuljósum og perum. Vinsælasti kastarinn í dag kallast Pollox og kemur einmitt frá LEDSON, um er að ræða 9" díóðu(LED)-kastara sem lýsir upp endurskinið á vegstikum í 850 metra fjarlægð.

Nær allir breyttir jeppar eru með aukaljós og eigendur slíkra ökutækja ganga að góðu úrvali og

framúrskarandi gæðum í ET Verslun, hvort sem um ræðir kastara, vinnuljós, bakkljós eða innljós. ET Verslun er þekkt fyrir góða þjónustu við jeppaeigendur og var nýlega með bás á jeppasýningu Ferðaklúbbsins 4X4.

Jafnframt er ljósaúrvalið hjá ET Verslun ekki síðra þegar kemur að hliðarljósum og afturljósum sem eru fánleg í mörgum stærðum og gerðum.

ET Verslun hefur verið starfandi í yfir 26 ár og hefur því mikla reynslu af þjónustu við bileigendur og eigendur annarra ökutækja, til dæmis vinnuvéla. Fyrir utan ljósaúrvalið er verslunin framarlega í framboði á vagnavahlutum, vökvabúnaði og mörgu öðru. Ávallt kappkostar ET Verslun að koma fram með nýjungar sem gagnast eigendum ökutækja vel.

Sem fyrr segir er verslunin til húsa að Klettagördum 11. Opíð er virka daga frá kl. 8 til 18 og laugardaga frá 10 til 14. Sjá nánar á et.is undir Verslun og á Facebook-síðunni ET Verslun.






**et**  
EHF.

**VERSLUN**


**FRÁBÆRT ÚRVAL  
DÍÓÐU (LED)  
VÖRUBÍLA OG KERRU-  
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík  
S: 5682130 • Fax: 5680844 • [www.et.is](http://www.et.is)





KRAFTKORT:



Þessi Volkswagen Golf GTI fékk Revo Stage 1 forrit og fór úr 220 hestöflum í 333 hestöfl, tugið fór úr 350nm í 488nm. +113 hestöfl og +138 nm.

# Meira afl og minni eyðsla með tölvustýrðri vélarstillingu

Það er merkileg staðreynd að hægt er að auka kraftinn í bílnum og spara eldsneyti með því að uppfæra gögn í tölvubúnaði. Vélar í nútímabilum nota tölvukerfi við stjórnun vélarinnar. Fjöldmargir skynjarar nema aðstæður og mata vélartölvu bílsins með upplýsingum sem síðan eru notaðar til að stjórna hegðun vélarinnar. Þessir skynjarar mæla t.d. lofthita úti, lofthita í söggrein vélarinnar, vatnshita vélarinnar, stöðu inngjafar, snúningshraða vélar og fjölda annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að beita vélinni sem best við viðkomandi aðstæður.

Fyrirtækið Kraftkort, sem staðsett er að Súlunesi 10 í Garðabæ, hefur veitt fjölmörgum bílum aukið afl og dregið úr eldsneytisnotkun þeirra með þessari nútímalegu vélastillingu. Guðmundur Rögnvaldsson, sem rekur fyrirtækið, útskýrir aðferðina svo í stuttu máli:

„Þetta snýst um það að við lesum biltölvuna og erum í samstarfi við breskt fyrirtæki sem heitir Viezu Technologies og er einn stærsti aðilinn á þessu sviði. Við sendum þeim skrána sem er á vélartölvunni í bílnum. Þeir senda okkur nýja skrá með breyttum stillingum sem við keyrum inn á tölvuna. Forritunin sjálf á sér stað hjá þeim en ekki okkur.“

Öll forritin eru prófuð á dyno-bekkjum hjá Viezu til að sannreyna tölurnar sem gefnar eru upp fyrir hvern bíl.

Eins og áður segir stuðlar endurforritunin bæði að auknu afl og meiri sparneytni: „Ef við tökum dísilbíla, þá getum við fengið bæði

svokallað Performance Map sem lýtur meira að aflaukningu ásamt því að minnka eldsneytisnotkun, og Eco Map, sem veldur minni aflaukningu en meiri eldsneytissparnaði og dregur úr mengun frá bílnum,“ segir Guðmundur.

Einnig er hægt að endurforrita vélartölvur í bensínbílum en fyrir þá er eingöngu til Performance Map. Með auknu afl er erfðar vélin hins vegar minna og því minnkar eyðsla með sama aksturslagi.

Guðmundur tók við starfsemi Kraftkorts í fyrravor en að hans sögn hefur verið boðið upp á þessa þjónustu í nokkur ár. Sem nærri má geta hefur þjónustan þróast í gegnum árin:

„Bílar eru auðvitað ekki eins og þeir voru fyrir nokkrum árum, það er alltaf að koma eitthvað nýtt og hægt að gera fleira.“

Hér með greininni fylgja nokkur dæmi um bíla sem hafa öðlast endurbætt líf, ef svo má segja, eftir tölvustýrða vélastillingu hjá Kraftkorti.

Sem fyrr segir er fyrirtækið staðsett að Súlunesi 10 í Garðabæ. Heimasíða er kraftkort.net og Facebook-síða [www.facebook.com/kraftkortgr](http://www.facebook.com/kraftkortgr). Símanúmer er 857-0210. Hægt er að panta þjónustu eða fá frekari upplýsingar með því að hringja eða senda skilaboð á Facebook-síðunni. Jafnframt er áhugavert að skoða heimasíðu Viezu Technologies, [viezu.com](http://viezu.com).

Endilega hafðu samband og fáðu að vita hvað hægt er að gera fyrir bílinn þinn!




Þessi 2018 Land Rover Discovery Sport fékk aflaukningu og fór úr 147 hestöflum í 182 hestöfl, tugið fór úr 380nm í 440nm. Einnig er eyðslan að lækka um allt að 10%. +35 hestöfl, +60 nm og -10% eyðsla.



# Fyrirtækjalausnir

15. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



## Heildarlausn í viðskiptahugbúnaði

Vaxandi fyrirtæki flytja sig yfir í dk

Vertu í sambandi og við finnum réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki

dk hugbúnaður er að öllu leyti þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og nýta rúmlega 6.500 fyrirtæki sér hann. Yfir 4.000 þeirra eru með bókhaldið í skýinu hjá dk hugbúnaði. dk Pos er eitt öflugasta afgreiðsluferfið á markaðnum í dag. Mikið úrval veflausna og smáforrita. Öflugur og öruggur hugbúnaður í áskrift.

Fyrir íslenskt atvinnulíf

Leiðandi bókhalds- og viðskiptahugbúnaður

510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
dk 20 ára | 1998 -2018



## KEY OF MARKETING:



# Klæðskerasniðnar lausnir sem henta ólíkum fyrirtækjum

**K**ey of Marketing er auglýsingastofa sem sérhæfir sig í markaðssetningu á netinu. „Við leggjum mikið upp úr því að finna lausnir sem henta hverju fyrirtæki fyrir sig. Við vinnum í sameiningu að markmiðum sem fólk vill ná með markaðssetningunni og stillum upp markaðsplani í samræmi við það,“ segir Ægir Hreinn Bjarnason, annar eigenda Key of Marketing.

Þá skiptir miklu máli að velja lokamarkmið í byrjun hverrar auglýsingar, þar sem áherslan er mismunandi eftir vörum og þjónustu. Þá byrja samfélagsmiðlarnir að beina auglýsingunum að þeim sem eru líklegastir til að uppfylla það lokamarkmið sem er valið. Þess vegna skiptir máli hvort markmiðið er sölur, likes, traffik, fá fólk á póstlista, fá skilaboð eða það sem hentar best sem lokamarkmið fyrir fyrirtækið.

## Óhræddir við ný verkefni

„Við erum óhræddir við að finna nýjar leiðir og halda á ný mið. Til dæmis erum við komnir á kaf í að finna nýjar lausnir fyrir ferðamannamarkaðinn. Að vinna með fyrirtækjum í þeim geira er auðvitað allt annað en að vinna fyrir t.d. DV, því þar erum við að sækja bæði á erlendan og íslenskan markhóp og auk þess eru lokamarkmiðin afar ólík. Við erum með mikla reynslu í auglýsingum á samfélagsmiðlum bæði hérlandis og erlendis, en við erum nú þegar í samstarfi með fyrirtækjum sem eru að auglýsa úti um allan heim.“

## Mælanlegur árangur

Margir leita eftir mælanlegum árangri, sem er jú erfiðara að mæla á öðrum stöðum en á samfélagsmiðlum. Með því að nota samfélagsmiðla getur þú séð hvaða markhópur skilar þeim árangri sem þú óskar eftir. „Til

dæmis ef við beinum auglýsingum til íþróttafólks, þá getum við séð það á beinni sölu á vefsíðunni í gegnum auglýsinguna hvort t.d. fótboltamenn eða hjólréiðamenn skili betri svörum. Þú getur því náð þeim markhópi sem þú óskar eftir, t.a.m. fjölskyldufólki, fólki sem verslar mikið á netinu, eftir aldri og margt fleira.“

Ef Facebook Pixel hugbúnaðurinn er settur upp á vefsíðunni er hægt að hafa tengingu á milli Facebook, Instagram og vefsíðu. Þá er hægt að sjá virkni hjá markhópnum inni á vefsíðu og unnt er að endursenda auglýsingar á þá sem hafa keypt áður eða skoðað vefsíðuna.

„Það er svo margt hægt að telja upp sem samfélagsmiðlar hafa frammyfir önnur auglýsingapláss, en ef þú hefur áhuga á að vita meira þá erum við opnir fyrir fyrirspurnum á team@keyofmarketing.com.“

Skráðu þig á námskeið hjá Key of Marketing og lærdu hvernig má stækka kunnahópinn með markaðsgöldrum samfélagsmiðlanna.

## Key of marketing býður upp á markaðsþjónustu við eftirfarandi:

Facebook, Instagram, Google, Youtube og LinkedIn.  
Kennslu við auglýsingar á Facebook og Instagram.  
Myndatöku, myndbandsgerð.  
Vefsíðugerð.  
Grafíska hönnun.

Nánari upplýsingar á <https://keyofmarketing.com/>  
Facebook: Key Of Marketing  
Instagram: keyofmarketing  
LinkedIn: Key Of Marketing



# dk iPos snjalltækjalausn fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is  
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018





# Öll alhliða límfilmupjónusta

**F**ilmarinn veitir alhliða þjónustu í merkingum og filmum fyrir hvaða tilefni sem er. „Við sjáum um allt sem lýtur að merkingum, filmum og sandblæstri. Þá erum við með margar gerðir af filmum eftir því hvert verkefnið er. Þykkar plastfilmur, þunnar, glærar gúmmífilmur, mattar, glansandi og allt þar á milli. Við sjáum mikið um að merkja fyrirtækjabíla, allt frá því að setja lógó á hliðina og upp í að filma allan bílinn hátt og lágt,“ segir Oleg Cherepkov, eigandi Filmarans.

## Mattir bílar og krómaðir

Upp á síðkastið hafa margir valið að láta setja matta filmu á bílana sína eða jafnvel glansandi krómfilmu.

„Þetta kemur mjög vel út fyrir þá sem vilja hafa bílana örlítið öðruvísi. Þetta ver líka lakkið undir og lengir endingartíma þess,“ segir Oleg.

## Lakkvarnarfilma

Filmarinn býður einnig upp á stórsniðuga lausn fyrir bíleigendur. „Við erum með nokkuð sem nefnist „paint protection film“ eða lakkvarnarfilma. Þetta er sérstaklega sniðug lausn fyrir nýja bíla. Filman sem er notuð er algerlega gegnsæ og úr gúmmíefni. Hún er sett á fleti sem eru sérlega viðkvæmir fyrir rispum eins og til dæmis í kringum skráargöt og hurðarhúna, framan á bílinn, húddið, á spegla og fleiri fleti. Filman er nærri því ósýnileg og ver fletina

svo lakkið undir skemmist ekki. Þegar filman fer að láta á sjá er auðvelt að koma með bílinn og láta skipta um. Það er til dæmis vinsælt hjá ferðaþjónustufyrirtækjum að verja húddið á bílum sem er mikið ekið á malarvegum. Filman ver þá slitfleti vel gegn steinkasti og lengir til muna þann tíma sem billinn lítur vel út.“

## Sólarfilmur

Einnig býður Filmarinn upp á sólarfilmur fyrir bíla, heimili og fyrirtæki. Sólarfilmur taka glampa og hita frá sólar, allt að 80%, og getur skipt sköpum þar sem rúður eru stórar. Einnig sjar filman frá allt að 99% af hættulegum UV-geislum sólarinnar

## Merkja og filma allt sem hægt er!

Filmarinn sér einnig mikið um að merkja verslanir og fyrirtæki. „Við merkjum mikið búðarglugga og framleiðum skilti fyrir verslunar-eigendur. Við getum sett filmu á næstum hvað sem er. Fólk er m.a. að koma til okkar með heilu eldhúsinnréttingarnar og þær verða sem nýjar,“ segir Oleg.

## Nánari upplýsingar má finna á filmarinn.is

Facebook: filmarinn og tinticeland  
Axarhöfði 14, 110 Reykjavík  
Sími: 897-0745



# IÐNAÐARGASIÐ FÆST HJÁ ÍSAGA



ÞÚ FINNUR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SÖLUSTADI OG UMBOD FYRIR IÐNAÐARGAS Á AGA.IS

**Reykjavík**  
ÍSAGA ehf.  
Breiðhöfða 11  
Sími: 577 3000

**Akureyri**  
Sandblástur & málmhúðun hf.  
Árstíg 6  
Sími: 460 1500

**Ísafjörður**  
Próstur Marselliússon hf.  
Hnífsdalsveg 27  
Sími: 456 3349

**Selfoss**  
Vélaverkstæði Þóris  
Austurvegi 69  
Sími: 482 3548

**Garðabær**  
Metal ehf.  
Suðurhrauni 12b  
Sími: 545 4600

**Sauðárkrókur**  
Kaupfélag Skagfirðinga  
-byggingavörudeild, Eyrarvegi 21  
Sími: 455 4610

**Reyðarfjörður**  
Launafn ehf, verslun  
Austurvegi 20a  
Sími: 414 9460 | 414 9462

**Vestmannaeyjar**  
Nethamar  
Strandvegi 105  
Sími: 481 3226

  
**ÍSAGA**  
100 ÁRA  
FYRIR IÐNAÐINN



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-  
stjórnun á  
stóran þátt í góðum  
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Sala á öllum hreinlætisvörum  
og áhöldum til ræstinga fyrir  
fyrirtæki, stofnanir og  
heimili í verslun okkar



# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

## Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.  
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:  
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)  
Netfang: [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) Veffang: [www.thrif.is](http://www.thrif.is)

Með allt á hreinu í 15 ár



# Byltingarkennd nýjung í fjártæknigeiranum

**G**reiðsluþjónustan myPOS er byltingarkennd nýjung í fjártæknigeiranum, sérhönnuð fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki.

## Engin þörf á þriðja aðila

myPOS hóf að veita greiðsluþjónustu árið 2014 og hefur síðan vaxið gríðarlega hratt og er í dag með um 100.000 viðskiptavinum víðs vegar um Evrópu. myPOS hóf að veita þjónustu á Íslandi í upphafi árs 2017 við mjög góðar undirtektir. myPOS er í raun og veru allt í einum pakka, það er bæði færsluhirðir og rafeyrisfjármálastofnun. Viðskiptavinurinn fær posa, rafeyrisreikning í öllum þeim gjaldmiðlum sem honum hentar og debetkort tengt reikningnum. Þannig er engin þörf á þriðja aðila eða bankastofnun til að móttaka greiðslur frá færsluhirðinum.

## Fjöldi verðlauna

myPOS hefur á aðeins fimm árum unnið til fjölda verðlauna fyrir greiðsluþjónustuhugbúnað sinn og notendavænan heimabanka. Núna í febrúar var myPOS valið besta POS nýsköpunin í greiðsluþjónustu og besta hugbúnaðarlausn

í heimabanka af Merchant Payment Ecosystem (MPE Award). myPOS var jafnframt tilnefnt sem einn af þremur bestu færsluhirðum í Evrópu.

## Engin mánaðargjöld

myPOS sker sig úr með tvennum hætti. Viðskiptavinurinn kaupir posann og þarf því ekki að borga mánaðarleg leigugjöld til eilífðar, eins og hefur verið hefðin á Íslandi. Þannig getur viðskiptavinurinn sparað sér háar fjárhæðir til lengri tíma lítið eða borgað upp posann með um það bil sex mánaða leigu.

## Gert upp samstundis

Þar að auki gerir myPOS upp samstundis bæði debet- og kreditkortafærslur, sem enginn annar býður upp á. Greiðslan er aðeins sekúndur að skila sér frá posanum inn á myPOS-reikninginn þar sem viðskiptavinurinn hefur samstundis aðgang að fjármunum sínum með því að nota debetkortid sem fylgir reikningnum. Einnig getur viðskiptavinurinn millifært af myPOS-reikningnum til annarra fjármálastofnana um allan heim og móttakið greiðslur með sama hætti og aðrir hefðbundnir bankareikningar.

## Þurfa ekki að gefa upp kortaupplýsingar í gegnum síma

myPOS er kjörin lausn fyrir ferðamannageirann. Viðskiptavinurinn getur sent greiðslubeiðni eða tekið simgreiðslu í hvaða mynt sem er. Greiðslubeiðni er veflinkur sem þú sendir til greiðandans þar sem hann fyllir út sínar kortaupplýsingar sjálfur, en í dag eru margir sem eru feimnir við að gefa upp sínar kortaupplýsingar í gegnum síma.

## Hafðu verðskrána í dollurum, evrum, pundum ...

Ef greiðandinn vill borga í EUR eða USD, þá getur þú sent greiðslubeiðni úr símaappinu í þeirri mynt sem greiðandinn vill borga í. Þú færð síðan greiðslubeiðnina gerða upp í þeirri mynt sem hentar þér. Þannig getur þú haft verðskrána þína í dollurum fyrir Bandaríkjamenn, evrum fyrir Evrópubúa og í pundum fyrir Breta. Hefðbundnar simgreiðslur (MOTO) getur þú einnig rukkað í hvaða mynt sem er í gegnum símaappið eða beint í gegnum heimabankann.

**Tilvalið fyrir innflutningsaðila**  
myPOS er einnig tilvalin lausn fyrir

innflutningsaðila. Þeir geta þá stillt sjálfan posann í ISK en fengið uppgert í hvaða mynt sem hentar hverju sinni. Þannig er hægt með einu handtaki að breyta uppgjörsmýntinni úr ISK í EUR ef þarf að safna evrum fyrir næstu innkaup. Jafnframt er hægt að færa gjaldeyri á milli gjaldeyrisreikninga eftir þörfum hverju sinni.

Allir posarnir koma með friu 3G-símkort og virka hvar sem er. Þá einnig hægt að tengja þá við WiFi. Hægt er fá posa með snertiskjá (Smart N5), þann klassiska með útprintun (Combo 210) eða lítinn og nettan sem er minni en iPhone og án printara (Mini Ice).

## Komið til að vera!

Eftir frábæra byrjun liggur nokkuð ljóst fyrir að myPOS er komið til að vera sem nýr valkostur sem greiðsluþjónustuaðili fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja nútíma greiðsluþjónustu.

Nánari upplýsingar má finna á posinn.is eða skrifstofu myPOS að Suðurlandsbraut 6.

Netfang: mypos@mypos.is  
Sími: 571-7510



myPOS Mini Ice er ótrúlega handhægur.





REKSTRARUMSJÓN:

# Húsfélagapjónusta og útleiga á fasteignum

Við þjónustum öll húsfélög, stór og smá, en það veltur svo á þörfum hvers og eins húsfélags hvaða þjónustuleið er valin. Það eru allir velkomnir í þjónustu til okkar og tökum við mið af stærð og umfangi hvers og eins," segir Bjartmar Steinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Rekstrarumsjónar. Um er að ræða fjölskyldufyrirtæki í eigu rötgróinna Hafnirðinga sem eru tengdaforeldrar Bjartmars og börn þeirra, en hann stjórnar rekstri þess ásamt mágkonu sinni, Helgu Soffiu Guðjónsdóttur.

Fyrir húsfélög eru í boði þrjár rekstrarleiðir. Sú fyrsta lýtur að fjármálum og innheimtu en í rekstrarleið 2 bætist við fundapjónusta. Rekstrarleið 3 er síðan full þjónusta. Nánari útfærslu á þjónustuleiðunum gefur að líta á vefnum rekstrarumsjon.com.

Eins og gefur að skilja er ógnarmikil hagræðing fólgin í því að flytja verkefni húsfélags í hendur þjónustuaðila á borð við Rekstrarumsjón: „Við hugsum starf okkar fyrir húsfélögin á þá leið að við séum verkfæri sem auðveldi stjórnun og íbúum hvers og eins húsfélags verulega vinnuna. Íbúar, og þá sérstaklega stjórnir húsfélaga, finna almennt fyrir miklum létti eftir að rekstri húsfélags er komið í okkar hendur þar sem mikið álag getur fylgt því að reka húsfélag," segir

Bjartmar. Viðskiptavinir Rekstrarumsjónar eru afar ánægðir með þjónustuna enda leggur fyrirtækið þunga áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu. Í fullri þjónustu ber Rekstrarumsjón hitann og þungann af því að verkefni komist í framkvæmd og viðhald sé gott: „Þegar við fáum beiðnir frá hússtjórnunum þá sinnum við öllu frá a til ö og afhendum málin fullunnin aftur til stjórnarinnar. Við höldum vel á spöðunum og fylgjum því eftir að öll verkefni séu unnin vel og samkvæmt áætlan," segir Bjartmar.

## Útleiga á fasteignum

Það getur verið mikil fyrirhöfn fyrir fasteignaeigendur að sjá um útleigu og rekstur á fasteignum sínum. Þar kemur Rekstrarumsjón til sögunnar með hinn hluta þjónustu sinnar; útleigu fasteigna, og sinnir jafnt útleigu á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Þetta auðveldar eigendum að leigja út sínar fasteignir og takmarkar vinnu þeirra í tengslum við útleiguna. Utanumhald leigutekna og eftirlit með því að leigutekjur skili sér kemur í hlut Rekstrarumsjónar, sem bregst þá hratt og örugglega við ef vanskil eiga sér stað.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni rekstrarumsjon.com og Facebooksíðunni Rekstrarumsjón



# DRAUMA

STARFSMANNAFERÐIN

FJÓRHJÓL - HÓPEFLI - MATUR - OGFL.

FÁÐU TILBOÐ  
Í ÞINN HÓP

**4x4**  
ADVENTURES  
ICELAND

[www.atv4x4.is](http://www.atv4x4.is) - [atv4x4@atv4x4.is](mailto:atv4x4@atv4x4.is) - 857 3001



**PAPA'S**  
RESTAURANTE

FISKUR - PIZZA - STEIKUR - BORGARAR

[www.papas.is](http://www.papas.is) - Hafnargata 7a - 240 Grindavík - 857 3001

MYNDIR: HILNA ANDRÉSDÓTTIR/DV



Patrekur Sólrúnarson

# Patrekur á og rekur 100 manna fyrirtæki í Noregi

■ Stofnaði fyrirtækið 18 ára með vini sínum ■ Velta hálfum milljarði á ári

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



**P**atrekur Sólrúnarson er tuttugu og þriggja ára gamall Íslendingur sem á og rekur 100 manna ræstingafyrirtæki í Noregi. Fyrirtækið, Support Services A/S, veltir hálfum milljarði á ári en félagið stofnaði Patrekur ásamt vini sínum þegar þeir voru 18 ára gamlir. Norskir fjölmörg hafa veitt fyrirtækinu eftirtekt í gegnum árin sem varð til þess að DV fjallaði stuttlega um Patrekur og afrek hans fyrir þremur árum. Á dögunum átti Patrekur síðan erindi til Íslands og settist niður með blaðamanni til þess að fara yfir ævintýrið sem byrjaði með vinskap við múslímskan innflytjanda og ryðgaðri skúringamoppu.

## Erfið fyrstu ár í Noregi

Patrekur flutti til Noregs árið 2008, þegar hann var þrettán ára gamall, ásamt móður sinni og tveimur systur. „Við fluttum til bæjarins Kongsberg mánuði áður en að bankahrunið gekk yfir á Íslandi. Það má því segja að tímasetningin hafi verið heppileg. Æskuvinur minn hafði einnig flutt út ásamt fjölskyldu sinni aðeins fyrir. Þannig vildi til að fyrir um sumarið hafði ég heimsótt hann út til Noregs. Mér líkaði sú dvöl afar vel. Sérstaklega hvað veðrið var gott og því var ég spenntur fyrir því að flytja til Noregs,“ segir Patrekur.

Þegar blákaldur hversdagsleikinn í Noregi tók við þá var gleðin skammvin. „Þetta var mjög erfiður tími og ég var mjög einangraður. Í rauninni var ég hálfþunglyndur á þessum tíma. Þar sem ég kunnir ekkert í norsku þá var ég ekki inni í neinu sem var í gangi í kennslustofunni né utan hennar. Ég man að ég grátbað mömmu um að fá að fara aftur til Íslands,“ segir Patrekur. Hann hafði alltaf verið góður námsmaður en fljótt fjaraði undan því. „Ég fékk hræðilegar einkunnir

og vanlíðanin var slík að ég skróaði oft í prófum,“ segir Patrekur.

## Heppinn með stjúpföður

Hlutirnir áttu þó eftir að breytast. Um leið og Patrekur hafði náð tökum á norskunni fór hann aftur að blómstra í námi. „Ég var svo heppinn að ég eignaðist frábæran stjúpföður sem ég leit mjög upp til. Hann hafði verið kennari í Noregi og hjálpaði mér mikið með námið. Þá fór allt að ganga mun betur,“ segir Patrekur. Svo vel gekk honum að hann fékk hæstu einkunn skólans í norsku við útskrift. Þegar í menntaskóla var komið þá tók Patrekur námið enn fastari tökum, sérstaklega þegar hann eygði tækifæri til þess að útskrifast fyrir en ella.

„Menntaskólanámið í Noregi er venjulega þrjú ár. Ég áttaði mig hins vegar á því að ég gat skráð mig í lokapróf í fögum þegar ég treysti mér til þess og það gerði ég óspart. Það endaði með því að ég útskrifaðist eftir tvö ár,“ segir Patrekur. Þrátt fyrir að hann elski að læra hefur frekara nám setið á hakanum, enn um sinn. Patreki lá nefnilega á að komast í eigin rekstur.

Á menntaskólaárunum kynntist Patrekur sínum besta vini og samstarfsfélagi, Ghazi Khder. Ghazi er innflytjandi af kúrdísku bergi brotinn en Patrekur þvertur fyrir að sameiginleg reynsla þeirra sem innflytjanda hafi leitt þá saman. „Reynsla okkar af því að vera innflytjandi í Noregi er allt öðruvísi. Norðmenn líta á Íslendinga sem frændur eða bræður en það er frekar litíð niður á þá sem flytja til Noregs úr austri. Hann átti því mun erfiðara uppdráttar en ég, en vann sigur á þeim hindrunum,“ segir Patrekur.

Þeim Ghazi varð vel til vina og fljótlegra fundu þeir sameiginlega löngun til að stofna fyrirtæki og láta til sín taka. „Við ræddum þetta mikið og vorum mjög spenntir að fara út í einhvern rekstur. Við hugsuð-

um þetta mjög stórt frá fyrstu tíð og vorum fullir af bjartsýni. Það var svo í raun tilviljun að ræstingar urðu fyrir valinu. Faðir Ghazi hafði reynslu af því að vinna við ræstingar og þannig kom sú hugmynd til. Við reiddum okkur síðan efnum og ryðgaðri skúringamoppu og fórum að taka að okkur stök verkefni sem auglýst voru. Við reyndum yfirleitt að skúra fyrir skólann,“ segir Patrekur.

## Töldu niður dagana til að stofna fyrirtæki

Hann segir hlējandi frá því að móðir sín hafi ekki verið sérstaklega bjartsýn á þennan nýja starfsferil til að byrja með, enda umgengni Patreks á heimilinu ekki alltaf til fyrirmyndar. „Henni fannst skrytið að ég nennti að byrja skúra hjá fyrirtækjum en nennti því varla heima hjá mér,“ segir Patrekur og hlær.

Félagarnir voru aðeins sautján ára gamlir og þurftu að biða til átján

ára aldurs til að stofna fyrirtæki. „Við töldum niður dagana þar til við gátum skráð fyrirtækið okkar og það var stór stund þegar það gekk í gegn,“ segir Patrekur. Til að byrja með reyndist reksturinn þó erfiðari en félagarnir bjuggust við.

„Við keyrdum um bæinn okkar og rukum inn í fyrirtæki til þess að bjóða þeim þjónustu okkar. Okkur var yfirleitt tekið hlýlega en mjög fáir vildu gefa okkur tækifæri, sem er kannski skiljanlegt í

Hádegis tilboð  
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa brauð & Þorskspjót  
2.850 kr

**Sægreifinn**  
Geirsgötu 8 • 553 1500

**BOGG**  
BRUGGHUS

Ghazi og Patrekur hafa vakið talsverða athygli í Noregi



## Ég var svo heppinn að ég eignaðist frábæran stjúpföður sem ég leit mjög upp til

að við værum að sjá um þrif hjá nágranna þeirra og þeir væru himinlifandi með þjónustuna. Smátt og smátt fór þannig viðskiptavinum að fjölga," segir Patrekur og brosir.

### Sköpuðu sér nafn í fjölmiðlum

Fljótlega þurftu félagarnir að byrja að ráða starfsfólk, kaupa merktu fyrirtækjabíla og leigja fyrsta skrifstofuhúsnæði félagsins, litla kjallarahölu. „Orðspor okkar var aðeins byrjað að breiðast út en það sem kom okkur endanlega á kortið var athygli fjölmiðla," segir Patrekur.

Dagblöð í heimabæ þeirra fengu veður af hinum ungu athafnamönnum og fljótlega fóru að birtast um þá fréttir í héradsmiðlum. „Þannig fóru eigendur

ljósi þess hversu ungir við vorum. Við héldum þó ótrauðir áfram og létum ekki deigan síga þó að sumir væru margoft búnir að segja nei. Að lokum gaf húsgagnaverslun ein

okkur tækifæri og við lögðum okkur alla fram um að gera eigendurna ánægða. Eftir rúman mánuð fórum við svo að banka upp á hjá nærliggjandi fyrirtækjum og benda þeim á



fyrirtækja að kannast við okkur og það gerði allt markaðsstarfið mun auðveldara. Smátt og smátt fóru viðskiptavinir að átta sig á að við værum ekki ungir strákar að leika okkur heldur ætluðum að standa í alvöru rekstri," segir Patrekur.

Viðskiptavinum fjölgaði hratt og það skapaði úlfúð meðal samkeppnisadila. „Við fengum margar reiðihringingar á þessum tíma enda vorum við að hirða óánægða viðskiptavini af öðrum fyrirtækjum. Ég svaraði því alltaf til að fyrirtækin þyrftu engar áhyggjur að hafa ef þjónustan væri góð," segir Patrekur. Hann segir að reiðisímtölunum fari fækkandi en þess í stað hafi símtölum fjölgað þar sem eigendur stærri ræstingafyrirtækja séu að kanna hvort Patrekur og Ghazi geti hugsað sér að selja fyrirtækið.

„Við höfum engan áhuga á því á þessum tímamarki og sjáum mörg tækifæri til áframhaldandi vaxtar. Við erum eiginlega komnir með rekstur í öllum sveitarfélögum í kringum Ósló og á einhverjum tímamarki munum við hefja innreið okkar þangað. Við erum ákveðnir í að bjóða upp á þjónustu okkar um allan Noreg," segir Patrekur.

### Reyna að þjónusta starfsfólkið

Aðspurður hvað hann telji fyrirtæki sitt gera öðruvísi en samkeppnisadilarnir segir Patrekur: „Áherslan okkar er á starfsfólkið. Ég og Ghazi lítum svo á að okkar hlutverk sem stjórnendur sé að þjóna starfsfólkinu og tryggja að því líði vel í vinnunni. Það er oft talað um þennan klassíska valdapyramída en hjá okkur er hann öfugur. Við reynum líka að skapa góðan mórál

og ráða fólk á ólíkum aldri og með fjölbreytta reynslu. Elsti starfsmaðurinn okkar er áttæður og á dögnum réðum við sjötugan mann til þess að sjá um að bóka sölu fundi hjá væntanlegum viðskiptavinum. Hann var búinn að vera á eftirlaunum í nokkur ár en leiddist þófið og ákvað að skella sér aftur út á vinnumarkaðinn. Ég og Ghazi gerum okkur fyllilega grein fyrir því að við eigum margt ólært sem stjórnendur og það er því ómetanlegt fyrir okkur að fá að skyggast í reynslubanka slíkra starfsmanna," segir Patrekur.

Að hans sögn er daglegur rekstur skrifstofu fyrirtækisins að mestu í hans höndum á meðan Ghazi vill helst sjá um að allt gangi vel við þjónustu við viðskiptavini. „Við vinnum mjög náið saman og bætum hvor annan upp. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tölum og því fór ég sjálfkrafa að veita fjármálahljóði meiri áhuga. Ghazi á hins vegar mjög erfitt með að sitja kyrr og vill því helst vera úti að þjónusta viðskiptavini og sjá til þess að allt gangi vel fyrir sig," segir Patrekur.

Í dag eru 100 starfsmenn hjá Support Service A/S og veltir fyrirtækið rúmlega hálfum milljarði íslenskra króna á hverju ári. Þrátt fyrir umfang starfseminnar þá grípur Patrekur reglulega í skúringamoppuna. „Við Ghazi leysum báðir af við skúringarnar ef þörf er á. Fyrir mér er það að skúra eins og róandi hugleiðsla og það heldur okkur við efnið að rifja reglulega upp hvaða þjónustu við erum að selja," segir Patrekur. ■

**Hágæða blautfóður frá Þýskalandi**

# 25%

**afsláttur**

Margar bragðtegundir  
Hentar vel fyrir matvanda

**gæludýr.is**

[www.gaeludyr.is](http://www.gaeludyr.is)

MYNDIR: HANNA ANDRÉSDÓTTIR / DV



# Hætti að drekka og ákvað að láta drauminn rætast

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Rakel Unnur Thorlacius, 29 ára, er menntaður stílisti, tískuristjóri og annar eigenda vintage-fataverslunarinnar Wasteland sem var opnuð í miðbænum, við Ingólfsstræti 5, í gær, fimmtudag. Rakel Unnur segir að einn af lykjunum að hennar velgengni hafi verið að hætta að drekka áfengi. Hún sagði skilið við áfengi fyrir þremur og hálfu ári. Síðan þá hefur hún áorkað meiru en hún hefði nokkurn tíma geta ímyndað sér. Rakel Unnur segir að draumar geti ræst enda er líf hennar nú eins og hana hafði dreymt um.

### Vildi vera öðruvísi

Rakel Unnur ólst upp í Breiðholti og flutti til Hafnarfjarðar tólf ára gömul. Frá því að hún man eftir sér hefur hún haft áhuga á öðruvísi fötum.

„Mig hefur alltaf langað að klæða mig öðruvísi. Þótt ég fylgdi

## Það sem ég er búin að afreka síðan ég hætti að drekka er ótrúlegt

tiskustraumnum var ég alltaf með mína eigin sýn á fatnað,” segir hún.

Rakel Unnur útskrifaðist af fatahönnunarbraut í FG með stúdentspróf. Eftir útskrift vann hún sem verslunarstjóri í vintage-fataverslun í Reykjavík.

### Þorði ekki að drekka áfengi

Þegar Rakel Unnur var að verða tvítug byrjaði hún að drekka áfengi. Hún rifjar upp kvöldið sem hún ætlaði fyrst að smakka áfengi, þegar hún var átján ára gömul.

„Ég og mamma höfum alltaf verið bestu vinkonur og ræddum um áfengi áður en ég sagði við hana að mig langaði að prófa að drekka. Hún keypti handa mér Breezer og sagðist vera heima, tilbúin við símann ef mig vantaði eitthvað,” segir Rakel Unnur og hlær.

„Ég tók einn sopa af drykknum og hugsaði svo: Nei. Ég þori þessu ekki. Ég hætti við og gaf vinkonum mínum drykkinn minn. Ég var alltaf sátt við að fara með kippu af kókómjólk í partí þegar ég var yngri.“

### Félagslegur þrýstingur

Aðspurð af hverju hún hafi byrjað að drekka tæplega tvítug segir Rakel Unnur að félagslegur þrýstingur hafi leikið þar stórt hlutverk.

„Ég byrjaði ekki að drekka fyrr, því mér leið ekki vel með þá hugmynd að drekka og þorði því ekki. Mér fannst óþægilegt að sjá hvernig fólk gat breyst undir áhrifum. En pressan var mikil og á endanum lét ég undan, mig langaði að vera með. Það er rosalega mikil pressa í samfélaginu um að drekka,” segir hún.

Rakel Unnur er nýflutt aftur heim til Íslands frá Danmörku. Hún segir pressuna í Danmörku vera gríðarlega.

„Það er rosalega mikil pressa um að drekka í Danmörku. Ég hef lent í því að spyrja um óáfenga kokteila og var boðinn bjór í staðinn. Það er mjög mikil bjórmennning í Danmörku og ungir krakkar drekka með foreldrum sínum þar og eru ekki að fela það fyr-

ir þeim. Mér finnst að allir ungir krakkar ættu að geta rætt við foreldra sína um áfengi. Því þá geta foreldrar verið til staðar þegar og ef þá langar að prófa.“

### London

Árið 2014 flutti Rakel Unnur til London, þá var hún 25 ára. Hana langaði að verða fatahönnuður, enda útskrifaðist hún af fatahönnunarbraut. En með tímanum komst hún að því að draumar hennar lágu annars staðar.

„Eftir að ég útskrifaðist vann ég í vintage-fataverslun og var þar verslunarstjóri í fjögur ár. Ég fann hvað ég hafði mikinn áhuga á vintage-fatnaði. Mig hefur líka aldrei langað að vera eins og aðrir. Ísland er svo lítið. Það er svo auðvelt að falla í þægindarammann og þora ekki að vera áberandi, í rauninni, því við erum svo fá. Okkur finnst það óþægilegt,” segir Rakel Unnur.

„Ég komst að því að með vintage-fatnaði gat ég klæðst einhverju sem enginn annar átti ▶



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá **58.500** kr.

**GODDI.IS**  
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Rakel Unnur í verslunarrýminu áður en verslunin var tilbúin fyrir opnun



„Ég ákvað að það væri kominn tími til að breyta um lífsstíl“

og tjáð mig þannig. Ég tjái mig mjög mikið með fötum.“

Rakel Unnur hefur verið með blátt hár síðastliðin þrjú ár. Fyrir nokkrum mánuðum ákvað hún að lita það aftur dökkt, í upprunalega litinn, og segir að henni hafi aldrei liðið eins leiðinlega og hún var fljót að fara aftur í blátt.

„Ég hætti við að vilja verða fatahönnuður, mér fannst þægilegt að fót væru bara tilbúin,“ segir hún og hlær. „Ég er líka mjög góð í að sjá hvaða hlutir fara saman. Ég fann út að mig langaði að verða stílisti.“

Leiðin lá í London College of Fashion og hún innritaðist í BAnám í Fashion Styling and Production. Eftir tveggja ára nám útskrifaðist Rakel Unnur með diplómu en gat ekki klárað þriðja árið sitt. „LÍN lánar bara ákveðna fjárhæð fyrir skólagjöldum. Ég hafði ekki efni á að borga mismuninn en árið kostar þrjár milljónir. Nám erlendis er mjög dýrt,“ segir Rakel Unnur og bætir við: „Það er mjög sárt að hafa ekki geta fengið að klára nám, aðeins vegna þessarar ástæðu. LÍN segir að maður geti unnið fyrir mismuninum á sumrin, en ef maður er duglegur og vinnur mikið þá skerðist hvað maður fær í framfærslu. Manni er refsað fyrir að vera duglegur.“

#### Kaupmannahöfn

Rakel Unnur ætlaði að safna fyrir seinasta árinu sjálf og ákvað að taka eins árs pásu frá náminu til þess og flutti frá London. Kaupmannahöfn varð fyrir valinu sem næsti áfangastaður.

Hún fékk starf sem verslunarstjóri hjá Wasteland, sem er ein vinsælasta vintage-fataverslun í Kaupmannahöfn. Ábyrgðin jókst og verkefnum fjölgadi með tímnum, eins og að fara til Bandaríkja og handvelja fót fyrir verslunina.

Á þessum tíma gat Rakel Unnur sér einnig gott orð sem stílisti, bæði í Kaupmannahöfn og á Íslandi. Hún komst á skrá hjá umboðsskrifstofu og hefur unnið að fjölda stílistaverkefna. Meðal þeirra eru tónlistarmyndband fyrir hljómsveitina Dream Wife, auglýsingu fyrir Ísey Skyr, herferð fyrir Hummel, Minimum, Soul-land og tiskumyndabættir fyrir tímarit. Rakel Unnur er einnig tískuristjóri hjá Bast Magazine og hefur skrifað þar greinar síðastliðin fimm ár.

#### Hætti að drekka áfengi

Þegar Rakel Unnur bjó í London ákvað hún að breyta um lífsstíl. Hún hætti að drekka áfengi.

„Ég gafst upp. Ég ákvað að það

væri kominn tími til að breyta um lífsstíl. Ég gerði það ekki vegna þess að ég ætti beint við vandamál að stríða, heldur hafði drykkjan svo mikil áhrif á mig andlega. Ég vildi breyta því hvernig mér liði og ákvað að taka pásu frá drykkju og djamma.“

Rakel Unnur segir að henni hafi aldrei liðið vel í glasi. „Ég átti ekki í neinum vandamálum með áfengi. En eins og það er hérna á Íslandi fóru helgarnar í drykkju, djamma og þynnku. Fólk bíður eftir helginni til að komast á djammað, svona er bara menningin hérna á Íslandi. Mig langaði sjaldan í áfengi, mér hefur aldrei fundist það einu sinni gott á bragðið. En það var höppþrýstingur um að fara að djamma og gleyma sér. Á endanum fékk ég ógeð af því andlega. Það tekur á að djamma hverja einustu helgi. Manni líður ekki vel. Ég fékk nóg á tímabili.“

Áfengispásan átti upprunalega að vera aðeins þrjú mánuðir. Hins vegar leið henni svo vel að pásan lengdist. Í dag hefur Rakel Unnur ekki drukkið áfengissopa í þrjú og hálf ár.

„Það sem ég er búin að afreka síðan ég hætti að drekka er ótrúlegt. Ég er með miklu meiri orku. Mér hefur ekki liðið illa í líkamannum í þrjú og hálf ár. Þegar ég var

þunn var ég bara veik og eyddi öllum deginum upp í rúmi.“

#### Fer út að skemmta sér

Rakel Unnur segist fara út að skemmta sér með vinum sínum. Hún segir það þó takmarkað hvað hún nenni að vera lengi.

„Mér líður alls ekki illa við að fara út að skemmta mér. Fyrst var erfitt að vera ekki í sama hugarstandi og aðrir. Það sem hjálpaði mér var að fá mér drykk með röri svo það liti út fyrir að ég væri að drekka. Því ef maður drekkur ekki fær maður endalausar spurningar og ég þurfti sífellt að útskýra af hverju ég væri ekki að drekka. Mér fannst það óþægilegt fyrst, en ekki lengur. Stundum langar mig auðvitað að komast út úr hausnum á mér eins og fólk gerir með drykkju. En það eru til aðrar leiðir til þess, eins og að hugleiða,“ segir hún.

„Arnar, kærasti minn, hætti að drekka áfengi fyrir tveimur árum af sömu ástæðu og ég. Að maki þinn sé með sömu áherslur og þú í lífinu, og að það snúist ekki allt um að fá sér bjór eða fara á djammað, er ótrúleg tilfinning.“

#### Draumurinn rættist

Rakel Unnur segir að hún hafi ekkert á móti áfengi, það sé bara ekki

fyrir hana. „Ég get alveg sagt að með því að hafa hætt að drekka hafi ég náð eins langt og ég hef gert,“ segir Rakel Unnur.

Aðspurð hver draumur hennar sé, brosir Rakel Unnur og segir: „Einn af mínum stærstu draumum er að rætast. Það er mjög skrytið! Ég er loksins að fá allt til baka sem ég hef gert.“

#### Opnar sína eigin verslun

Wasteland er að fara út fyrir landsteinna Danmerkur og hefur opnað verslun í miðbæ Reykjavíkur. Rakel Unnur er meðeigandi verslunarinnar. Verslunin var opnuð 14. mars og verður opin frá fimmtudögum til sunnudaga næsta mánuðinn og mun vera opin á hverjum degi frá 4. maí næstkomandi.

Rakel Unnur segir að hún muni leggja áherslu á að allir geti komið að keypt hjá henni, bæði ungir sem aldnir og fólk í öllum stærðum og gerðum. „Það er ótrúlegt að hafa náð þessu markmiði, að eiga mína eigin verslun sem er einnig góð fyrir umhverfið. Ég er búin að vinna svo ótrúlega ótullega að þessu. Ef þú átt þér draum, fylgdu honum og hann mun rætast,“ segir Rakel Unnur. ■

**ELDBAKAÐAR  
EÐAL PIZZUR**  
WWW.CASTELLO.IS

**Castello**  
PIZZERIA

PANTAÐU  
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI  
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

“Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu”

SH Morgunblaðið



# Fyrsta Skiptið

ATHUGIÐ - AUKASÝNING 28. MARS



Fimmtudagur 14. mars **uppselt**  
Föstudagur 15. mars **uppselt**  
Föstudagur 22. mars **uppselt**  
Laugardagur 23. mars **uppselt**

Fimmtudagur 28. mars Aukasýning







# Elskaðir og hataðir útvarpsmenn

Álitsgjafar Pressunnar völdu árið 1993

**S**umarið 1993 valdi Pressan lista yfir bestu og verstu útvarpsmennina. Leitað var til nokkurra valinkunnra Íslendinga til að gefa álit og kjósa. Sumir útvarpsmennirnir enduðu á báðum listum.



**Stefán Jón Hafstein - RÚV**  
„Sá í nútíma sem rímar við það sem Jón Múli gerði áður.“

**Pétur Tyrfingsson - RÚV**  
„Þekking, kímni og þægileg rödd í bland við einlægt blústrubóð.“

**Ævar Kjartansson - RÚV**  
„Mjög góður í að laða fram hjá fólki kjarnann í máli þess.“

## Elskaðir



**Illugi Jökulsson - RÚV**  
„Hættir til að hafa einum of neikvæðar skoðanir en tekst þó oftast að koma þeim skemmtilega neyðarlega fyrir.“



**Stjáni Stuð - Útrás**  
„Slær í gegn með taumlausri gleði yfir að vera í útvarpi.“



**Jón Múli Árnason - RÚV**  
„Uppáhaldsútvarpsróddin.“



**Besta par: Radiúsbræður ásamt Jakobi Bjarnar**  
„Hafa vit á því að höfða ögn meira til vitsmuna fólks en aðrir sem standa að svipuðum þáttum.“

**Snorri Sturluson - RÚV**  
„Einn fárra plötusnúða á launaskrá útvarpsstöðvanna sem kunna bæði að snúa plötum og tala íslensku.“



**Eiríkur Jónsson - Bylgjan**  
„Blæs allur út ef viðmælandinn er feiminn og veður yfir viðkomandi með offorsi.“

**Valdís Gunnarsdóttir - FM 957**  
„Væmin og tilgerðarleg, svo úr hófi keyrir.“

**Tveir með öllu/Jón Axel og Gulli Helga - Bylgjan**  
„Sjálfumglaðir monthanar.“

**Bjarni Dagur Jónsson - Bylgjan**  
„Kemur út sem sífelld kók- og marsípanauglýsing.“

## Hataðir



**Versta par: Erla Friðgeirs og Siggí Hlö - Bylgjan**  
„Óþolandi rembingur fólks, sem virtist trú á því að breiða mætti yfir húmorsleysi og andleysi með hamagangi og pikuskraekjum.“

**Ingibjörg Gréta Gísladóttir - Bylgjan**  
„Talar jafnverstu íslensku sem heyrst hefur í útvarpi.“

**Kristján Þorvaldsson - RÚV**  
„Svo þvoglumæltur að hann færi líklega betur í textavarpi.“



**Jónas Jónasson - RÚV**  
„Sumir menn eiga að þekkjá sinn vitjunartíma.“

## Hataðir og elskaðir



**Páll Óskar - Aðalstöðin**  
„Lætur allt flakka“ - „Virðist standa í þeirri trú að útvarp hafi verið fundið upp fyrir hans eigin persónu.“



**Sigurður G. Tómasson - RÚV**  
„Mátulega ögrandi“ - „Einhver sá forpokaðasti.“



**Þorsteinn J. - RÚV**  
„Frumlegastur útvarpsmanna“ - „Óþolandi tilgerðarlegur“



Fossvogskapella Líkum var víxlað fyrir slysi.

# Rangt lík í kistulagningu

**H**austið 1997 urðu vandræðaleg mistök hjá Útfararstofu kirkjugarðanna þegar lík víxluð-ust fyrir athöfn. Voru þetta mistök sem koma örsjaldan fyrir að sögn útfararstjóra.

Mistökinn áttu sér stað um miðjan októbermánuð árið 1997 í Fossvogskapellu. Uppgötvuð-ust þau í kistulagningu, það er að rangt lík var í kistunni. DV greindi frá málinu þann 20. október en Ísleifur Jónsson útfararstjóri vildi ekki ræða þetta tiltekna mál. DV hafði heimildir fyrir því að líkleg-asta skýringin væri sú að kistur hinna látnu hafi verið merktar sömu upphafsstöfum. Nöfnin voru hins vegar ekki þau sömu.

**Ekki rukkað**  
Ísleifur sagði hins vegar að jafn

alvarleg mistök sem þessi væru mjög sjaldgæf og gerðust aðeins á margra ára fresti. Einnig sagði hann að hafa bæri í huga að Útfararstofa kirkjugarðanna sæi um allt að eitt þúsund athafnir á ári hverju og heilmikið ferli lægi að baki hverri athöfn.

En hver voru viðbrögðin í svona tilfellum? Ísleifur sagði að hið fyrsta væri að halda fund með öllum þeim sem tengdust útför-inni. Þar væri komist til botns í því hvernig mistökinn hefðu gerst og unnið að því að koma í veg fyrir að þau endurtækju sig.

Einnig væri fundað með að-standendum hins látna og allar rukkanir felldar niður. Fara væri varlega því að málið væri að sjálf-sögðu viðkvæmt. ■

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

### Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:  
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

# Stærsta ráðgáta flugsögunnar

■ 239 manns hurfu sporlaust ■ Hvað varð um flugvélina og farþegana?

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Skömmu eftir miðnætti þann 8. mars 2014 settust 227 farþegar upp í flugvél frá Malaysian Airlines á flugvellinginum í Kúala Lúmpúr. Eins og venjan er í flugvélum sá áhöfnin um að settum reglum væri fylgt hvað varðar frágang farms, að farþegarnir væru allir komnir um borð, og allt annað sem á henni hvílir að uppfylla áður en haldið er af stað. Á þessu loknu fengu Zaharie Ahmad Shah flugstjóri og Fariq Abdul Hamid flugmaður heimild frá flugturninum til að aka út á flugbraut 32R og undirbúa flugtak. Þetta var ekkert frábrugðið öðrum flugferðum enda reglurnar og vinnuferlarnir nánast alltaf þeir sömu. Klukkan 00.42 hóf vélin sig til lofts og hækkaði flugið hratt upp í kolsvartan himininn. Stefnan var tekin á Beijing Capital International Airport í Kína þar sem vélin átti að lenda klukkan 06.30. Hinsta flug flugs MH370 frá Malaysian Airlines var hafið. Ein stærsta ráðgáta flugsögunnar var í uppsiglingu.

Um borð voru 239 manns; 227 farþegar og 12 manna áhöfn. Þar af voru 153 Kínverjar. Í heildina




Flugmennirnir  
Fariq Abdul Hamid og  
Zaharie Ahmad Shah.

var fólk af 13 þjóðernum um borð. Meðal farþeganna var hópur 19 listamanna sem var á heimleið frá listaráðstefnu í Kúala Lúmpúr,

kaupsýslufólk, fjölskyldufólk og einhleyp fólk.

„Good night. Malaysian three seven zero“



„Ég sá flugvélina fara frá vinstri til hægri eins og brotinn dreka“

Svona hljóðuðu síðustu samskiptin við flugmenn flugs MH370 en þá var klukkan 01.19 og vélin var að koma inn í loft-helgi Víetnam. Hún komst aldrei í fjarskiptasamband við flugumferðarstjóra í Víetnam.

Síðari rannsóknir hafa leitt í ljós að sjálfvirk samskipti flugvélarinnar og flugumferðarstjóra í gegnum hið svokallaða ACARS-kerfi höfðu verið rofin þegar síðustu samskiptin áttu sér stað. Almennt er talið að samskiptin um ACARS-kerfið hafi verið rofin af ásetningu. Inmarsat-gervihnatta-kerfið nam sjálfvirkar merkja-sendingar frá vélinni allt þar til klukkan 08.19. En neyðarkall barst aldrei frá vélinni. Út frá þeim gögnum sem gervihnettir mót-tóku frá vélinni er ljóst að þegar hún nálgast víetnamska loft-helgi var stefnu hennar breytt til vesturs og síðan til suðurs. Auk þess var flughæð vélarinnar ítrekað breytt. Hjá Malaysian Airlines vissi fólk strax um nóttina að eitt-hvað mikið var að, en þeim upplýsingum var haldið leyndum. Þeir sem biðu eftir vélinni í Pek-ing sáu bara tilkynningu á upp-

lýsingaskjáum um að vélinni hefði seinkað.

Klukkan 07.30 var boðað til fréttamannafundar þar sem tilkynnt var að flugs MH370 væri saknað og að verið væri að skipuleggja leit úr lofti og á sjó. Fréttin barst hratt um heiminn og varð fljótt aðalfrétt flestra fjölmiðla.

## Litlu nær

Aðstandendur fengu enga útskýringu á hvað hefði komið fyrir flugvélina og þá sem voru um borð. Nú, rúmum fimm árum síðar, hafa þeir ekki fengið neinar frekari skýringar. Málið hefur eiginlega frekar þróast í hina áttina og orðið enn dularfyllra. Mörgum spurningum er ósvarað og aðeins fáum spurningum um örlög vélarinnar hefur verið svarað til þessa. Á fyrstu dögnum, vikunum og mánuðunum eftir hvarf vélarinnar var umfangsmikil leit gerð að henni. En þessi leit, eins og síðari leitir, var nánast árangurslaus því flak vélarinnar fannst ekki og hefur ekki enn fundist. Háum verðlaunum var heitið þeim sem gæti fundið flak vélarinnar en það er talin forsenda þess að hægt ▶

**Gerð gæða- og verðsamanburð**

**MEMORY Deluxe**

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjónun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

**VALHÖLL**

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistífl heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

**SAGA / FREYJA**

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstjónun í yfirdýnu, sterkir hlöðarkantar, gæðabólstrum. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 94.900.-**

**Svefn & heilsa**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





Zahid Raza Myrtur eftir að hann rannsakaði hvarfið.



MH370 Hvarf með 239 manns um bord.

verði að leysa þessa miklu ráðgátu. En án árangurs, flakið er ófunduð.

Brak, sem að öllum líkindum er úr vélinni, hefur fundist eða 20 til 30 hlutir. Þeir fundust á reki í Indlandshafi eða við strendur sama hafs. Af þessum sökum og vegna þeirra merkjasendinga sem Inmarsat-gervihnattakerfið mótók hefur leitinn að flaki vélarinnar að mestu beinst að Indlandshafi. Í janúar á þessu ári fannst brak, sem líklega er úr flugi MH370, á Madagaskar. Þetta dularfulla mál hefur að vonum orðið uppspretta ótal samsæriskeninga og kenninga um örlög vélarinnar og margir hafa stigið fram og fullýrt að þeir hafi leyst málið en það er nú samt enn óleyst.

Síðast var það indónesíska sjómaðurinn Rusli Khusmin sem komst í heimsfréttirnar þegar hann kom fram á fréttamannafundi í Indónesíu í janúar síðastliðnum og sagðist hafa séð vélina hrpa í sjóinn umrædda nótt þegar hann var á veiðum í Malacca-sundi á milli Indónesíu og Malasíu. Hann skráði GPS-hnitin hjá sér þessa nótt og skýrði frá þeim á fréttamannafundinum.

„Ég sá flugvélin fara frá vinstri til hægri eins og brotinn dreka. Það var ekkert hljóð. Bara svartur reykur frá eldi áður en hún hrapaði í sjóinn,“ sagði hann á fréttamannafundinum. En Khusmin gaf engar skýringar á af hverju hann

## Higgins er sannfærður um að flugstjórinn, Zaharie Ahmad Shah, sé enn á lífi og fari huldu höfði með ástkonu sinni.

hefði ekki skýrt frá þessu fyrr, en á fundinum sór hann við Kóraninn að hann væri að segja satt.

Í desember birti Cornell University umfangsmikla skýrslu, sem var gerð af danska prófessornum Martin Kristensen, um hvarf flugs MH370. Samkvæmt henni hrapaði vélin í sjóinn undan ströndum Jólaeyju, ástralskri eyju undan ströndum Indónesíu. Þar hefur ekki verið leitað að flakinu.

### Flugrán er ekki talið útilokað

Í skýrslu Kristensen er sjónum beint að fjórum þáttum: hraða

flugvélarinnar, magni eldsneytis, merkjasendingum frá henni og hinum svokölluðu doppleráhrifum. Niðurstaðan er að í tilfelli flugs MH370 séu aðeins fjórir staðir á jörðinni þar sem þessir fjórir þættir passa saman. Fyrsti staðurinn er í Indlandshafi en hann passar við það sem Inmarsat-gervihnattakerfið nam. Annar staðurinn er á landi í Kasakstan. En það á við um báða þessa staði að vélin hefði komið fram á ratsjám ef hún hrapað þar. Þriðji staðurinn er utan við Perth í vesturluta Ástralíu en þar hefur ítrekað verið

leitað að flakinu en án árangurs. Því stendur fjórði staðurinn einn eftir að mati Kristensen en hann er utan við Jólaeyju. Hann telur 90 prósent líkur á að flakið sé þar. Ef það er rétt hefur stefnu vélarinnar verið breytt mikið þegar hún var yfir Bengalflóa og henni hefur þá verið flogið meðfram ströndum Indónesíu. Kristensen telur að þessi stefnubreyting hafi verið gerð að yfirlögðu ráði og hann útilokar ekki að um flugrán hafi verið að ræða. Hann útilokar ekki heldur að flugstjórinn, Zaharie Ahmad Shah, hafi átt hlut að máli. Hann telur að hugsanlegir flugræningjar hafi mögulega ætlað að lenda vélinni á Súmötru. Annar möguleiki að hans mati er að flugræningjarnir hafi stökkið út í fallhlíf. Til þess að það væri hægt hefði þurft að lækka flugið mikið, hægja á vélinni og opna dyr. Ef þetta var gert og flugræningjarnir höfðu stíllt sjálfstýringuna á að hækka flugið aftur hefði flugvélin, vegna hinna opnu dyra, flogið áfram með of lítinn loftþrýsting í farþegarýminu en það hefði haft í för með sér að reykjarlóði hefði myndast á eftir henni áður en hún hrapaði í sjóinn.

Í lokaskýrslu flugmálayfirvalda í Malasíu um málið, en hún var birt síðasta sumar, kemur fram að ekki sé útilokað að vélinni hafi verið rænt en ekki er farið nánar út í það frekar en annað því í skýrslunni er forðast að giska á hvað gerðist þessa örlagaríku nótt. Ef um vel skipulagt hryðjuverk var að ræða vantar algjörlega svör við hverjir stóðu á bak við það og hver tilgangurinn var. Enginn, að minnsta kosti sem mark er takandi á, hefur lýst yfir ábyrgð á hvarfi vélarinnar.

### Var þetta sjálfsvíg?

Sú kenning sem hefur kannski fengið allra mesta umfjöllun í tengslum við hvarf vélarinnar er að flugstjórinn hafi ákveðið að fremja sjálfsvíg með því að granda vélinni og þar með öllum öðrum um bord. Ástæðan fyrir þessu hefur verið sögð að hann hafi glímt við persónuleg vandamál og hafa sumir fjölmiðlar nefnt að daginn áður en vélin hvarf hafi eiginkona hans tilkynnt honum að hún og börn þeirra vildu yfirgefa hann. Það var til að styrkja þennan orðróm að Andreas Lubitz, flugmaður hjá Germanwings, stýrði farþegavél með 149 öðrum um bord beint inn í fjallshlíð í frönsku Ölpunum ári síðar. Yfirvöld hafa algjörlega hafnað þessum kenningum og segja að engar sannanir hafi fundist fyrir að flugstjórinn eða flugmaðurinn hafi haft nokkur tengsl við hryðjuverkasamtök eða hafi verið í sjálfsvígshugleiðingum.

En þetta hefur ekki orðið til að gera út af við kenningar sem þessar. Fyrir þremur árum fjallaði New York Post um málið og kenninguna um að flugstjórinn hafi tekið áhöfnina og farþegana með sér

í dauðann. Blaðið fjallaði á nýjan leik um upplýsingar þess efnis að flugstjórinn hafi æft sig á flugleið, sem svipar til þeirrar sem talið er að flug MH370 hafi farið nóttina örlagaríku, í einkaflughermi sínum. Í lok febrúar fjallaði ástralski netmiðillinn news.com.au einnig um þetta en útgangspunkturinn var ný bók rithöfundarins og blaðamannsins Eans Higgins, The Hunt for MH370, sem er nýkomin út. Í henni setur Higgins fram nokkrar kenningar um örlög flugs MH370. Meðal annars varpar hann því fram að flugstjórinn hafi sent flugvélin og alla um bord í dauðann en hafi sjálfur stökkið út í fallhlíf og lifað af. Higgins er sannfærður um að flugstjórinn, Zaharie Ahmad Shah, sé enn á lífi og fari huldu höfði með ástkonu sinni, einni af mörgum.

Íranímír Pouria Nour Mohammad og Seved Mohammed Rezar Delawar vöktu líka áhuga rannsakaða en þeir voru báðir um bord í vélinni. Þeir ferðuðust undir fölskum nöfnum með stolin vegabréf sem hafði verið stolið frá Ítala og Austurríkismanni í Taílandi, þeim Christian Kozel og Luigi Maraldi. Íranímír voru því fljótt stimplaðir hryðjuverkamenn. En rannsókn leiddi í ljós að þeir voru hafðir fyrir rangri sök. Þeir höfðu ætlað að komast til Evrópu í gegnum Peking og þaðan til Amsterdam. Þeir ætluðu að sækja um pólitískt hæli í Evrópu.

### Ein stór ráðgáta

Auk fyrrgreindra kenninga hefur því verið velt upp hvort sprenging hafi orðið í vélinni af slysi eða hvort hryðjuverkamenn hafi notað fjarstýrð flugfór til að granda henni. Sumir eru sannfærðir um að vélin hafi ekki lent í sjónum, heldur hafi flugmenn hennar verið neyddir til að lenda á óþekktum stað. Samsæriskeningasmíðir eru að vonum í essinu sínu og eru þess fullvissir að yfirvöld viti vel hvað kom fyrir flugvélin en leyni því af pólitískum ástæðum. Margir aðstandendur, þeirra sem voru um bord, telja að fólkíð sé enn á lífi.

Það ýtti enn undir samsæriskeningar að þann 24. ágúst 2017 var Zahid Raza, sem var konsull Malasíu á Madagaskar, myrtur. Hann hafði rannsakað hvarf flugs MH370 af miklum krafti og ætlaði, rétt áður en hann var myrtur, að afhenda yfirvöldum í Malasíu brak úr vélinni. Morðið hristi vel upp í samsæriskeningum og gaf þeim byr undir báða vængi.

En málið er enn óleyst og ekkert útlit fyrir að það sé að leysast. Um 30 ríki hafa komið að leitinni, þar á meðal Ástralía, Kína, Bandaríkin og Malasía. Leitinn að vélinni er sú umfangsmesta og dýrasta í sögu flugsins. ■

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &  
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500



# FERMINGARGJÖFIN Í ÁR?

## ARC-TIC ICELAND ÚR



RETRO ÚR MEÐ LEÐURÓL  
VERÐ FRÁ:  
**29.900,-**



IMT 200 METRA VATNSHELT  
ÚR MEÐ GÚMMIÓL  
VERÐ FRÁ:  
**39.900,-**



RETRO ÚR MEÐ STÁLÓL  
VERÐ FRÁ:  
**39.900,-**



**ARCTIC**  
ICELAND  
[www.arc-tic.is](http://www.arc-tic.is)

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551 4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)

# JÓHANN HEFUR MYNDAÐ AK

Myndir frá fyrstu bílasýningu Kvartmíluklúbbsins

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Jóhann A. Kristjánsson ljósmyndari stofnaði hópinn JAK Mótorsport á Facebook nýlega, þar sem hann deilir ljósmyndum úr eigin safni. Jóhann er einnig meðlimur í Kvartmíluklúbbum og eru myndirnar hér frá fyrstu bílasýningu klúbbsins.

Jóhann er kennari að mennt og starfaði lengst af sem kennari, aðstoðarskólastjóri og að lokum sem skólastjóri í Öskjuhlíðarskóla. „Í dag er ég skólastjóri á eftirlaunum og starfa sem forfallakennari í Klettaskóla, sem tók við af Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla.“

Ljósmyndunin hefur verið áhugamál í áratugi hjá Jóhanni. „Ég byrjaði að taka myndir 1967, 1968 þegar ég var við nám í kennaraskólanum. Ég hef myndað allar götur síðan og þá mikið svona önnur áhugamál. Á upphafsárum Kvartmíluklúbbsins myndaði ég fyrir DB, Dagblaðið gamla, og svo hélt ég áfram þegar það sameinaðist Vísi og varð að DV og var við-

loðandi það í lausamennsku að mynda og skrifa um aksturspróttir. Eftir 1983 skrifaði ég líka mikið um vaxtarsport, kraftlyftingar og slíkt. Og er ég með annan hóp á Facebook fyrir það: Jak kraftsport.“

Jóhann starfaði í afleysingum í ljósmyndun fyrir DV á sama tíma og hann sinnti kennslunni. „Ég kom inn á sumrin og tók líka kvöld- og helgarvaktir.“ Jóhann starfaði einnig á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þar sem hann myndaði aksturspróttir.

Jóhann á fjölda mynda sem hann er að vinna við að koma á stafrænt form. „Mér reiknast til að þetta séu 250 þúsund myndir á filmu. Þegar filman datt út fór allt DV-safnið mitt á Ljósmyndasafn Reykjavíkur.“

Jóhann á Corvettu, sem hann er búinn að eiga í 40 ár, 69 Corvettu. „Það er færsla um hann í hópnum, sem ég setti inn þegar voru liðin 40 ár frá því ég keypti hann. Ég hef keppt á honum í 2-3 keppnum, svo gerði ég nú ekki mikið meira af því.“

Börn Jóhanns hafa ekki elt hann í áhugamálin, hvorki kvartmíluna né ljósmyndunina, en taka þó illa í það þegar Jóhann imprar á að selja Corvettuna.

Kvartmíluklúbburinn var stofnaður 6. júlí 1975 og er Jóhann einn af stofnfélögum hans. Stofnfundurinn var haldinn fyrir fullu húsi í ráðstefnusal Hótel Loftleída. „Ég er líka heiðursfélagi í Bílaklúbbi Akureyrar, þeim fannst ég skrifa svo fallega um þá á sínum tíma og gerðu mig að heiðursfélagi fyrir mörgum árum,“ segir Jóhann og hlær.

Þann 30. maí 1976 hélt Kvartmíluklúbburinn fyrstu bílasýningu sína og eru myndirnar hér frá þeirri sýningu. Sýningin var haldin úti, á lóð Austurbæjar-

skólans í Reykjavík og var tilgangurinn með sýningunni að afla fjár til brautarbyggingar.

Reykjavíkurborg úthlutaði Kvartmíluklúbbum lóð við spennistöðina á Geithálsi, og var farið að mæla út fyrir braut þar. Það

kom hins vegar fljótlega í ljós að mjög dýrt yrði að byggja braut á þeim stað vegna þeirra umfangsmiklu jarðvegsskipta sem þyrftu að fara fram.

Þegar þetta kom í ljós þá var þegar farið að leita að öðrum stað til að byggja braut á. Það endaði síðan á því að klúbburinn gerði samning við Skógrækt ríkisins sem átti land í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar. Áður en byrjað var á byggingu brautarinnar þurfti meðal annars að athuga

með grunnvatn í nágrenninu vegna hugsanlegrar mengunar, og var Jón Jónsson jarðfræðingur fenginn til að meta þann þátt. Eftir að hann hafði gefið grænt ljós gáfu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði líka grænt ljós á byggingu brautarinnar.

Hafist var handa við bygginguna 1978 og var það verktakafyrirtækið Aðalbraut sem sá um vinnuna. Lokið var síðan við lagningu brautarinnar 1979 og var fyrsta keppni áætluð 28. október sama ár. Ekkert varð þó af henni þar sem að morgni þess dags var 20 sentimetra jafnfallinn snjór yfir öllu og þar með var að fresta þessu til næsta vors. Það var síðan voríð 1980 sem brautin var formlega opnuð og byrjað var að keppa á henni, en þá var hún eina sérbyggða spyrnubrautin í Evrópu. Markmið Kvartmíluklúbbsins og slagorð hefur alltaf verið „Hraðakstur af götunum og á inn á lokuð svæði.“



Vettan hans Jóhanns gullfalleg sem brúðarbill



Jóhann og börnin hans

# KSTURSÍÞRÓTTIR Í ÁRATUGI

**Geysilegur áhugi á bílasýningunni**



Stærri fjöldi áhva var sýndur á bílasýningu á Akureyri í gær. Á sýningunni komu fleiri en 100 bílar til sýningar. Lítt er til að sjá á myndinni.

„Þetta gekk mjög vel hjá okkur. Á þessum tímum komu um 1500 bílar til sýningar á sýningunni sem hóf í gær. Þetta er geysilega mikill áhugi á því sem við erum að gera.“ sagði Órvar Sigurðsson, formaður Kvartíllis klúbbsins, er við höfuðinn samband við hann í morgun vegna bílasýningar klúbbsins í gær.

„Þetta er mikill sýning og fleiri en 100 bílar komu til sýningar. Þetta er mikill áhugi á því sem við erum að gera.“ sagði Órvar Sigurðsson, formaður Kvartíllis klúbbsins, er við höfuðinn samband við hann í morgun vegna bílasýningar klúbbsins í gær.

Stærri fjöldi áhva var sýndur á bílasýningu á Akureyri í gær. Á sýningunni komu fleiri en 100 bílar til sýningar. Lítt er til að sjá á myndinni.



# SAKAMÁL



**3** börn urðu fórnarlömb geðbilunar bandarísku konunnar Angelu Camacho þann 11. mars 2003. Angela og sambýlismaður hennar, John Allen Rubio, voru ákærð fyrir að hafa myrt þrjú börn hennar; Julissu, þriggja ára, Mary Jane, tveggja mánaða, og John Esthefan, eins árs. John Allen var faðir Mary Jane og Johns Esthefan. Að sögn kyrktu Angela og John Allen dæturnar og afhöfðu að því loknu. Síðan tók parið sér smá hlé, þreif sig og hafði kynmök, áður en það sneri sér að syninum. Ættingi þeirra hafði síðar samband við lögregluna, eftir að hafa fundið lík stúlkanna og drengsins á heimili Angelu og Johns Allen í Brownsville í Texas. Líkunum hafði verið troðið í rusl og drengsins lá í rúmi.

# VILTIST ÁV

■ Christopher vildi bjarga börnum ■ Taldi sig vera verkfæri Guðs ■ Smíðaði sín e

Ég er ekki ofbeldishneigð manneskja," sagði 16 ára unglingur, Christopher Dankovich, við dómarrann, John J. McDonald, í dómsal í maí árið 2006.

Hvort þau orð standist skoðun verður ekki lagt mat á hér og nú.

Rúmu ári áður hafði Christopher stungið fimmtuga móður sína til bana á heimili þeirra í Rochester Hills í Michigan í Bandaríkjunum.

## Stungin 111 sinnum

Sextán ára að aldri stóð Christopher frammi fyrir dómarrannum og baðst afsökunar vegna verknaðar síns, sem hann hafði framið 24. apríl 2005.

Þá, fimmtán ára grunn-skólanemi, hafði drengurinn ráðist á móður sína, Diane Michele, vopnaður litlum hnífi, og stungið hana 111 sinnum og stungið úr henni annað augað.

Lík Diane fannst næsta dag en Christopher var hvergi sjáanlegur.

**Hann var að reyna að stöðva þá sem framkvæmdu fóstureyðingar. Hann var að reyna að stöðva barnaklám. Hann vildi bjarga börnum.**

Hann fannst þó þann sama dag í kofa föður síns í Norður-Michigan. Þangað hafði hann flúið og þegar hann var handtekinn var hann vel útbúinn til útilegu.

## Verkfæri Guðs

Þegar dómarrinn spurði Christopher hvernig honum liði, svaraði hann: „Ég er bara sorgmæddur ... taugaóstyrkur.“ McDonald hafði leitt hugann að því hvort samfélaginu stafaði hættu af Christopher þegar hann losnaði úr fangelsi og því farið fram á sérfræðiálit sálfræðings.


Af áliti sálfræðingsins mátti ráða að Christopher hefði talið sig vera á sérlegri vegferð á vegum Guðs. Verkefnið var að vernda börn.

## Heimasmíðuð vopn

Móðir Christophers hafði sett ofan í við hann vegna heimasmíðaðra vopna hans, sem átti beita gegn fylgendum fóstureyðinga og þeim sem framkvæmdu þær, sem og þeim sem hugnaðist barnaklám og framleiddu.

Aðfinnslur móður hans féllu ekki í góðan jarðveg og átti

Fimmtán ára Christopher Dankovich var með ranghugmyndir um tilveru sína.



Christopher til að slá til hennar þegar svo bar undir.

Dómarrinn spurði Christopher hvaðan sú sannfæring, að hann væri í herferð á vegum Guðs, væri runninn, en Christopher vildi ekki fjölyrða um það: „Ég kæri mig ekki um að ræða það ... Allt fór í handaskolum.“

## Hugsanleg áhrif móður

Við málsmeðferðina var einnig ymprað á bréfi sem dómarrannum hafði borist, en ekki var upplýst hver sendandi bréfsins var. Verjandi Christophers, Mitchell Ribitwer, sagði að í bréfinu væri ýjað að tilfinningalegri drottun móður Christophers í garð sonar síns, að hún hefði reynt að móta þankagang hans.

Á þeim nótum hafði verjandinn einnig orð á því að frá því að Christopher myrti móður sína hefði hann verið í meðferð þar

sem honum var hjálpað að takast á við þær ranghugmyndir að hann væri verkfæri Guðs.

## Frá Biblíu til vígahópa

Ribitwer sagði einnig að Christopher sæi þegar þarna var komið sögu „villu síns vegar“ og deginum ljósara að móðir hans hefði ekki gert sér grein fyrir ástæðum vopnagerðar hans.

„Þetta kom þeim í opna skjöldu,“ sagði Ribitwer. Frá því að vera hugfanginn af Biblíunni fór Christopher af vafra í netheimum, á slóðum andstæðinga fóstureyðinga. Þaðan lá síðan leiðin á síður vopnaðra vígahópa.

## Vildi bjarga börnum

„Í eigin huga var Chris einfaldlega í leiðangri fyrir Guð. Hann trúði á æðri yfirvöld og móðir hans skyldi ekki fá að hindra hann. Hann var að reyna að stöðva þá sem fram-



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS  
í hjarta REYKJANESBÆJAR


MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR





Skötu hjúin sögðu lögreglunni að þau hefðu talið að börnin væru andsetin: „Okkur fannst sem einhver hefði hneppt þau í álög.“ Angela sagði að vel þekkt tilraun með egg hefði staðfest grun þeirra. Aðferðin fólst í því að hún nuddaði eggji við Julissu og setti eggjó síðan í skál með vatni. „Eins og eggjó flaut var ljóst að eitthvað hafði komið fyrir Julissu,“ sagði Angela. Daginn eftir breytti Angela framburði sínum og sagði að fjárhagsleg ör-vænting hefði leitt til voðaverkanna. Hvað sem því líður þá fékk Angela páfaldan lífstíðardóm, 30. júní 2005, og skal afplána hvern á fætur öðrum. John Allen var fór fram á dauðadóm yfir sjálfum sér og var dæmdur til dauða árið 2003.



# VEGUM GUÐS

## Ígin vopn til baráttunnar

**Í járnnum** Getur sótt um reynslulausn þegar hann verður 40 ára.

**„Ég er bara sorgmæddur ... taugaóstyrkur.“**

kvæmdu fóstureyðingar. Hann var að reyna að stöðva barnaklám. Hann vildi bjarga börnum,“ sagði Ribitwer.

Hann bætti við að allt þetta sýndi röskun í hugsunarhætti, sem væri lyklatríði í geðveiki eins og hún væri skilgreind í réttarkerfinu.

### Samúð og gremja

Þegar upp var staðið urðu mála-lyktir þær að Christopher var dæmdur til 25 til 37 ára vistar í fangelsi. Þegar McDonald dómari kvað upp dóm sinn beindi hann einnig orðum sínum til föður Christophers.

McDonald sagði að um sorglegt mál væri að ræða og að hugur hans væri hjá föðurnum, fyrrverandi eiginmanni Diane, James Dankovich. Að því sögðu bætti dómari við að hann yrði þó að vinna vinnuna sína og lýsti enn fremur yfir gremju sinni. Honum gramd-ist að geta engan veginn skilið hvað hefði rekið ungan dreng og fyrirmyndarnemanda til þessa voðaverks.

### Áhyggjufullur dómari

„Þú varst til þess að gera til fyrirmyndar, engin hegðunar-vandamál,“ sagði McDonald við Christopher. „Það veldur mér áhyggjum. Ég fæ engan botn í þetta,“ bætti hann við. Síðan spurði dómariinn Christopher hvað, í ljósi þess að Christopher hefði svona voðaverk einu sinni, kæmi í veg fyrir að hann fremdi viðlíka verknað á ný. Christopher svaraði með upphafsorðum þessarar greinar: „Ég er ekki ofbeldishneigð mann-eskja.“

Dómariinn mæltist til þess að Christopher fengi sálfræðimeð-ferð, hann yrði vistaður með ung-um afbrotamönnum til 21 árs aldur, en þá settur í fangelsi fyrir fullorðna.

### Lokaorðin

„Þú ert ungur maður og ég finn virkilega til með þér. Ég vona að þú fái alla þá aðstoð sem þú þarft,“ sagði McDonald dómari við Christopher sem svaraði að bragði: „Þakka þér, herra dóm-ari.“ ■

**Með móður sinni** Diane Michele hafði ákveðnar skoðanir á vegferð Christophers.

## BÓKHALD



- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil



### 3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA  
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF  
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

# Helgarkrossgátan

	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510				knáa	flaumur			kógur	snasírnar
	→								10	
	til						flissa 50			
	kona kúga									
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	vesen	sólguð	storm	jökull fugl		dínámó	spræk			
spá-kaupmenn							5		mann	
rausnar-kerling						óskiptar	ummerki			
		líkamshluti	5 eins	6	enn		11			sól
lest							áverki ögna			
	↙			←				↘	ym	9
7		sagga tóft					eimyrja			
stafur				smyr	piða fanga			dýrahjóð áttund		
beiskan					mykja	→			↘	
2 eins			rifin níbba					snjöhula		
egnda					brella tjúlluð		meninu			kappnægar
		frökk rándýrið						vagga		
líkamshluti			fíjóthuga	hækkun	8	dampur ánægja				
	↳						1	brambolt	saumana	
draugur					veidarfærið kátínuna		3			
	glögga stakan							spriklar		
málmur			13	farvegurinn veislu				mánuður	4	tæmda
sprikl			næringu botnfall			fugli vefnaður				12
		ólípur kusk						hryllir 2 eins		
einsömul						fuglinn				
gróp				sáðland			2		samtök	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----

# Sudoku

## Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8			5	
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2			4
8							2	3
	2		4	6			8	
		3						1

## Erfið

3	6			2				1
				8				6
4					1			
			1	6	3			7
					2			1
		9						3
			2	5	6			
9					4			
1		5		3				

# Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð. Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)




Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Margrét Geirsdóttir**

Lausnarorðið var HANAGAL

**Margrét hlýtur að launum bókinu Barnið sem hrópaði í hljóði eftir Jónínu Leósdóttur**



Í verðlaun fyrir gátu helgarbladsins er bókin Heklugjá – leiðarvísir að eldinum

Rithöfundur gengur daglega yfir Skólavörðuholtið með hundinn sinn, á leið á Þjóðskjalasafnið þar sem hann les sér til um listamanninn og sérvitringsmanninn Karl Dunganon. Á safninu vinnur stúlka með eldrautt hár og sægræn augu sem vekur ekki minni áhuga en gömul skjöl – en það er mikið verk að kynna manninn.

Heklugjá – leiðarvísir að eldinum er ævintýrleg saga um leit að hamingjunni. Leikar berast yfir höf og lönd og aldir; úr djúpi sögunnar birtast sífellt nýjar persónur en í iðrum jarðar kraumar eilífur eldur sem brýst upp með látum. Óskulög hjtja eldri óskulög og undir öllu liggja fjársjóðir, sögur, skáldskapur og líf.

Ófeigur Sigurdsson hefur sent frá sér ljóðabækur og skáldsögur sem vakið hafa mikla athygli, meðal annars hlaut Skáldsaga um Jón ... Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins 2011 og metsólubókin Örafi hreppti Íslensku bókmenntaverðlaunin 2014.

**LI-ION**  
technology

# GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



*PON er umboðsaðili*

# **JUNGHEINRICH**



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Dísellyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

**Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!**

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | [pon.is](http://pon.is)

**PON**  
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

# Frægir Íslendingar á fermingardaginn

Fermingar eru framundan, en þær fyrstu verða 24. mars. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru einstaklingar sem verða 14 ára í ár um 4.300 talsins og því ljóst að mikill fjöldi mun fermast, þó að alltaf séu einhverjir sem kjósi að sleppa því. Þau okkar sem hafa fermst eiga minningar um fermingardaginn: góðar, slæmar, vandræðalegar, fyndnar og allt þar á milli. DV fékk nokkra þekktu einstaklinga til að rifja upp fermingardaginn og deila með lesendum mynd og minningu frá þessum merkisdegi.

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



**Eva Ruza, skemmtikraftur og gleðigjafi, 27. mars 1997**



„Ég klæddi mig á fermingardaginn og fannst ég mesta gella í heimi í fötum úr 17. Var orðin 180 sentimetrar á hæð en fór samt í skó sem bættu 10 sentimetrum við hæðina. Gekk út í daginn og fannst ég geggjuð. Í dag, hins vegar, átta ég mig á því að ég var aðeins að misskilja lífið og útlit mitt. Í kirkjunni sat besta vinkona mín á svölunum og geiðlaði sig og gretti allan tímann framan í mig, ég hristist og grét af hlátri aftast og mamma starði á mig með augum sem hefðu getað drepíð. Henni fannst ég ekkert sérstaklega þroskað fermingarbarn. Fermingarmyndin mín er skólabókardæmi um að það er von fyrir alla.“

**Hafdís Björg Kristjánsdóttir, einkabjálfi hjá World Class, 12. apríl 2001**

„Ég fermdist með frænku minni og frænda. Ég man hvað mér fannst ég svo fullorðin og fullfær um að taka mínar ákvarðanir þar sem ég væri nú að fermast, hélt svo mikið að allt myndi breytast, en allt var eins daginn eftir og ég ekkert vitrari. Ég eignaðist minn fyrsta hest og var það versti hestur sem nokkur maður gæti hugsað sér, man í eitt skipti þegar mamma ætlaði að prófa hann, því foreldrar mínir héldu að ég væri bara svona óörugg með hann og kynni ekki almennilega á hestinn. En mamma stökk á bak og hann kastaði henni af sér og rifbeinsbrotnaði hún við fallið. Eftir það vorum við fljótar að skipta honum út fyrir einn gamlan og góðan reiðhest.“



**Pétur Örn Guðmundsson tónlistarmaður, 31. mars 1985**



„Ég fór aldrei í fermingarmyndatöku því mér fannst það svo lummó. En eins og alvöru fermingarbarn gat ég ekki beðið með að taka upp gjafirnar og þá sér í lagi eina. Ég átti von á því nefnilega að

fá Sinclair Spectrum-tölvu sem var aðalmálið á þessum tíma. Ósk mín rættist og síðan hefur ekki slöknað á tölvunum hjá mér.“

**Valdimar Víðisson, skólastjóri og formaður fjölskylduráðs í Hafnarfirði, 3. maí 1992**

„Eftirminnilegur dagur í alla staði. Sérstaklega áhugavert að enginn fugl hafi séð sér tækifæri í því að búa til hreiður í þessum fallega rauða makka sem var á hausnum á mér.“



**Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður, 1983**

„Ég man að mér þótti þetta hátíðlegt allt saman og nokkuð skemmtilegt. Ég fór svo í bíó um kvöldið.“



**Karl Olgeirsson tónlistarmaður, 31. mars 1986**

„Þvílíkur tími til að fermast. Ég fór á hárgreiðslustofu í blástur fyrir athöfnina! Mánuði seinna gerðu Pálmí, Helga og Eiki Hauks slíkt hið sama og stigu svo á svið í Bergen með fyrsta framlag okkar í Eurovision.“



**Aron Leví Beck, strjórnmálamaður, 13. apríl 2003**

„Ég þurfti að fara úr eigin fermingarveislu (með fermingarpeningana í jakkafatavasanum) til þess að taka á móti verðlaunum „besti markvörðurinn“ á íshökkímóti sem hét Björninn Cup. Þar kepptu bæði íslensk og erlend lið, ég var yngstur á mótinu og því afar ánægður með árangurinn.“



**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM  
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPORP  
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLFI Á ÍSLANDI,  
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**



Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



## Benedikt og Charlotte að skilja

**L**eikarahjónin glæsilegu, Benedikt Erlingsson og Charlotte Böving, hafa skilið að skiptum. Þarið hefur verið saman í áratugi og eignaðist tvíbura-dætur árið 2008. Benedikt hefur átt mikilli velgengi að fagna sem leikstjóri undanfarin misseri en nýjasta mynd hans, Kona fer í stríð, moka inn verðlaunum á kvikmyndahátíðum um allan heim. Þá var nýlega tilkynnt að myndin yrði endurgerð í

Hollywood og mun Jodie Foster feta í fótspor Halldóru Geirharðsdóttur í aðalhlutverkinu.

Benedikt og Charlotte hafa unnið saman að mörgum verkefnum í gegnum árin en þeirra þekktasta verk er eflaust Hross í oss. Benedikt leikstýrði og Charlotte fór með aðalhlutverkið en myndin hlaut afar góðar viðtökur.

## Auðkýfingurinn Ingólfur giftir sig og þinglýsir kaupmála

**Á**dögnum gengu ferðapjónusturfrumkvöðullinn Ingólfur Abraham Shahin og unnusta hans, Jing Yang, í það heilaga. Í vikunni var síðan tilkynnt í Lögbirtingablaðinu að parið hefði þinglýst kaupmála sín á milli. Það þarf ekki að koma á óvart í ljósi auðæfanna sem Ingólfur hefur aflað undanfarin ár í gegnum fyrirtæki sitt, Guide to Iceland.

Ingólfur á 55,3% hlut í félaginu í gegnum eignarhaldsfélag sitt, Djengis ehf. Guide to Iceland hagnaðist um 676 milljónir króna árið 2007 og greiddi

út 600 milljóna króna arð til hluthafasinna. Spennandi verður að sjá hver rekstrarniðurstaða ársins 2018 verður en væntingarnar eru miklar. Þá vakti athygli að Ingólfur fjárfesti í hinu umtalaða glæsihýsi við Fjölnisveg 11 í hjarta borgarinnar þar sem hann og Jing mun verða framtíðarheimili þeirra og tveggja sona þeirra.

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsinu undanfarið, en á meðan hafa þau búið í öðrum fasteignum sem þau eiga.



## Gísli safnar fyrir Krabbameinsfélagið – Vinnufélagar ráða mottunni

**G**ísli Álfgeirsson hefur í 18 mánuði safnað hári til hárkollugerðar fyrir börn með krabbamein. Ástæða söfnunarinnar er persónuleg, en eiginkona Gísla, Olga Steinunn hefur barist við krabbamein undanfarið sex ár. Samhliða hárinu hefur Gísli safnað skeggi og ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og taka líka þátt í Mottumars. Stefnir hann á að safna einni milljón til styrktar Krabbameinsfélaginu og fær hæstbjóðandi að ákveða hvernig mottu hann mun bera út mánuðinn.

Seinni partinn í gær, fimmtudaginn 14. mars, höfðu safnast 590 þúsund krónur og var hæsta boð frá vinnufélögum Gísla á Lagna- og loftræsti sviði Mannvits með 142 þúsund krónur.

Í dag, föstudaginn 15. mars klukkan 8.00 mun Nonni Quest raka hárið af Gísla og skilja eftir mottu í beinni útsendingu á K100.



Hjónin Gísli og Olga





Nonni Quest



Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)  
Sauna- og gistitunnur

**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# Sagan á bak við Tjilla með þér

**G**uðný María Arnþórsdóttir heldur áfram að slá í gegn og nýverið sendi hún frá sér lagið Tjilla með þér. Hún skaust upp á íslenskan stjórnuhimin með laginu Okkar okkar páska. Guðný var 63 ára þegar hún ákvað að láta draum sinn rætast og semja lög og gefa þau út.

Um tilurð Tjilla með þér segir Guðný María: „Mig langaði að gera jákvæð lög um kynin. Karlmennt hafa oft hjálpað mér og verið mér góðir vinir og eftir að lagið birtist mér,

þá hugsaði ég um texta. Og þessi saga varð til. Í raun sönn saga en elsti bróðir minn sendi mig eitt sinn í námshring í kommúnistafræðum. Ég var þá nýkomin heim til Akureyrar frá London í hátískuklæðnaði frá Oxford Street. Ég líktist því ekkert mussufólkinu sem ég hitti á Akureyri í þessum námshring, enda ekki með mikinn áhuga á pólitík.“

Þar kynntist Guðný spennandi manni og ræddu þau fræðin og hittust síðan reglulega á Kaffistofu KEA.

„Ég taldi mér trú um að við værum pólitískir félagar, en í raun var ég rosalega skotin. Ég verð annars sjaldan skotin og átta mig oft ekki á því strax. Ég hef einnig reynt að stjórna þessu, kynnst mönnum sem væri hagstætt að elska. Þá hef ég sest niður og horft djúpt í augu þeirra, ákveðin í að verða skotin. En ekkert gerist! Svo getur næsti gaur stolið hjarta mín á einu augnabliki, það er ekki hægt að stjórna því.“

Guðný sendi nýlega frá sér myndband við nýjasta smell-

inn. Mótleikari hennar þar var vinur hennar úr næstu götu.

„Ég er ekki skotin í neinum núna, svo ég viti,“ segir Guðný glettin og bætir við að næst sé á dagskrá að semja lag sem mun heita AKUREYRAR-BEIB.

Hugmyndin kviknaði þegar Guðný var að troða þar upp í unglingsamkvæmi á Akureyri. „Þá fór að snjóa, bærinn varð fullur af snjó, þessi falletti bær,“ bætir Guðný við en nýja lagið er rapplag sem mun án efa vekja athygli og gleði líkt og hin lög þessarar vinsælu söngkonu. ■



## Lítt þekkt ættartengsl Blaðamaðurinn og lögmaðurinn

**Ó**hætt er að segja að mál sem Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður sá um fyrir Mannréttindadómstól Evrópu hafi verið sem sprengja inn í íslensk stjórn-mál. Var Sigríður Andersen dómsmálaráðherra fundin sek um að hafa brotið gegn landslögum með skipun dómara í Landsrétt og þurfti hún að segja af sér í kjölfarið. Vilhjálmur hefur verið áberandi í þjóðfélagssumræðunni og talinn til stjórnlögreglufræðinga.

Yngri bróðir Vilhjálms er Ingi Freyr Vilhjálmsson, hinn skeleggi blaðamaður hjá Stundinni. Ingi var áður blaðamaður hjá DV og Fréttablaðinu. Ingi hefur verið búsettur í Svíþjóð síðan árið 2013 og skrifar þaðan.



## Áshildur með eggja-bónda upp á arminn

**Á**shildur Bragadóttir, fjármálastjóri Sahara auglýsingastofu, og Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Brúneggja, eru á meðal glæsilegustu para landsins.

Þarið opinberaði samband sitt á samfélagsmiðlum nýlega og geislar af hamingju að sögn kunnugra.



Stillanlegt rúm, Ambassador\*  
Verð frá:  
**577.400.-**

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort  
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / 5687733 / epalis



Nordic Seamless\*  
Verð frá:  
**353.600.-**

### Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
  - 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
  - Skandinavísk hönnun.
  - Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
  - Áratuga reynsla.
  - Gæði, ábyrgð og öryggi.
  - Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
  - Yfirdýnur í úrvali.
  - Stuttur afhendingartími,
  - ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental\*  
Verð frá:  
**420.600.-**

\* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.